

Ása Kristín Óskarsdóttir

Skyldur og refsíbyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum

-Lokaverkefni til ML gráðu í lögfræði-



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

Leiðbeinandi: Sigurður Ragnar Arnalds
Lagadeild Háskólans á Bifröst
Vormisseri 2011

Ágrip

Hlutfélagalög nr. 2/1995 kveða á um margvíslegar skyldur stjórnarmanna varðandi setu þeirra í stjórn félaga. Meginmarkmið þessarar ritgerðar var að fjalla um þessar lagaskyldur stjórnarmanna með sérstaka áherslu á þá refsíabyrgð sem stjórnarmenn þurfa að axla séu þær lagaskyldur ekki uppfylltar. Refsíákvæði hlutfélagalaga tiltaka nokkuð ítarlega hvaða skyldur er refsivert að vanrækja. Því til viðbótar eru skoðuð refsíákvæði ýmissa laga sem stjórnarmenn í hlutfélögum þurfa að þekkja og vita að refsivert er að vanrækja í rekstrinum. Til dæmis má sjá af dómum að brot á lögum um virðisaukaskatt eru oft á tíðum álitin brot á eftirlitsskyldu stjórnarmanna skv. 68. gr. hfl. auk þess sem stórfelld brot teljast einnig brot gegn almennum hegningarlögum. Breytingar laga er tengjast félagarekstri undanfarin þrjú ár bera þess merki að vilji löggjafans stendur til þess að hafa lagaumhverfi þannig hátt að það stuðli að eðlilegum og heilbrigðum viðskiptaháttum. Dómaframkvæmd sýnir einnig að stjórnarmenn geta ekki gripið til afsakana til að losna undan refsíabyrgð. Stjórnarmenn eru refsíabyrgir vegna brota í starfsemi lögaðilans vegna stöðu sinnar sem stjórnarmenn alveg óháð því hvernig stjórnarseta þeirra er tilkomin.

Formáli

Lokaverkefni þetta er til ML gráðu í lögfræði og er á sviði félagaréttar og refsiréttar og ber titilinn: Skyldur og refsíabyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum.

Við skrif ritgerðarinnar hefur höfundur fylgt reglum Háskólans á Bifröst. Áhersla hefur verið lögð á vönduð vinnubrögð bæði hvað varðar ritun texta og meðferð heimilda. Þegar vísað er í verk annarra höfunda er vísað skilmerkilega til höfunda þeirra.

Leiðbeinandi með verkinu var Sigurður Ragnar Arnalds dósent við lagadeild Háskólans á Bifröst. Kann ég honum mínar bestu þakkir fyrir góða hjálp, hvatningu og gagnlegar ábendingar.

Bifröst 20. apríl 2011
Ása Kristín Óskarsdóttir

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	1
2. ALMENNT UM HLUTAFÉLÖG OG EINKAHLUTAFÉLÖG	3
2.1 STJÓRNUN HLUTAFÉLAGA.....	5
2.2 HLUTHAFAFUNDUR.....	6
2.3 FÉLAGSSTJÓRN.....	6
2.4 FRAMKVÆMDASTJÓRI.....	7
3. FÉLAGSSTJÓRN OG STJÓRNARMENN	9
3.1 HLUTVERK STJÓRNAR HLUTAFÉLAGS	12
3.1.1 Skyldur stjórnarmanna vegna hlutabréfa.....	12
3.1.2 Hlutverk og skyldur stjórnar skv. 68. gr. laga um hlutafélög.....	14
3.1.3 Stjórnarmenn í fjölskyldufyrirtækjum.....	20
3.1.4 Starfhæf stjórn.....	23
3.1.5 Skyldur stjórnar ógjaldfærs félags.....	24
3.1.6 Aðrar skyldur stjórnar	26
3.1.7 Verkefni sem hluthafafundur felur stjórn sérstaklega.....	29
3.1.8 Auknar lagaskyldur stjórnar samkvæmt samþykktum félags	30
3.2 HÆFI STJÓRNARMANNA	31
3.3 SÉRREGLUR UM HÆFI STJÓRNARMANNA Í FJÁRMÁLAFYRIRTÆKJUM	35
3.4 STJÓRNARFUNDIR	38
3.5 HLUTVERK STJÓRNAR Á HLUTHAFAFUNDUM	39
3.6 HLUTVERK EINSTAKRA STJÓRNARMANNA	42
3.7 UMBOÐ STJÓRNARMANNA	45
3.7.1 Umboð varamanna	47
4. REFSIÁBYRGÐ STJÓRNARMANNA	49
4.1 REFSIÁBYRGÐ LÖGAÐILA.....	52
5. EFNAHAGSBROT	57
5.1 EFNAHAGSBROTADEILD RÍKISLÖGREGLUSTJÓRA.....	61
5.2 SÉRSTAKUR SAKSÓKNARI.....	61
5.3 SAMEINING EMBÆTTA.....	62
6. REFSIÁBYRGÐ VEGNA EFNAHAGSBROTA Í STARFSEMI LÖGAÐILA	63
6.1 REFSIÁKVÆÐI XVII. KAFLA LAGA NR. 2/1995 UM HLUTAFÉLÖG	63
6.2 REFSIÁKVÆÐI LAGA NR. 90/2003 UM TEKJUSKATT	66
6.3 REFSIÁKVÆÐI LAGA NR. 50/1988 UM VIRÐISAUKASKATT	67
6.4 REFSIÁKVÆÐI LAGA NR. 3/ 2006 UM ÁRSREIKNINGA	69
6.5 REFSIÁKVÆÐI LAGA NR. 145/1994 UM BÓKHALD	72
6.6 REFSIÁKVÆÐI Í LÖGUM UM STAÐGREIÐSLU OPINBERRA GJALDA NR. 45/1987	74
6.7 REFSIÁKVÆÐI Í SAMKEPPNISLÖGUM NR. 44/2005.....	75
6.8 ÁKVÆÐI Í ALMENNUM HEGNINGARLÖGUM NR. 19/1940	76
7. NIÐURSTÖÐUR	78
8. LOKAORD	83
9. HEIMILDASKRÁ:	84
9.1 LAGASKRÁ	87
9.2 REGLUGERÐIR.....	88
9.3 DÓMASKRÁ.....	88
VIÐAUKAR	90
VIÐAUKI I	91



1. Inngangur

Ritgerðinni er ætlað að vera ítarleg samantekt á skyldum stjórnarmanna samkvæmt hlutafélagalögum ásamt því sem varpað verður ljósi á refsíabyrgð stjórnarmanna þegar þeir sinna ekki þeim skyldum sem á þeim hvíla. Er það gert með því að skoða skyldur þeirra samkvæmt hlutafélagalögum ásamt því að skoða dómaframkvæmd. Markmiðið er að ritgerðin geti haft hagnýtt gildi fyrir þá sem taka að sér stjórnarsetu og veiti góða yfirsýn yfir skyldur stjórnarmanna og til að leggja áherslu á að stjórnarseta er ábyrgðarstarf sem getur leitt til persónulegrar refsíabyrgðar ef farið er út af sporinu í rekstrinum.

Fjallað verður almennt um hlutafélög og hvernig löggin setja fram stjórnskipun í hlutafélögum auk þess sem komið verður lauslega inná hlutverk hvernar stjórnareiningar innan hlutafélaga. Hlutafélög gegna miklu hlutverki í þjóðfélaginu og innan hlutafélaganna hafa stjórnarmenn mikilvægu hlutverki að gegna sem fylgir einnig mikil ábyrgð. Löggjafinn hefur afmarkað hlutverk stjórnarmanna á skýran hátt í hlutafélagalögum sem og öðrum lögum, hér verður aðallega fjallað um hlutafélaglögin.

Ýmsar lagareglur og skilyrði eru fyrir því að hlutafélag verði stofnað s.s. um búsetuskilyrði stofnenda en umfjöllun um það fellur utan viðfangsefnis ritgerðarinnar. Megin viðfangsefnið er að taka saman þær skyldur sem á herðum stjórnarmanna hvíla samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga nr. 2/1995 (hfl.) og einkahlutafélagalaga nr. 138/1994 (ehfl.) sem og aðrar skyldur sem þeir hafa bæði samkvæmt öðrum lögum og samkvæmt öðrum leiðbeiningarreglum sem gerðar hafa verið fyrir stjórnarmenn sbr. ritið Stjórnarhættir fyrirtækja sem gefið er út af Viðskiptaráði Íslands, Samtökum atvinnulífsins og Nasdaq OMX Íslandi. Verða aðallega skoðaðar skyldur og hæfi stjórnarmanna í hefðbundnum hlutafélögum en þó verða skoðaðar sérreglur er varða hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum. Reglur er varða skyldur og hæfi stjórnarmanna í váttryggingafyrirtækjum og lífeyrissjóðum verða undanskyldar í umfjölluninni sem og sérreglur um félög með skráð hlutabréf eða skuldabréf á skipulegum verðbréfamarkaði sem þurfa að uppfylla viðbótarskilyrði.

Rakið verður ítarlega hvaða skyldur stjórnarmenn hafa og í hvaða tilfellum það getur leitt til refsíabyrgðar þegar stjórnarmenn sinna ekki lagaskyldum sínum. Stjórnarmenn geta með stjórnarathöfnum sínum orðið skaðabótaskyldir gagnvart þriðja aðila en í ritgerðinni er einvörðungu refsíabyrgð þeirra til skoðunar þ.e. í hvaða tilfellum hægt er að



dæma stjórnarmenn til refsingar. Gerð verður úttekt á dómaframkvæmd og verður sú umfjöllun samtvinnuð við umfjöllun um skyldur þeirra og verður þá umfjöllun um dóma í beinu samhengi við þau lagaákvæði sem eru til umfjöllunar hverju sinni. Verður áhersla lögð á að dómareifanir séu hnitmiðaðar með áherslum á þá málavexti sem skipta máli varðandi það sem fjallað er um til að koma í veg fyrir að ritgerðin verði úr hófi fram löng vegna dómanna, þar sem ætlunin er að ná fram góðri mynd af dómaframkvæmd sem krefst þess að margir dómar séu teknir til skoðunar. Ætti með því að fást skýrari mynd af bæði skyldum þeirra og þeim afleiðingum sem það kann að hafa að uppfylla þær ekki. Í því samhengi verður umfjöllun um skilyrði refsíabyrgðar samkvæmt refsirétti þar sem ýmis sérrefsilög er varða starfsemi hlutafélaga eru skoðuð og refsíákvæði og refsingar tilgreindar. Vegna afmörkunar verður sleppt umfjöllun um málsmeðferðarreglur, kæruleiðir, rannsóknaraðila o.þ.h. Einnig verður skoðað hvaða afleiðingar það hefur fyrir stjórnarmenn persónulega ef þeir fara út fyrir þær heimildir sem þeir hafa samkvæmt hlutafélagalögum, en verði stjórnarmanni gerð refsing fyrir brot á hlutafélagalögum og/eða hegningarlögum í tengslum við atvinnustarfsemi getur það haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir framtíðaratvinnumöguleika viðkomandi stjórnarmanns skv. lagaákvæðum þar að lútandi.

Í ritgerðinni verður talað um hlutafélög og er þá átt við bæði hlutafélög og einkahlutafélög nema þegar tilefni er til að annað sé sérstaklega tekið fram. Lagatilvísanir verða miðaðar við hfl. en vísað verður til ehfl. í þeim tilvikum sem ástæða er til.



2. Almennt um hlutafélög og einkahlutafélög

Um hlutafélög gilda lög nr. 2/1995 og um einkahlutafélög gilda lög nr. 138/1994. Núgildandi hlutafélagalög eru byggð á eldri hlutafélagalögum nr. 32/1978. Fram kom í greinargerð með frumvarpi til laganna að frumvarpið væri byggt að talsverðu leyti á dönsku hlutafélagalögnum nr. 370/1973. Fyrir þann tíma höfðu verið gerðar tilraunir til að setja samnorræn hlutafélagalög en það ekki tekist að öllu leyti.¹ Endurskoðun íslensku hlutafélagalaganna sem leiddi til setningu núgildandi laga nr. 2/1995 var þáttur í aðlögun Íslands að ákvæðum EES-samningsins um félagarétt sem grundvallast af Evrópusambandsréttinum. Var áfram stuðs við dönsku löggjöfina sem þá hafði breyst töluvert vegna inngöngu Danmerkur í Evrópubandalagið (nú Evrópusambandið).² Núgildandi dönsku hlutafélagalögin nr. 470/2009³ voru sett í maí 2009 og var þar verið að sameina í einn lagabálk lög um hlutafélög (d. aktieselskaber) og lög um einkahlutafélög (d. anparsselskaber). Var markmiðið að færa lögin nær samtímanum og einfalda þau. Í lögnum voru þó ekki gerðar neinar efnislegar breytingar á þeim skyldum sem lagðar eru á stjórnarmenn. Aukinn sveigjanleiki einkennir breytingarnar. Helst má nefna að í lögnum er gefinn kostur á þrenns konar stjórnskipulagi. Í fyrsta lagi stjórnskipan sem samanstendur af félagsstjórn, sem hefði umsjón með veigameiri ákvörðunum og svo framkvæmdastjórn sem sér um daglegan rekstur, sem var hefðbundið stjórnarform í fyrri lögum. Í öðru lagi stjórnskipan sem samanstendur af eftirlitsstjórn og framkvæmdastjórn sem sæi um daglegan rekstur, en eftirlitsstjórnin sæi um að framkvæmdastjórnin starfi í samræmi við lög og reglur. Í þriðja lagi geta einkahlutafélög haft eingöngu framkvæmdastjórn, en slíkt var einnig heimilt í fyrri lögum. Auk þess var slakað á ýmsum „óþörfum“ kröfum sem voru tilkomnar vegna of ítarlegra reglna sem settar voru við innleiðingu ESB-tilskipana. Breytingin leiðir til þess að ákvarðanataka verður minna formleg auk þess sem slakað var á kröfum um formlega málsmeðferð s.s. í tengslum við greiðslu hlutafjár, samruna ofl. Markmiðið með nýju lögnum var að auka gegnsæi í dönskum hlutafélögum s.s. með því að skráð sé opinberlega hvaða hluthafar eigi 5% eða stærri hlut eða atkvæðisrétt í félaginu sem er nýlunda. Auk þess voru skráningarfrestrir

¹ Alþt. Frumvarp til laga um hlutafélög nr. 32/1978. 99. löggjafarþing 1977-1978. Þskj. 51– 49. mál. Sótt 3. apríl 2011 af: <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?tg=99&mnr=49>

² Alþt. Frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum. 118. löggjafarþing 1994. Þskj. 99 – 96. mál. Sótt 3. apríl 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/118/s/0099.html>

³ d. Lov om aktie- og anpartsselskaber (selskabsloven). Lögin má finna á slóðinni: <https://www.retsinformation.dk/Forms/R0710.aspx?id=125470>



styttir í tvær vikur til að tryggja að skráning gefi glögga mynd af félaginu s.s. varðandi stjórn, samþykktir o.fl.⁴ Töluverðar breytingar hafa einnig verið gerðar á íslensku hlutafélagalögunum undanfarin misseri en um þær verður fjallað í síðari köflum.

Samkvæmt íslenskum hlutafélagalögunum þurfa félagsmenn við stofnun hlutafélags að leggja fram fjórar milljónir sem stofnhlutafé í þágu tilgangs félagsins skv. 3. mgr. 1. gr. hfl.⁵ Hlutafélög eru féлагаform þar sem félagsmenn bera enga persónulega ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins skv. 2. mgr. 1. gr. hfl. en slíkt form hvetur til þess að menn setji á stofn fyrirtæki. Hluthafi í hlutafélagi þarf ekki að hafa sérstaka þekkingu eða bera sérstakar skyldur, hans áhætta er einkum fólgin í því að eiga það á hættu að tapa því fé sem hann lagði til félagsins, en ekki er hægt að krefja hann um frekari ábyrgðir. Þannig er áhættunni af rekstrinum skipt á milli allra sem eiga hlut í félaginu.⁶ Eignir félagsins standa hins vegar til tryggingar á öllum skuldbindingum þess.⁷ Í lögunum er tiltekið hvernig fyrirkomulag skuli vera varðandi stofnun og stjórnun hlutafélaga. Lögin leggja til þær reglur sem ætlast er til að gildi um slík félög og hvernig innra skipulag varðandi stjórnun félagsins á að vera. Eins og kemur fram í greinargerð með frumvarpi sem varð að lögum um hlutafélög nr. 32/1978 sem núverandi lög byggja á þá hefur hlutafélagiformið stóru hlutverki að gegna í atvinnurekstri og eru lögin sett til að tryggja heilbrigðan rekstur þeirra annars vegar með hag hluthafa að leiðarljósi og hinsvegar vegna hagsmuna viðskiptaaðila félagsins. Lögunum var líka ætlað að stuðla að því að almenningur legði fé sitt í hlutafélög.⁸

Lögin um einkahlutafélög og lögin um hlutafélög eru að stórum hluta sambærileg en helst skilur á milli í þeim atriðum þar sem fjöldi hluthafa skiptir máli en í einkahlutafélagi getur t.d. verið einungis einn stofnandi og einn hluthafi sbr. 2. mgr. 1. gr. ehfl. og 1. mgr. 3. gr. ehfl. en lágmark tvo stofnendur og hluthafa þarf til að stofna hlutafélag sbr. 3. mgr. 1. gr. hfl. og 2. mgr. 3. gr. hfl.

Hlutafélagiformið er oft notað þegar búist er við að hluthafar félagsins verði töluvert margir en einkahlutafélagiformið er frekar notað þegar fáir einstaklingar eða jafnvel einn aðili ætlar að standa að félaginu. Vegna þess að hlutafélög eru féлагаform ætluð atvinnurekstri þar sem margir aðilar geta komið að þá eru í mörgum atriðum gerð

⁴ Reib, M. og Bramm, M. (2010). Bls. 1-5.

⁵ Stofnhlutafé í einkahlutafélagi getur verið töluvert lægra eða að lágmarki 500 þúsund krónur skv. 2. mgr. 1. gr. ehfl.

⁶ Stefán Már Stefánsson. (2003.) Bls. 2-3.

⁷ Stefán Már Stefánsson. (2003.) Bls. 67.

⁸ Alþt. Frumvarp til laga um hlutafélög nr. 32/1978. 99. löggjafarþing 1977-1978. Þskj. 51- 49. mál. Sótt 12. janúar 2011 af: <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=99&mnr=49>



strangari kröfur til hlutafélaga ekki síst ef félög ætla að vera skráð á skipulögðum verðbréfamarkaði.⁹ Fleiri atriði skilja á milli en sem dæmi má nefna að stofnfé hlutafélags sem eins og áður sagði er að lágmarki fjórar milljónir króna þarf einungis að vera hálf milljón króna í einkahlutafélagi sbr. 2. mgr. 1. gr. ehfl. Fjöldi stjórnarmanna má vera að lágmarki einn í einkahlutafélagi séu hluthafar færri en fjórir sbr. 1. mgr. 39. gr. ehfl.¹⁰ en í hlutafélagi þurfa að vera að lágmarki þrír sbr. 1. mgr. 63. gr. hfl. Í hlutafélagi er skylda að ráða a.m.k. einn framkvæmdastjóra sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl. en í einkahlutafélagi er ekki nauðsynlegt að ráða framkvæmdastjóra þó það sé heimilt sbr. 1. mgr. 41. gr. ehfl.

2.1 Stjórnun hlutafélaga

Hlutafélagalögin kveða á um að stjórnkerfi hlutafélags skuli samanstanda af a.m.k. þremur stjórnareiningum þ.e. hluthafafundi, stjórn og framkvæmdastjóra skv. 63. gr., 65. gr. og 80. gr. hfl. Valfrjálst er að skipa fulltrúanefnd skv. 73. gr. hfl. sem væri þá fjórða stjórnareiningin. Í einkahlutafélögum getur eins og áður segir verið einungis einn stjórnarmaður séu hluthafar fjórir eða færri skv. 1. mgr. 39. gr. ehfl. auk þess sem ekki er skylda að ráða framkvæmdastjóra skv. 1. mgr. 41. gr. ehfl. og ekki er gert ráð fyrir í lögum að fulltrúanefnd sé skipuð. Stjórnskipun einkahlutafélaga getur því verið mun einfaldari en stærri hlutafélaga. Auk þess þarf ekki að halda aðalfundi eða aðra hluthafafundi í einkahlutafélögum eins manns skv. 2. mgr. 55. gr. ehfl.¹¹ Hver áðurnefndra stjórnareininga hefur afmarkað valdsvið og verkaskipting þeirra á milli er tilgreind í hlutafélagalögum.¹² Hlutverkin geta skarast og stjórnareiningarnar geta haft það hlutverk að hafa eftirlit hvor með annarri. Félög geta sjálf sett ákvæði í félagssamþykktir um hvernig stjórnkerfi félagsins skuli starfa en þó innan þeirra marka sem hlutafélagalögin setja þeim. Stjórnkerfi félaga geta því verið á margan hátt ólík þó þau séu byggð á sömu lögum en stærð og eðli félags skiptir meginmáli um það hvernig stjórnkerfi hentar best fyrir félagið.¹³

Verður nú fjallað í stórum dráttum um hlutverk og skyldur hvernar stjórnareiningar fyrir sig samkvæmt íslenskum lögum og þar á meðal stuttlega fjallað um félagsstjórnina og hlutverk hennar. Megináhersla ritgerðarinnar er á skyldur og ábyrgð stjórnarmanna og

⁹ Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. (2010, mars). *Stofnun félaga*. Sótt 15. janúar 2011 af: <http://www.efnahagsraduneyti.is/malaflokkar/felagarettur/uppl/nr/3113>

¹⁰ Séu hluthafar fimm eða fleiri skulu stjórnarmenn vera a.m.k. þrír skv. sama ákvæði.

¹¹ Þar kemur hluthafi í stað hluthafafundar, tekur sjálfur ákvarðanir fyrir hönd félagsins og skráir þær í gerðabók.

¹² Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 235.

¹³ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 236.



mun því ítarlegri umfjöllun um félagsstjórn vera að finna í þeim köflum sem fylgja á eftir umfjöllun um stjórnareiningarnar.

2.2 Hluthafafundur

Hluthafafundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins skv. 1. mgr. 80. gr. hfl. Á hluthafafund mæta hluthafar og hafa m.a. atkvæðisrétt um flest öll málefni félagsins skv. 82. gr. hfl., svo fremi sem lög kveða ekki á um að önnur stjórnareining skuli hafa ákvörðunarvald um tiltekið atriði.¹⁴ Hluthafar hafa ennfremur rétt til að taka til máls á fundinum skv. 3. mgr. 80. gr. hfl. Þeir hafa einnig rétt til að krefjast upplýsinga skv. 91. gr. hfl. og hafa tillögurétt skv. 86. gr. hfl. Stjórnarmenn og framkvæmdastjóri mæta einnig á hluthafafund þar sem þeim er skylt að veita hluthöfum upplýsingar um málefni félagsins sbr. 1. mgr. 91. gr. hfl. en þeir hafa ekki atkvæðisrétt nema þeir séu einnig sjálfir hluthafar. Hluthafafundur tekur ákvarðanir m.a. varðandi stjórn félagsins skv. 2. mgr. 63. gr. hfl. og getur sett fram ályktanir um málefni félagsins sem félagsstjórn verður að fylgja. Hluthafafundur getur einnig krafist hvers konar upplýsinga um málefni félagsins frá félagsstjórninni sem er skyldug til að veita þær. Einnig getur hluthafafundur veitt stjórn ákveðnar valdheimildir s.s. að ákveða um hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa. Hann getur einnig ákveðið að farið skuli í tilteknar eftirlitsaðgerðir en alla jafna hefur hluthafafundur eftirlit með störfum stjórnar og framkvæmdastjóra. Frávik frá því að hluthafafund þurfi að boða er ef um einkahlutafélag eins manns er að ræða.¹⁵

2.3 Félagsstjórn

Félagsstjórn er kosin af hluthafafundi og skulu a.m.k. þrír menn skipa stjórnina skv. 1. og 2. mgr. 63. gr. hfl.¹⁶ Ekki er lagaskylda að kjósa varamenn í stjórn en sé það gert þá gilda sömu ákvæði um þá eins og aðra stjórnarmenn sbr. 9. mgr. 63. gr. hfl.¹⁷ Varamaður ber því sömu ábyrgð og aðrir stjórnarmenn þegar hann er kallaður til stjórnarstarfa. Réttur varamanns til að sitja stjórnarfundi er einungis til staðar þegar um forföll stjórnarmanns er að ræða og varamaður hefur verið boðaður sérstaklega til fundarsetu. Af þessu má draga þá ályktun að ábyrgð varamanns í stjórn lúti einungis að þeim tíma sem hann tekur sæti í stjórn í stað

¹⁴ Má nefna sem dæmi 1. mgr. 101. gr. hfl. sem segir að stjórn ákveði fjárhæðina sem úthluta skuli sem arði. Hluthafafundur getur því ekki tekið slíka ákvörðun á hluthafafundi, slíkt væri andstætt lögum.

¹⁵ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 280-282.

¹⁶ Í einkahlutafélagi þar sem hluthafar eru fjórir eða færri má stjórn vera skipuð einum eða tveimur mönnum skv. 1. ml. 1. mgr. 39. gr. ehfl. Ef í samþykktum segir að stjórnvöld eða aðrir megi tilnefna menn í stjórn þá er það heimilt, hluthafafundur skal samt alltaf kjósa meirihluta stjórnarmanna.

¹⁷ Í einkahlutafélagi eins manns er þó skylda til að kjósa a.m.k. einn varamann skv. 1. mgr. 39. gr. ehfl.



annars stjórnarmanns. Varamaður hefur því ekki heimild til að koma fram fyrir hönd félagsins nema um forföll stjórnarmanns er að ræða. Má það sjá skýrt í **Hrd. 1998, bls. 1795** (mál nr.165/1998) frá 8. maí 1998:

Í málinu var ágreiningur um hvort heimilt hafi verið að boða varamann í stjórn til aðfarargerðar í félagi í stað þess að boða stjórnarmann. Varamaður var boðaður og mætti hann vegna fjárnámsbeiðnar þar sem hann lýsti því yfir að félagið ætti engar eignir. Var farið fram á gjaldþrotaskipti byggt á árangurslausu fjárnáminu. Í héraði var talið að varamaðurinn hefði haft næga vitneskju um eignir og fjárhag félagsins og boðun hans því fullnægjandi. Hins vegar taldi Hæstiréttur að varamaðurinn hefði ekki sýnt fram á forföll aðalmanns á þeim tíma sem tilkynning um aðfarargerðina barst eða þegar hún fór fram viku síðar. Varamaðurinn taldist því ekki hafa lögmeta heimild til að koma fram sem fyrirvarsmaður félagsins á umræddum tíma. Var kröfu um gjaldþrotabeiðni hafnað m.a. á þeim forsendum að ekki var reynt að ná í réttan fyrirvarsmann.

Af þessu má ráða að umboð varamanns nær einvörðungu til þess tíma þegar stjórnarmaður er forfallaður og varamaður hefur verið tekinn inn í stjórn í hans stað.

Hlutverk félagsstjórnar er að sjá um stjórn félagsins og skal hún sjá um að skipulag og starfsemi sé í lagi þar sem stjórnin ber ábyrgð á rekstrinum sbr. 68. gr. hfl. Stjórn sér um að ráða framkvæmdastjóra, sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl, sem fer með daglegan rekstur í umboði stjórnarinnar. Stjórnin gefur honum fyrirmæli og hefur eftirlit með honum sbr. 2. og 3. mgr. 68. gr. hfl. Ennfremur sér stjórnin um að móta stefnu félagsins og hefur eftirlit með starfsemi þess, ekki síst hvað varðar bókhald og meðferð fjármuna sbr. 3. mgr. 68. gr. hfl. Stjórnin tekur afstöðu í málum sem eru mikilvæg fyrir félagið og kemur fram út á við fyrir hönd þess skv. 1. mgr. 74. gr. hfl. Stjórn hefur einnig heimild til að veita prókúruumboð til t.d. einstakra stjórnarmanna, framkvæmdastjóra eða annarra skv. 68. gr. hfl. Stjórn boðar hluthafafundi og sér um að semja ársreikning félagsins ásamt framkvæmdastjóra. Stjórn ritar firma félagsins skv. 1. mgr. 74. gr. hfl. en í því felst heimild til að skuldbinda félagið með gerð samninga og annarra löggæringa þar sem nafnritun félagsins er nauðsynleg.¹⁸ Heimilt er að takmarka ritun firma á þann hátt að fleiri en einn stjórnarmaður þurfi að rita firma saman til að félagið sé skuldbundið. Slíkt þarf þá að koma fram í samþykktum félags og vera skráð á þann hátt í hlutafélagaskrá.

2.4 Framkvæmdastjóri

Framkvæmdastjóri er ráðinn af stjórn félagsins eins og áður segir. Hann fer með stjórn félagsins ásamt félagsstjórninni og kemur fram út á við fyrir félagið skv. 68. gr. hfl. Heimilt er í lögum skv. 65. gr. hfl. að ráða einn til þrjá framkvæmdastjóra, eigi þeir að vera fleiri

¹⁸ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 260-262.



þarf að kveða á um það í samþykktum félagsins. Hlutverk hans er að sjá um daglegan rekstur samkvæmt þeirri stefnu sem stjórn hefur mótað skv. 2. mgr. 68. gr. hfl. Framkvæmdastjóri getur jafnframt verið stjórnarmaður í félaginu en stjórnin má þó ekki að meirihluta vera skipuð framkvæmdastjórum skv. 2. mgr. 65. gr. hfl.¹⁹ Framkvæmdastjóri situr stjórnarfundi og á þar umræðu og tillögurétt. Framkvæmdastjóri hefur það meginverkefni að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna. Hann sér einnig um að bókhald félagsins sé fært samkvæmt lögum og viðurkenndum bókhaldsvenjum. Framkvæmdastjóri má þó ekki gera neinar óvenjulegar eða mikilsháttar ráðstafanir sem falla undir verksvið stjórnarinnar nema stjórn hafi veitt sérstaka heimild til þess.²⁰ Algengt er í félögum að menn beri titilinn framkvæmdastjóri, s.s. yfir tiltekinni deild eða sviði, án þess að teljast framkvæmdastjóri í skilningi hlutafélagalaga en slíkur framkvæmdastjóri er ávallt ráðinn af stjórn félagsins og hefur víðtækari heimildir og umboð en millistjórnandi sem ber titilinn framkvæmdastjóri.

Af því sem stuttlega hefur verið rakið hér að framan um stjórnkerfi hlutafélaga má sjá að æðsta stjórn er í höndum hluthafafundar sem kýs menn til að sitja í félagsstjórn sem lýtur valdi hluthafafundar. Stjórn ræður framkvæmdastjóra sem aftur sér um daglegan rekstur samkvæmt þeirri stefnu sem stjórn hefur markað. Af því leiðir að stjórn hefur einnig heimild til að segja framkvæmdastjóra upp störfum. Hluthafafundur hefur eftirlit með stjórn sem aftur hefur eftirlit með framkvæmdastjóra. Þetta stjórnkerfi býr því til regluverk sem, ef því er fylgt út í æsar, ætti að gæta hagsmuna hluthafanna og tryggja að engir aðrir hagsmunir en félagsins í heild séu í fyrirrúmi þegar ákvarðanir eru teknar um málefni félagsins.

¹⁹ Í einkahlutafélagi þar sem einungis einn maður er í stjórn þá má hann jafnframt vera framkvæmdastjóri.

²⁰ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 271-275.



3. Félagsstjórn og stjórnarmenn

Eðli málsins samkvæmt þarfnast lögaðili, á borð við hlutafélag, einstaklinga til að koma fram fyrir hönd þess þar sem lögpersóna getur ekki tekið neinar ákvarðanir án mannglegrar aðkomu og þess vegna þarfnast hlutafélag stjórnar. Það er ekki óeðlilegt að líta á stjórn sem lið þar sem eru samankomnir einstaklingar sem búa yfir mismunandi færni og reynslu og bakgrunn sem hittast við stjórnarstörf til að takast á við flókin mál félagsins.

Hlutverk stjórnar er mjög mikilvægt og hefur löggjafinn afmarkað hlutverk stjórnarmanna og sett skýrar reglur um þeirra hlutverk og skyldur. Hlutafélagalögin kveða m.a. á um þá skyldu að a.m.k. þrír stjórnarmenn skuli mynda félagsstjórnina sem er ein af stjórnareiningum hlutafélaga, sbr. 63. gr. hfl. Hluthafafundur kýs alla stjórnarmenn eða a.m.k. meirihluta stjórnar ef samþykktir kveða á um að aðrir aðilar hafi heimild til að skipa menn í stjórn. Breyting var gerð á 63. gr. hfl. með 2. gr. laga nr. 13/2010, frá 8. mars 2010, þannig að nú er þeim félögum sem hafa 25 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli skylt að tilkynna til hlutafélagaskrár um kynjahlutföll meðal starfsmanna og stjórnenda félagsins. Ennfremur kemur fram í 2-4. ml. 2. gr. laga nr. 13/2010 að í félögum sem hafa 50 starfsmenn að jafnaði á ársgrundvelli og stjórn samanstendur af þremur mönnum þá skuli stjórnarmenn vera af báðum kynjum. Séu stjórnarmenn fleiri skal hvort kyn aldrei hafa lægra kynjahlutfall en 40% og á það líka við um varamenn. Þessi breyting hefur nú þegar tekið gildi gagnvart opinberum hlutafélögum en gagnvart hlutafélögum og einkahlutafélögum, sbr. 8. gr. sömu laga, þá tekur lagabreytingin gildi 1. september 2013.

Rannsókn var gerð á því hvort íslensk fyrirtæki sem hafa bæði kynin í stjórn væru líklegri til að skila meiri arðsemi en fyrirtæki með einsleitar stjórnir. Voru niðurstöðurnar þær að jákvætt marktækt samband væri milli þess að hafa stjórn með báðum kynjum og við arðsemi eigin fjár.²¹

Skipunartími stjórnarmanna, hvort sem þeir eru tilefndir eða kosnir á hluthafafundi, á að ljúka í síðasta lagi í lok aðalfundar fjórum árum eftir kjörið skv. 8. mgr. 63. gr. hfl. Í samþykktum má ákveða aðra tímalengd en þó ekki lengri. Er þetta ákvæði sett með það í huga að eðlileg endurnýjun verði í stjórnnum félaga.²² Þó er algengt að stjórn sé endurkjörin að hluta eða í heild. Stjórnarmaður getur þó ávallt sagt sig úr stjórn óski hann þess skv. 1. mgr. 64. gr. hfl. Einnig kemur fram í 3. ml. sömu greinar að sá sem tilnefnt hefur

²¹ Margrét Sæmundsdóttir. (2009). Bls. 20.

²² Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 244.



stjórnarmann getur einnig vikið honum frá störfum. Ef ósætti er ástæða afsagnar stjórnarmanns ætti hann að upplýsa það í skriflegri yfirlýsingu til stjórnar.²³ Félag getur þó aldrei verið stjórnlaust þannig að enginn sé formlega ábyrgur fyrir félaginu skv. 3. mgr. 64. gr. hfl. Þar segir að ef félag verður án stjórnar þá teljast þeir sem síðast sátu í stjórn vera formlega í fyrirsvari fyrir félagið þangað til ný stjórn hefur tekið við.

Hlutverk og skyldur stjórnar samkvæmt hlutafélagalögum má segja að séu lágmarksreglur sem hlutafélög þurfa að fylgja til að vera starfhæft sem lögaðili.²⁴ Lögin fjalla ekki á tæmandi hátt um allt sem lítur að stjórnun og rekstri félaga enda væri slíkt ómögulegt þar sem félög geta verið mjög ólík s.s. eftir eðli starfsemi og stærðar félagsins. Mjög mikilvægt er að hlutafélög tileinki sér góða stjórnarhætti og er það hagsmunamál félagsins og hluthafanna en ekki síður samfélagsins í heild.²⁵ Er óhætt að segja að Íslendingar hafi fengið þann vafasama heiður að upplifa áhrif slæmra stjórnarháttanna stórra hlutafélaga í samfélaginu í kjölfar efnahagshrunsins síðla árs 2008. Stjórnarhættir fyrirtækja eru leiðbeiningar gefnar út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq OMX Iceland og Samtökum atvinnulífsins sem eru mikilvæg viðbót við lagaákvæði hlutafélagalaga en í þeim er að finna viðmið stjórnarhætti sem eru strangari en lagaskyldan.²⁶ Ættu allir stjórnarmenn að tileinka sér þá stjórnarhætti sem þar eru kynntir til sögunnar. Leiðbeiningarnar voru síðast endurskoðaðar og gefnar út í júní 2009 og í formála þeirra kemur fram að í kjölfar þeirra áfalla sem dundu yfir árið 2008 væri rík ástæða til að koma með nýtt gildismat inn í íslenskt viðskiptalíf og auka gegnsæi og aðgengi að upplýsingum. Fyrirtæki og stjórnendur þurfi að tileinka sér góða stjórnarhætti til að endurheimta traust og trúverðugleika viðskiptalífsins.²⁷ Leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja hafa ekki stöðu laga og ber hlutafélögum almennt ekki skylda til að fara að þeim reglum sem þar er að finna. Þó eru nú gerðar ríkari kröfur til fjármálafyrirtækja en almennra hlutafélaga og skv. 3. mgr. 19. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.) ber fjármálafyrirtækjum skylda til að fylgja þessum leiðbeiningum, sbr. einnig 1. mgr. 19. gr. ffl. Breyting þessi kom inn í ffl. með 12. gr. laga nr. 75/2010. Fram kom í nefndaráliti meiri hluta viðskiptanefndar að vegna þess hversu mikla þjóðhagslega þýðingu starfsemi fjármálafyrirtækja hefur þá væri ástæða til að ríkari kröfur væru gerðar til þeirra sem stjórna þeim og til að tryggja að

²³ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 26.

²⁴ Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Bls. 88.

²⁵ Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Bls. 89.

²⁶ Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Bls. 91.

²⁷ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 7.



þar væru stundaðir heilbrigðir viðskiptahættir. Því lagði nefndin fram breytingartillögu um að fjármálafyrirtækjum væri skylt að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja og var lögunum breytt í þá veru.²⁸ Fylgi fjármálafyrirtæki ekki að öllu leyti þeim reglum sem koma fram í leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja ber þeim að skýra frá frávikum og ástæðum fyrir þeim í ársreikningi eða ársskýrslu félagsins.²⁹

Gerð var samanburðargreining á lögum varðandi stjórnarhætti fyrirtækja í tíu Evrópulöndum³⁰ hvað varðaði stjórnir félaga og skyldur stjórnarmanna. Skoðað var hvort mismunandi löggjöf væri í löndunum sem hefðu áhrif á stefnumörkun á hlutverki stjórnar. Einnig var mælt að hversu miklu leyti löggjöf gripi inn í samsetningu stjórnna í ríkjunum og bent var á hvar væru frávík og hvar væru samskonar reglur í gildi í löndunum.³¹ Kom í ljós að flestar lagareglur væru í Þýskalandi og Austurríki en færstar í Portúgal. Í Þýskalandi, Austurríki og Frakklandi er sem dæmi félögum sem fara framúr ákveðnum starfmannafjölda skylt að hafa fulltrúa starfsmanna með stjórninni til ráðgjafar og er talið að með því fáiast dýrmæt þekking af rekstrinum frá fyrstu hendi sem aðstoðar stjórnina við ákvarðanatöku. Öll löndin höfðu reglur um hámarks og lágmarks fjölda stjórnarmanna en ekki var samræmi á milli landanna. Einnig var kannað hvort stjórnarsetu væru sett aldurstakmörk, hvort til staðar væru ákvæði um að stjórnarmenn mættu ekki vera framkvæmdastjórnar eða ákvæði um óháða stjórnarmenn, um kjörtímabil stjórnarmanna og um heimildir stjórnarmanna til hlutaeignar í félaginu.³² Rannsóknin leiddi m.a. annars í ljós að ekki var litið á það sem ógn við félagið að stjórnarmaður væri jafnframt hluthafi auk þess sem að greinilegur munur var á milli landa með ólíkan menningarlegan og sögulegan bakgrunn.³³ Stjórnarhættir félaga í Evrópu bæru þess merki að hafa breyst stig af stigi sem rekja má til frjáls flæðis fjármagns, að Evran var tekin upp sem sameignlegur gjaldmiðill og þess að litið væri á Evrópu sem eitt markaðssvæði.³⁴

²⁸ Alþt. Nefndarálit um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Frá meiri hluta viðskiptanefndar. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1095– 343. mál. Sótt 18. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/138/s/1095.html>

²⁹ Reglan „fylgið eða skýrið“ veitir því svigrúm til að aðlaga leiðbeiningarnar að starfsemi félagsins. Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 43.

³⁰ Löndin sem voru skoðuð eru: Spánn, Ítalía, Frakkland, Þýskaland, Austurríki, Portúgal, Grikkland, Írland, Holland og Bretland.

³¹ Bettinelli, C. og Chugh, L. (2009). Bls. 62.

³² Bettinelli, C. og Chugh, L. (2009). Bls. 66.

³³ Bettinelli, C. og Chugh, L. (2009). Bls. 69-70.

³⁴ Bettinelli, C. og Chugh, L. (2009). Bls. 62.



Verður nú farið ítarlega yfir hin margvíslegu hlutverk og skyldur stjórnar, það hæfi sem stjórnarmenn þurfa að hafa og hvernig stjórnin skal starfa samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaga.

3.1 Hlutverk stjórnar hlutafélags

Við stofnun hlutafélags hefur þá nýkjörin stjórn ýmsar lagaskyldur er lúta að því að félagið teljist löglega stofnað og skráð. Stjórn hefur þá skyldu að tilkynna félag til skráningar innan sex mánaða frá gerð stofnsamnings skv. 14. gr. hfl. Geri stjórn það ekki innan tímarammans eru þeir sem skráð hafa sig fyrir hlutafé ekki lengur skuldbundnir af því. Einnig skal stjórn sjá um að innheimta hlutafé hafi það ekki verið greitt á gjalddaga skv. 2. mgr. 17. gr. hfl. annað hvort með málssókn ge90gn þeim hluthafa sem ekki greiðir eða með því að afhenda öðrum rétt til hlutarins. Stjórn þarf að gæta þess að allar breytingar á stjórninni þarf að tilkynna til fyrirtækjaskrár innan mánaðar, auk þess þarf stjórn að tilkynna aðrar breytingar s.s. vegna samruna félaga, skiptingu félagsins, hlutafjárhækkunar og vegna skuldabréfa sem breytt hefur verið í hluti í félaginu skv. 1. mgr. 49. gr. hfl. Stjórn skal einnig útbúa og undirrita samrunaáætlun og greinargerð sé ætlunin að sameinast öðru félagi skv. 120. og 121. gr. hfl. Þegar samstæða hlutafélaga er mynduð sér stjórn þess félags sem telst vera móðurfélag um að tilkynna það til stjórnar dótturfélagsins skv. 1. ml. 1. gr. 69. gr. hfl. Stjórn móðurfélags á að veita stjórn dótturfélagsins upplýsingar um móðurfélagið sem skipta máli skv. 2. gr. 69. gr. hfl. Stjórn dótturfélags gefur móðurfélagi nauðsynlegar upplýsingar til að meta fjárhagsstöðu samstæðunnar og starfsemi hennar skv. 2. ml. 1. mgr. 69. gr. hfl. Í lögunum er víða talað um félagsstjórn eða stjórn og skyldur hennar en ákvæðin hafa verið túlkuð þannig að þau gildi einnig fyrir einstaka stjórnarmenn en ekki eingöngu stjórnina sem heild og verður því ekki gerður greinarmunur á því við þessa umfjöllun.

3.1.1 Skyldur stjórnarmanna vegna hlutabréfa

Eftir að hlutafélag hefur verið stofnað ber stjórn skyldu til að gera hlutaskrá sem skal innihalda réttar upplýsingar á hverjum tíma. Hlutaskráin þarf ávallt að vera geymd á skrifstofu hlutafélags og vera aðgengileg fyrir alla hluthafa og stjórnvöld skv. 30. gr. hfl. Með 1. gr.a. laga nr. 13/2010 var bætt inn í 1. mgr. 30. gr. ákvæði um skyldu stjórnar til að gera hlutaskrá sem skuli innihalda réttar upplýsingar á hverjum tíma og samkvæmt greinargerð með frumvarpi til laganna var það gert til að styrkja gildandi reglur og gera skýrt að stjórnin beri skyldu til að hlutaskráin sé ávallt rétt. Brot á þessari skyldu getur



varðað refsingu skv. 2. tl. 153. gr. hfl. Í **Hrd. 1999, bls.1592** (mál nr. 405/1998) frá 29. mars 1999 var ágreiningur um hvort aðili teldist vera hluthafi eða ekki.

Hluthafinn E krafðist að félaginu H yrði slitið. Samkvæmt stofnsamningi átti E helmingshlut í félaginu frá upphafi en stjórn hafði vanrækt að halda hlutaskrá eins og þar að gera skv. 24. gr. hlutafjárlaga nr. 32/1978 sem giltu um félagið við stofnun. Komst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu að þrátt fyrir vanrækslu félagsstjórnar H í þessum efnum átti E ótvíræðan rétt á grundvelli stofnsamningsins til að teljast frá upphafi hluthafi í félaginu með það hlutafé sem þar var tilgreint og til að hlutaskrá yrði skráð í samræmi við það. Hafði E verið meinað að sækja aðalfund í félaginu í lok árs 1997 á þeirri forsendu að hún væri ekki skráð hluthafi í hlutaskrá. Taldi dómurinn því að hún uppfyllti skilyrði 1. mgr. 81. gr. ehfl. til að geta krafist slita félagsins H. Með því að meina E aðgang að fundinum brutu aðrir hluthafar af ásetningi gegn ákvæðum X. kafla laga nr. 138/1994 um hluthafafundi og var félaginu H slitið með dómi.

Þegar þessi dómur féll var ekki þessi skýra lagalega ábyrgð stjórnarinnar um að hlutaskráin sé ávallt rétt. Á þessum tíma hefði því ekki verið hægt að refsa stjórninni fyrir ranga hlutaskrá eins og kveðið er á um í nágildandi lögum.

Útgáfa hlutabréfa

Stjórnin sér einnig um að gefa út hlutabréf í félaginu til nafngreinds aðila skv. 1. mgr. 27. gr. hfl. og þarf hlutur að vera að fullu greiddur og skráður í hlutaskrá til að heimilt sé að afhenda hlutabréf, þó er heimilt skv. 1. mgr. 28. gr. að gefa út bráðabirgðaskírteini ef hlutur er ekki að fullu greiddur. Vilji hluthafi greiða fyrir hlutafé með því að skuldajafna við kröfu sem hann á á hendur félaginu þá þarf stjórn að samþykkja slíkt sérstaklega og þarf hún þá að gæta að því að félagið eða lánardrottinnar verði ekki fyrir tjóni með því skv. 2. mgr. 16. gr. hfl.

Rafræn eignaskráning

Algengast er að gefa út hlutabréf á rafrænu formi í samræmi við lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997 og skv. 3. ml. 2. mgr. 27. gr. hfl. getur stjórn ákveðið að gefa hlutabréf félagsins út með þeim hætti. Sé hlutabréf ekki gefið út á rafrænu formi og það glatast þá skal stjórn að ósk upphaflegs eiganda bréfsins gefa út nýtt hlutabréf handa honum. Þó þarf fyrst tvívegis að birta stefnu í Lögbirtingarblaði og veita þannig handhafa bréfsins þriggja mánaða fyrirvara til að gefa sig fram skv. 8. mgr. 27. gr. hfl. Stjórn á að skrá nöfn sín undir hlutabréfin og má slíkt vera gert á rafrænan hátt skv. 5. mgr. 27. gr. hfl. Í þeim tilfellum þegar hluthafi greiðir ekki tilskilið hlutafé á gjalddaga þá skal stjórn annaðhvort innheimta skuldina með málssókn eða afhenda öðrum rétt til hlutanna, þó hefur áskrifandi fjögurra vikna frest til að greiða áður en hlutir eru afhentir öðrum skv. 1. og 2. mgr. 17. gr. hfl.



Áskriftarskrá

Stjórn þarf einnig að halda áskriftarskrá vegna áskriftar nýrra hluta og þarf stjórn að undirrita skrána skv. 38. gr. hfl. og þar skal greina frá ákvörðun hluthafafundar um hækkun hlutafjár.

Innlausn hluta

Stjórn ásamt hluthafa sem á 90% hlut og atkvæðamagn í félaginu getur ákveðið að aðrir hluthafar sæti innlausn hluthafans á hlutum sínum og þarf slíkt að tilkynnast á sama hátt og boðið er til aðalfundar. Hafa hluthafar þá fjórar vikur til að framselja hluti sína skv. 1. mgr. 24. gr. hfl. Innlausnarverð hluta á að koma fram í tilkynningunni en sé uppi ágreiningur um verðið er hægt að fá matsmenn til að meta við hvaða innlausnarverð eigi að miða skv. 2. mgr. 24. gr. hfl.

3.1.2 Hlutverk og skyldur stjórnar skv. 68. gr. laga um hlutafélög

Hlutverk stjórnar er meðal annars tilgreint í 68. gr. hfl. en stjórn hlutafélags fer með málefni félagsins, stjórnar því, og hefur það hlutverk að sjá til þess að skipulag félagsins og starfsemi þess sé í góðu horfi, allt með hagsmuni félagsins að leiðarljósi sbr. 1. mgr. 68. gr. hfl. Stjórn felur framkvæmdastjóra að fara með daglegan rekstur félagsins skv. 2. mgr. 68. gr. hfl. en þar segir einnig að framkvæmdastjóri geti ekki tekið ákvarðanir sem eru óvenjulegar eða mikils háttar nema hafa til þess sérstaka heimild stjórnar. Þó er það heimilt ef ekki er unnt að bíða eftir ákvörðun félagsstjórnar án þess að verulegt óhagræði yrði fyrir starfseminu. Mat á því hvaða ráðstafanir teljast vera óvenjulegar eða mikilsháttar eru á hendi stjórnar og þarf að taka mið af stærð og fjárhagsstöðu félagsins. Ákvarðanir um meiriháttar fjárfestingar, breytingar á samningum við lykilaðila og um hvort óska eigi eftir greiðslustöðvun, nauðasamningum eða gjaldþrotaskiptum eru dæmi um ráðstafanir sem teljast mikilsháttar.³⁵ Þessar skyldur eru hluti af lögbundnum skyldum stjórnar samkvæmt hlutafélagalögum og getur stjórnin ekki framselt þær skyldur með því að veita öðrum umboð til að sjá um þær fyrir sig. Kemur það ótvírætt fram í **Hrd. í máli nr. 678/2008** frá 24. september 2009:

Stjórn félagsins S hf. veitti framkvæmdastjóra félagsins umboð sem heimilaði honum að kaupa og selja hlutabréf og vaxtaskipta- og afleiðusamninga auk þess sem hann hafði heimild til að taka lán fyrir kaupunum. Umboðið bar ekki með sér neinar takmarkanir og þurfti framkvæmdastjórinn einungis að tilkynna stjórninni eftirá um þær ráðstafanir sem hann gerði skv. umboðinu. Hafði hann því sjálfur mat um það hvað teldist óvenjuleg eða mikils háttar ákvörðun. Hluthafi í félaginu taldi umboðið of víðtækt og ekki samræmast 68.

³⁵ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 261-262.



gr. hfl. og höfðaði því mál til að fá umboðinu hnekkt. Í dómnum segir orðrétt: „*Getur stjórn hlutafélags samkvæmt ófrávíkjanlegum ákvæðum laganna ekki framselt vald sitt til að taka ákvarðanir um hvers kyns ótilgreindar ráðstafanir án tillits til þess hvort þær séu óvenjulegar eða mikils háttar og breytir þar engu þótt hluthafafundur samþykki slíkt framsal.*“ Var umboð framkvæmdastjórans því dæmt ógilt.

Hér má einnig skoða **Hrd. 2003, bls. 1758** (mál nr. 550/2002) frá 15. apríl 2003:

Ágreiningur málsins varðaði gildi framsals framkvæmdastjóra og stjórnarformanns H hf. til G á boði félagsins í fasteign við nauðungarsölu. Krafðist félagið að framsalið yrði ógilt og að F ehf. yrði dæmt til að gefa út afsal til H hf. í stað G. Skilmálar nauðungarsölu voru m.a. þeir að greiða ætti fjórðung verðsins innan tiltekins frests en sá frestur nægði H hf. ekki til að ná að fjármagna kaupin. Hefði það gerst hefði boð þess fallið niður og sýslumaður skoðað næsta boð skv. 4. mgr. 39. gr. laga nr. 90/1991 um nauðungarsölu en skv. sama ákvæði hefði mátt krefja H hf. um mismun boðanna vegna vanefnda. Framseldi framkvæmdastjórinn því boð H hf. til G til að koma í veg fyrir það. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þótt telja mætti framsalið mikilsháttar ráðstöfun í skilningi 2. mgr. 68. gr. hfl. að þá yrði samt að telja hann hafa haft umboð til þess að skuldbinda félagið skv. áðurnefndri 2. mgr. 68. gr. hfl. þar sem slíkt er heimilt ef ekki er unnt að bíða ákvarðana félagsstjórnar án verulegs óhagræðis fyrir starfsemi félagsins. Var því framsalið talið gilt.

Í dómnum er verið að takast á um mörk prókúrumboðs framkvæmdastjóra við valdheimildir stjórnar til að gera mikilsháttar ráðstafanir fyrir hönd félags. En hér vildi félagið H hf. ekki teljast skuldbundið af framsalinu og fá dæmt um að fasteignin skyldi afsalast til þess en ekki G. Hér reyndi líka á það hvort um væri að ræða framsal á fasteign en skv. 25. gr. laga nr. 42/1903 um verslanaskrár, firmu og prókúrumboð (fl.) er prókúruhafa óheimilt að selja eða veðsetja fasteignir umbjóðanda síns nema hann hafi til þess beint umboð en talið var að hér væri ekki um ráðstöfun fasteignar að ræða í þeim skilningi heldur framsal á tilboði. Hér er líka vert að skoða **Hrd. 2003, bls. 2548** (mál nr. 178/2003) frá 5. júní 2003:

E sem var framkvæmdastjóri F ehf. skrifaði undir skuldabréf í nafni félagsins til greiðslu á skuld við Ö. Bréfið fór í vanskil og svo fór að Ö krafðist fjárnáms hjá F ehf. vegna skuldarinnar. Fór þá F ehf. í mál til að fá fjárnámið fellt úr gildi á þeim grundvelli að E hafi ekki haft heimild til að skuldbinda félagið auk þess sem hann gleymdi að vísa til prókúrunnar við undirritun skuldabréfsins. Taldi dómurinn að þar sem ekki væri um ráðstöfun sem væri óvenjuleg eða mikilsháttar þá hafi útgáfa skuldabréfsins fallið undir dagleg störf framkvæmdastjórans og þyrfti því ekki undirritun tveggja stjórnarmanna eins og F ehf. bara við. Var því fjárnámsgerðin staðfest.

Hér þyrfti því mat á því hvort undirritun skuldabréfsins væri ráðstöfun sem teldist óvenjuleg eða mikilsháttar. Sá sem vill hnekkja ákvörðun um hvort ráðstöfun teljist vera óvenjuleg eða mikilsháttar ber sönnunarbyrði á því að sýna fram á annað.³⁶ Niðurstaðan var að þessi ákvörðun félli undir dagleg störf framkvæmdastjóra og hefði hann því heimild

³⁶ Handbók stjórnarmanna. (2010). Bls. 26.



til slíkrar undirritunar. Í málinu virðist sem F ehf. hafi þarna verið að reyna að koma sér undan þessari skuldbindingu með því að reyna að hnekkja gildi hennar með því að draga umboð framkvæmdastjórans í efa en félagið hafði athugasemdalaust greitt nokkrar afborganir af skuldabréfinu áður en það fór í vanskil. Sú staðreynd að framkvæmdastjóranum hafi láðst að vísa til prókúrunnar olli því ekki að F ehf. væri ekki skuldbundið af kröfu sem byggð var á skuldabréfinu.

Ein af mikilvægustu skyldum stjórnar í hlutafélagi er að tryggja að nægilegt eftirlit sé með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins skv. 3. mgr. 68. gr. hfl. Þetta ákvæði lætur lítið yfir sér við fyrstu sýn en í því felst mikil ábyrgð stjórnarmanna og séu þessar skyldur ekki ræktar getur það haft í för með sér fésektir og/eða fangelsisrefsingu fyrir stjórnarmennina sjálfa þó á grundvelli annarra laga s.s. laga um virðisaukaskatt.

Ýmis stærri félög eru með innri endurskoðunardeildir innan félaganna. Kemur fram í skýrslu sem Ríkisendurskoðun gaf út árið 1999 um innri endurskoðun að hún ætti að starfa sem hlutlaus eining innan félaga en ekki sem hluti af hefðbundinni starfsemi þess. Innra eftirlit þarf að vega á hlutlægan hátt áhættuþætti í samhengi við hagsmunina sem eru í húfi og móta skýrar verklagsreglur. Innri endurskoðun hefur yfirleitt bein tengsl við æðstu stjórnendur og á að aðstoða við að hagræða í rekstrinum.³⁷ Þó skýrslan sé unnin af Ríkisendurskoðun vegna þeirra opinberu stofnana og fyrirtækja sem hún sinnir þá á þetta einnig við um einkafyrirtæki og eru t.d. flestir bankar með starfræktar innri endurskoðunardeildir samkvæmt ákvæðum laga um fjármálafyrirtæki. Auk þess sem stór endurskoðendafyrirtæki á borð við KPMG og Deloitte bjóða viðskiptavinum sínum upp á slíka þjónustu.³⁸ Stjórnarmenn fjármálafyrirtækja hafa skyldu til að fylgja Leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja. Þar er í lið 2.7 kveðið á um ábyrgð stjórnar til að koma á virku kerfi innra eftirlits. Í því felist að til staðar sé formlegt fyrirkomulag á innra eftirliti, að það sé skjalfest og að fylgst sé reglubundið með virkni þess. Virkt innra eftirlit er því hluti af því hvernig stjórn getur sinnt eftirlitshlutverki sínu með rekstri félagsins og stjórnendum þess.³⁹ Þrátt fyrir að ekki sé lagaskylda fyrir stjórnarmenn í hlutafélögum að fylgja þessum leiðbeiningum um stjórnarhætti þá ættu flest hlutafélög að sjá sér hag í því að fylgja þeim.

³⁷ Ríkisendurskoðun. (1999, október). *Innri endurskoðun*. Sótt 16. mars 2011 af: <http://www.rikisendurskodun.is/utgefid-efni/leidbeiningarrit/>

³⁸ Sjá til dæmis upplýsingar á síðu Deloitte. Sótt 17. mars 2011 af: http://www.deloitte.com/view/is_IS/is/jnusta/innriendurskoun/index.htm

³⁹ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 18.



Sé skortur á eftirliti getur það gerst að stjórnarmenn sem hafa ekki afskipti af rekstrinum þurfi að taka ábyrgð á þeim brotum sem þar eiga sér stað. Má í þessu sambandi nefna **Hrd. 1999, bls. 3633** (mál nr. 242/1999) frá 14. október 1999 en þar hafði barþjónn samþykkt að vera skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hlutafélags til málamynda þar sem raunverulegir eigendur gátu ekki skráð félagið á sín eigin nöfn vegna vangreiddra skulda af rekstri annarra fyrirtækja og persónulegs gjaldþrots.

O var skráður stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hjá félaginu V hf. sem skilaði ekki virðisaukaskatti árin 1993-1994. Var bókhaldið í ólestri eða alls ekki fært. Starfaði O sem barþjónn hjá félaginu en hætti störfum í byrjun árs 1994. Stærstur hluti brotanna var framinn eftir þann tíma. O hafði ekki sinnt því að breyta skráningu í hlutafélagaskrá eftir að hann hætti störfum fyrir félagið. Sýnt þótti að skráningin hafi aðeins verið til málamynda þar eð hans eina hlutverk hjá félaginu var að starfa sem barþjónn. Var því talið að miða yrði við að ákvarðanir um fjárhagsleg málefni félagsins hafi verið teknar af öðrum en O. Var hann eigi að síður talinn hafa vanrækt eftirlitsskyldu sína sbr. þágildandi 52 gr. brottfallinna hfl. nr. 32/1978, sbr. nú 68. gr. hfl. og þar með brotið 6. mgr. 40. gr. vskl.⁴⁰ Þar sem brotið var stórfellt varðaði það einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl. Við ákvörðun refsingar var talið að hann ætti sér málsbætur í því að brot hans hafi falist í stórkostlegu gáleysi frekar en ásetningi, auk þess sem hann hafi verið leppur raunverulegra eigenda félagsins. Þá hafi brotin í reynd flest verið framin eftir að hann lét af störfum hjá félaginu. Vanþekking á hlutafélagalögum og rekstri afsaki þó ekki brotin. Var O dæmdur til sektargreiðslu.

Af þessum dómi má ráða að hver sá sem til málamynda er skráður stjórnarmaður í hlutafélagi ber samt sem áður fulla ábyrgð á rekstrinum sem stjórnarmaður og getur verið dæmdur til refsingar séu framin lögbrot af félaginu á meðan viðkomandi er skráður stjórnarmaður. Hæstiréttur sagði í dómnum að skráning hans sem stjórnaformanns og framkvæmdastjóra hefði þá þýðingu að í lögskiptum V hf. við aðra en eigendur þá væri hann fyrirsvarsmáður félagsins og bæri þær skyldur sem því fylgja, þar á meðal refsíábyrgð vegna þeirra brota sem hann var ákærður fyrir. Brotin voru framin áður en breytingar voru gerðar á þeim ákvæðum vskl. og hgl. sem brotið varðaði og því fékk hann ekki þyngri refsingu en heimil var í lögum á þeim tíma sem brotin voru framin sbr. ákvæði 1. mgr. 2. gr. hgl.⁴¹

Í eftirlitsskyldu stjórnarmanna felst einnig skylda til að tryggja að eignir félagsins rýrni ekki óeðlilega mikið eða fari forgörðum. Má það sjá af niðurstöðu **Hrd. í máli nr. 393/2008** frá 26. mars 2009:

Einstaklingur sem var bæði stjórnarformaður og framkvæmdastjóri einkahlutafélags var ákærður fyrir að hafa ráðstafað nær öllum vörulager félagsins, sem var veðsettur hjá X.

⁴⁰ Þar er refsivert að veita skattayfirvöldum, af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi, rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoða við slíkt.

⁴¹ Ákvæðið segir m.a. að ekki megi dæma þyngri refsingu en lög heimiluðu þegar verk var framið.



Bar honum stöðu sinni samkvæmt að tryggja að viðkomandi eign færi ekki forgörðum auk þess að afla sér vitneskju um og fylgjast með því að rekstur félagsins væri í góðu horfi, sbr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þar á meðal sjá um að bókhald félagsins væri fært í samræmi við lög og venjur og að meðferð eigna þess væri með tryggilegum hætti. Gat hann ekki firrt sig ábyrgð með því að hafa að eigin sögn hvorki komið nálægt rekstri né bókhaldi félagsins. Var hann dæmdur í skilorðsbundið fangelsi.

Hér kemur það einnig skýrt fram að það er ekki hægt að bera fyrir sig að hafa ekki komið að rekstrinum. Dómurinn sýnir skýrt að stjórnarmenn geta ekki látið málefni félagsins afskiptalaus þó þeir hafi litið svo á að skráning þeirra sem stjórnarmanna hafi verið til málamynda. Skyldur sem stjórnarmenn bera samkvæmt hlutafélagalögunum eru ófrávíkjanlegar.

Veiting prókúrumboðs

Það er í höndum stjórnar að veita prókúrumboð skv. 4. mgr. 68. gr. hfl. en skv. 25. gr. fl. felur það í sér að sá sem fær prókúrumboð hefur vald til að annast allt það sem snertir atvinnureksturinn. Þó veitir prókúrumboð umboðshafa ekki heimild til að selja eða veðsetja fasteignir umbjóðanda síns. Er hér vert að skoða **Hrd. í máli nr. 202/2008** frá 12. febrúar 2009 en þar var uppi ágreiningur um hvort prókúrumboð framkvæmdastjóra næði til gerð afleiðusamninga.

Málavextir voru þeir að bræðurnir Ó og G stofnuðu saman einkahlutafélagið R í þeim tilgangi m.a. að kaupa og selja verðbréf. Ó var eini stjórnarmaðurinn en G framkvæmdastjóri og varamaður í stjórn. Ó lagði til rekstrarfé að fjárhæð 50 milljónir króna sem lagðar voru inn á reikning í KB banka. Fáum dögum eftir stofnun gerði G samning við MP banka þar sem innistæða reikningsins var færð MP banka að handveði til tryggingar á viðskiptum félagsins R við MP banka. Var þetta gert án vitneskju Ó en hann hafði lítil afskipti af rekstrinum. G gerði í kjölfarið alls 14 afleiðusamninga sem sumir skiluðu hagnaði en aðrir tapi og varð tapið töluvert meira en hagnaðurinn. Taldi Ó að G hefði ekki haft heimild til að skuldbinda félagið á þennan hátt, að þeir hefðu báðir þurft að undirrita samningana til að skuldbinda félagið auk þess sem gerð afleiðusamninga félli ekki innan skráðs tilgangs félagsins. Krafðist Ó, fyrir hönd félagsins R, endurgreiðslu frá MP banka á þeirri fjárhæð sem skuldfærð hafði verið af viðskiptareikningi félagsins þar sem hann taldi afleiðusamningana óskuldbindandi fyrir félagið. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að samþykktir félagsins bæru ekki með sér neinar takmarkanir á prókúrumboði G sem framkvæmdastjóra og að gerð afleiðusamninga féllu undir almenna skilgreiningu á tilgangi félagsins og var MP banki því sýknaður af kröfum R.

Af dómnum má ráða að tilgangur félags eins og hann er skráður í hlutafélagaskrá er túlkaður rúmt og að skýrt þurfi að koma fram í samþykktum félagsins ef ætlunin er að takmarka prókúrumboð framkvæmdastjóra þannig að stjórnarmaður þurfi einnig að undirrita samninga sem gerðir eru á því sviði sem rúmast innan tilgangs félagsins.

Er hér einnig vert að skoða **Hrd. 1995, bls. 1777** (mál nr. 384/1993) frá 15. júní 1995. Þar var deilt um hvort stjórnarformaður og framkvæmdastjóri félags hefði farið út fyrir



prókúruumboð sitt með því að skuldbinda félagið með því að undirrita yfirlýsingu til tryggingar á skuldum:

K var stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Þ hf. og undirritaði hann yfirlýsingu um að bankinn I hefði fullan aðgang að tilteknum reikningi félagsins í bankanum til tryggingar á skuldum annars félags, H hf. Taldi Hæstiréttur að K hefði ekki farið út fyrir prókúruumboð sitt en slíkt umboð nær til allra ráðstafana sem snerta starfsemi félagsins og tengist daglegum rekstri enda alþekkt í bankaviðskiptum að þriðji aðili gangist undir ábyrgð vegna skulda annarra. Var undirritun yfirlýsingarinnar því talin vera innan heimilda hans sem prókúruhafa og var því talið að félagið Þ hf. væri bundið af tryggingaryfirlýsingu K til bankans I.

Það er í höndum stjórnar að veita prókúruumboð eins og áður sagði, af því leiðir að aðrir en stjórn geta ekki veitt prókúruumboð. Er það staðfest í **Hrd. 2000, bls. 1927** (mál nr. 86/2000) frá 18. maí 2000 en þar var deilt um gildi prókúruumboðs:

Málið snérist um hvort S hefði haft gilda heimild til að skuldbinda einkahlutafélagið D með því að samþykka þrjá víxla fyrir hönd D ehf. S hafði starfað fyrir félagið og séð um fjármál þess, innkaup og fleira. Samkvæmt skráningu í hlutafélagaskrá hafði U prókúruumboð fyrir félagið D ehf. en S var ekki skráður. U ásamt G sem var framkvæmdastjóri félagsins komu fyrir dóminn og báru vitni um að S hefði haft heimild til að skuldbinda félagið, en hvorki U né G voru stjórnarmenn í D. Eigandi víxlanna F krafði S persónulega um greiðslu víxlanna skv. 8. gr. víxillaga nr. 93/1933 sem segir að sá sem riti nafn sitt á víxil fyrir hönd annars manns en hafi eigi umboð til þess, verði skuldbundinn eftir víxlinum. Þótti ekki hafa verið færðar sönnur á það að S hafi haft prókúruumboð frá stjórn D og því hafi hann ekki réttilega haft umboð til að skuldbinda D. Ekki nægði að U og G segðu hann hafa það þar sem þau voru ekki stjórnarmenn og því ekki bær til að veita slíkt umboð. Var S dæmdur til að greiða víxlana.

Af þessum dómi má sjá að það er mikilvægt að stjórn sinni því að tilkynna til hlutafélagaskrár ef breytingar verða á prókúruhöfum félaga. Á sama hátt er mikilvægt fyrir þann sem telur sig vera með prókúruumboð að ganga úr skugga um að skráning þess efnis sé til staðar til að koma í veg fyrir að verða persónulega ábyrgur fyrir skuldbindingum sem félagi er ætlað að bera.

Óvenjulegar eða mikilsháttar ákvarðanir

Stjórn hefur einnig það hlutverk að taka ákvarðanir um ráðstafanir sem eru óvenjulegar eða mikilsháttar en slíkar ákvarðanir eru utan starfssviðs framkvæmdastjóra skv. 2. ml. 2. mgr. 68. gr. hfl. Við mat á því hvaða ákvarðanir teljist vera óvenjulegar eða mikilsháttar þarf að líta m.a. til tilgangs félags, umfangs rekstrar og fjárhagsstöðu og hvaða áhrif ákvörðun hefur á rekstur félagsins. Í **Hrd. 1999, bls. 4453** (mál nr. 206/1999) frá 18. nóvember 1999 kom fram að stjórnarmenn undirrituðu skjal þar sem framkvæmdastjóri félagsins hafði framselt aflahlutdeild sem tilheyrði eina skipi félagsins:



Í málinu var um að ræða félag þar sem stjórnarmenn voru börn framkvæmdastjórans auk þess sem þau áttu helming hlutafjár á móti foreldrum sínum. Taldi dómurinn að ekki þýddi fyrir þau að bera fyrir sig ókunnugleika á starfsemi félagsins eða um þá löggjöf sem gildir á hverjum tíma um starfsemi og ákvarðanatöku hlutafélaga. Var ótvírætt um mikilsháttar ákvörðun að ræða í skilningi 2. mgr. 52. gr. þágildandi hfl. nr. 32/1978. Þar sem aflahlutdeildin var stór hluti af eignum félagsins var það á verksviði stjórnarinnar en ekki framkvæmdastjórans að taka slíka ákvörðun en undirritun stjórnarmannanna á framsalið var til samþykktar sem þinglýstum eigendum aflahlutdeildarinnar.

Hér kemur skýrt fram að dómurinn byggir á því að það er ekki hægt að bera það fyrir sig að hafa ekki þekkt lög sem gilda um rekstur hlutafélaga, hverjum stjórnarmanni ber skylda til að þekkja þau lög og reglur sem um reksturinn gilda.

3.1.3 Stjórnarmenn í fjölskyldufyrirtækjum

Við stofnun hlutafélaga þarf alltaf að mynda stjórn og tilkynna um stjórnarmenn til fyrirtækjaskrár. Í smáum hlutafélögum og ekki síst fjölskyldufyrirtækjum getur verið litið svo á að það sé bara formsatriði að skrá aðila í stjórn og að það skipti í raun ekki miklu máli hver sé stjórnarmaður og hver sé framkvæmdastjóri og hver ekki. Það er hinsvegar ekki rétt því stjórnarmaður hefur alltaf lagaskyldum að gegna óháð því hvernig skráning hans er tilkomin. Stjórnarmönnum er skylt að taka virkan þátt í störfum stjórnar og sitja stjórnarfundi til að fylgjast með rekstri félagsins.⁴² Má í þessu sambandi skoða **Hrd. 1997, bls. 2446** (mál nr. 136/1997) frá 25. september 1997 þar sem kona taldi það hafa verið formsatriði að hún hafi verið skráð stjórnarformaður í fjölskyldufyrirtæki.

Hjónin D og R ásamt syninum T stóðu að rekstri veitingastaðar og var D skráð sem stjórnarformaður en hún var einnig í fullu starfi sem starfsmaður félagsins auk þess sem aðrir fjölskyldumeðlimir störfuðu að einhverju leyti við reksturinn. Hluti af starfi hennar fólst m.a. í því að fylla út virðisaukaskattskýrslur en kvaðst hún þó ekki hafa átt að sjá um greiðslur, en gat ekki tilgreint hver hafi átt að sjá um það. Ekki voru haldnir formlegir stjórnarfundir en málefni félagsins þó oft rædd innan fjölskyldunnar. Dómurinn taldi að D skyldi sæta ábyrgð sem stjórnarformaður félagsins og að hún hafi átt að vita af fjárhagsvandræðum og vanskilum félagsins og hafi því gerst sek um að vanrækja eftirlitsskyldu sína sem stjórnarmaður skv. þágildandi 52. gr. laga um hlutafélög nr. 32/1978, sbr. nú 68. gr. hfl. og með því brotið á 6. mgr. 40. gr. vskl. og 1. mgr. 262. gr. hgl. þar sem um stórfellt brot var að ræða, en vangoldinn virðisaukaskattur félagsins var á fjórtánu milljón. Var D dæmd til fangelsisvistar sem þó var skilorðsbundin en auk þess til greiðslu sjö milljóna króna í sekt.

Einnig er vert að líta á **Hrd. 1992, bls. 560** (mál nr. 345/1991) frá 24. mars 1992 en þar var maki stjórnarformanns skráður sem stjórnarmaður en kom þó ekkert nálægt rekstrinum. Snérist málið um ýmiskonar lögbrot í tengslum við reksturinn þar á meðal vegna vanskila á söluskatti sem var við lýði fyrir tilkomu virðisaukaskattsins.

⁴² Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 94



Hjónin I og H mynduðu hluta stjórnar fjölskyldufyrirtækisins T sem var félag sem sá um innflutning og sölu á nýjum og notuðum bifreiðum. Félagið var komið í mikil rekstrarvandæði árin 1986 og 1987 og fór í gjaldþrot um mitt ár 1987. Fimm stjórnarmenn voru ákærðir fyrir ýmis brot s.s. vanskil á söluskatti, skilasvik og um brot á gjaldþrotalögum. H var talin hafa vanrækt eftirlitsskyldu sína sem stjórnarmanns sbr. þágildandi 52 gr. hfl. nr. 32/1978, sbr. nú 68. gr. hfl. Var H sakfelld fyrir söluskattssvik vegna brota á þágildandi 12. gr. laga nr. 10/1960 um söluskatt með því að hafa ekki greitt innheimtumanni ríkissjóðs þann söluskatt sem félagið T átti að standa skil á. Var H dæmd í skilorðsbundið fangelsi og til greiðslu sektar.

Í **Hrd. 1947, bls. 81** (mál nr. 43/1946) frá 21. febrúar 1947 var áþekkt mál þar sem stjórnarmaður sem einnig var maki stjórnarformanns sama félags var sýknaður af refsíabyrgð í héraði. Var það gert á þeim forsendum að hún hafði engin afskipti haft af rekstrinum og ekki vitað um þau brot sem framin voru á þágildandi ákvæðum verðlagslaga nr. 3/1943 og laga um gjaldeyrisviðskipti nr. 1/1943. Hæstiréttur snéri þeim dómi hins vegar við með þeim rökum að gera yrði þær kröfur til ákærðu sem stjórnarmanns að hún aflaði sér vitneskju um rekstur félagsins í höfuðdráttum og hefði þannig átt að vera kunnugt um verðlagsbrot félagsins og því hefði hún einnig gerst brotleg við sömu lagaákvæði og samákærðu stjórnarmenn félagsins. Refsíabyrgð byggðist því á saknæmu athafnaleysi hennar.

Það hefur ekki áhrif á refsíabyrgð stjórnarmanna þó þeir geti sýnt fram á að þeir hafi átt við veikindi að stríða á þeim tíma sem brot áttu sér stað. Í **Hrd. í máli nr. 545/2006** frá 10. maí 2007 var stjórnarformaður, sem var jafnframt framkvæmdastjóri, sakfelldur fyrir að hafa ekki staðið skil á opinberum gjöldum. Í dómnum var tekið fram að brot hans hafi falist í stórfelldri vanrækslu á því að fylgjast með því að félögin stæðu í skilum með opinber gjöld og að starfsemi þeirra væri almennt í réttu og góðu horfi, sbr. 44. gr. ehfl. Hann fór einn með fyrirvar fyrirtækisins á umræddu tímabili og var ekki talinn eiga sér málsbætur í því að hafa átt við veikindi að stríða á tímabilinu.

Skylda stjórnar til að ráða framkvæmdastjóra til að fara með daglegan rekstur leysir stjórnarmenn ekki undan lögbundnum eftirlitsskyldum sínum. Í **Hrd. 419/2006** frá 7. júní 2007 kemur þetta skýrt fram:

Í málinu voru stjórnarformaður og stjórnarmaður einkahlutafélags sakfelldir vegna stórfelldra brota á 1. mgr. 40. gr. vskl. og 1. mgr. 262. gr. hgl. Kom fram að stjórnarmennirnir gátu ekki firrt sig ábyrgð með því að bera við grandleysi og vísa á að daglegur rekstur hefði verið á ábyrgð framkvæmdastjóra. Bar þeim því að afla sér vitneskju um stöðu rekstrarins. Í dómnum sagði orðrétt: „*Samkvæmt stöðu sinni sem stjórnarmenn í félaginu á þeim tíma sem um ræðir bar ákærðu að afla sér vitneskju um og fylgjast með því að rekstur félagsins væri í góðu horfi, sbr. 44. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, þar á meðal að félagið stæði í skilum með greiðslu virðisaukaskatts og*



staðgreiðslu opinberra gjalda starfsmanna. Firrir það stjórnarmenn ekki ábyrgð á þessu að félagið hafði ráðið framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess.“

Það er því ljóst að það skiptir ekki máli hvernig það er tilkomið að aðili sé skráður í stjórn, hvort sem það sé sem leppur fyrir aðra eða sem málamyndagerningur til að uppfylla formsatriði. Aðili getur ekki borið slíkt fyrir sig né vanþekkingu á hlutafélagalögum og hafi þar af leiðandi ekki þekkt hvaða ábyrgð stjórnarmenn bera. Ekkert slíkt hnekkir þeirri ábyrgð sem í því felst að taka að sér stjórnarsetu í hlutafélagi. Það kemur skýrt fram í dómum Hæstaréttar um langt árabíl. Í dönskum rétti hefur ábyrgð stjórnarmanna verið metin á sama hátt og engin tilslökun verið gerð hvað varðar refsíábyrgð stjórnarmanna sem hafa tekið sæti í stjórn t.d. af greiðasemi við fjölskyldumeðlim.⁴³

Þó er vert að nefna dóm sem sker sig úr varðandi þetta og það er **Hrd. 1948:106** (mál nr. 94/1947) frá 19. febrúar 1948. Þar voru R, F og G sem öll voru stjórnarmenn hlutafélags, sem fékkst við innflutning á bifreiðum, ákærð fyrir brot á innflutnings og gjaldeyrislöggjöf. R var jafnframt framkvæmdastjóri og fór hann með daglegan rekstur sem fólst meðal annars í því að panta bifreiðar til landsins. Var talið að F og G hefði ekki verið kunnugt um að R hefði pantað frá bifreiðaverksmiðjum fleiri bifreiðar en innflutningsleyfi og gjaldeyrisleysi voru til fyrir. Hafði G verið erlendis á þeim tíma og sýnt þótti að málið hafi ekki verið rætt í stjórn. Voru þau því sýknuð en framkvæmdastjórinn sakfelldur og dæmdur til greiðslu sektar. Það kemur fram í dómnum að ekki var álitnið að F og G hefðu getað vitað um einstakar pantanir R og því ekki haft möguleika á að aðhafast neitt til að koma í veg fyrir innflutninginn. Má því álykta að einungis hafi verið hægt að fella sök á R og að ekki væri sýnt fram á að F og G hafi vanrækt skyldur sínar sem stjórnarmenn sem veldur sýknu þeirra. Þau sem stjórnarmenn hefðu því þurft að hafa tækifæri til að vita um refsiverða brotið.

Það er ekki svo að hægt sé að ætlast til þess að stjórnarmenn hafi vitneskju um allt það sem á sér stað innan félagsins. Stjórnin hefur fyrst og fremst skyldu til að setja stefnu fyrir félagið og á að geta gengið út frá því sem vísu að allir stjórnarmenn sem og stjórnendur innan félagsins sinni störfum sínum af trúmennsku og gefi ekki vísitandi rangar eða ófullnægjandi upplýsingar til stjórnarinnar.⁴⁴ Í dómi Hæstaréttar Danmerkur í máli **U.1962.452.H** kom fram að stjórn félagsins sem um ræddi gæti ekki verið skyldugt til að

⁴³ Werlauff, E. (2006). Bls. 530.

⁴⁴ Werlauff, E. (2006). Bls. 544.



hafa yfirsýn yfir alla veðbréfaútgáfu félagsins og afsalagerð en þeir höfðu ekki sinnt því eftirliti sem hægt var að krefjast af þeim.⁴⁵

3.1.4 Starfhæf stjórn

Stjórn er ekki starfhæf nema sérstaklega til þess kjörinn stjórnarformaður sé í forsvari fyrir hana.⁴⁶ Stjórn ber að kjósa sér formann nema sérstaklega sé kveðið á um í samþykktum félagsins að hluthafafundur kjósi stjórnarformann skv. 70. gr. hfl.⁴⁷ Stjórnarformaður má þó ekki vera framkvæmdastjóri í félaginu skv. 1. mgr. 70. gr. hfl. Með 4. gr. laga nr. 13/2010 var bætt nýjum málslíð við 70. gr. um að stjórnarformaður skuli ekki sinna öðrum störfum fyrir félagið en þau sem teljast eðlilegur hluti af störfum hans sem stjórnarformanns. Kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laganna að með setningu þessa ákvæðis væri verið að bregðast við því sem var farið að tíðkast í félögum hérlendis að stjórnarformenn væru jafnframt á meðal æðstu stjórnenda félags og sinntu daglegum störfum fyrir félagið, væru svokallaðir starfandi stjórnarformenn. Slíkir stjórnarformenn væru í reynd að sinna störfum sem samkvæmt hlutafélagalögum eiga að vera í höndum framkvæmdastjóra. Lögin banna að stjórnarformaður sé jafnframt framkvæmdastjóri í félaginu enda er eitt af hlutverkum stjórnarformanns að stýra eftirliti stjórnarinnar með félaginu. Því væri hætta á hagsmunaárekstrum ef stjórnarformaður starfi fyrir félagið því hann væri þá að stýra eftirliti með sjálfum sér. Markmið ákvæðisins er því að minnka líkur á þess konar hagsmunaárekstrum.⁴⁸

Starfsreglur stjórnar

Stjórn skal einnig setja sér starfsreglur þar sem nánar er tilgreint hvernig störf stjórnar skulu framkvæmd skv. 5. mgr. 70. gr. hfl. Starfsreglur ættu m.a. að fjalla um verkaskiptingu stjórnar og samskipti milli stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra auk starfslýsinga fyrir þá. Þar ættu einnig að vera upplýsingar um skiptingu starfa innan stjórnar, um boðun og tíðni stjórnarfunda, um þagnar og trúnaðarskyldu og ákvörðunarvald og atkvæðagreiðslur innan stjórnar.⁴⁹ Í starfsreglum ætti einnig að koma fram eftir hvaða leiðum stjórnarmenn fá gögn frá félaginu þar sem ekki er æskilegt að þeir

⁴⁵ Werlauff, E. (2006). Bls. 544.

⁴⁶ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 251.

⁴⁷ Í einkahlutafélagi eins manns þarf ekki að kjósa formann. Þá tekur hann einn mikivægar ákvarðanir og skráir í gerðabók.

⁴⁸ Alþt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 71– 71. mál. Sótt 10. febrúar 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0071.html>

⁴⁹ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 20.



leitir beint til starfsmanna félagsins. Auk þess sem gögnin ættu að vera samandregin og skiljanleg.⁵⁰

Hvað varðar starfsreglur og almennt hvernig starf stjórnar fer fram þá er mikilvægt að stjórnarmenn séu gagnrýnir á eigin störf og störf stjórnarinnar í heild. Huga þarf að því að fara í gegnum starfshætti stjórnarinnar að minnsta kosti árlega í því skyni að kanna hvort eitthvað megi betur fara. Stjórninni ber að tryggja að í félaginu séu til staðar skýr markmið og aðgerðaráætlun og hvernig stjórnin ætlar að fylgjast með því að þeir sem sinna daglegri stjórnun fari ekki út af sporinu. Auk þess sem stjórn setur fram langtímamarkmið og leiðir til að ná þeim markmiðum. Stjórnin þarf að velta því fyrir sér hvort hún haldi nægjanlega tíða stjórnarfundum til að tryggja að stjórnin sé virk við að aðstoða framkvæmdastjóra með ráðgjöf, framþróun og nýjar hugmyndir grundvallaðri á eigin reynslu í því augnamiði að fyrirtækið nái markmiðum sínum.⁵¹

3.1.5. Skyldur stjórnar ógjaldfærs félags

Stjórn félags sem lendir í greiðsluferfiðleikum þarf að gæta sérstaklega vel að sér en í 1. mgr. 105. gr. hfl. er lögð skylda á stjórn að afhenda bú félagsins til gjaldþrotaskipta eftir því sem mælt er fyrir um í lögum um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991 (gþl.). Stjórnarmenn þurfa því að hafa virkt eftirlit með fjárreiðum félagsins til að geta gripið til ráðstafana til að takmarka tap og getur það skipt sköpum fyrir afkomu félagsins ef brugðist er rétt við greiðsluferfiðleikum. Samkvæmt 1. og 2. mgr. 64. gr. gþl. ber að gefa félag upp til gjaldþrotaskipta ef félagið getur ekki staðið í skilum við lánardrottna sína þegar kröfur falla í gjalddaga og þegar sennilegt er að greiðsluörðugleikarnir séu ekki tímabundnir eða m.ö.o. þegar félag er orðið ógjaldfært. Ef ljóst er fyrir gjalddaga krafna að ekki verði nægt fjármagn til að greiða þær þegar til gjalddaga kemur þá verður skyldan til að gefa búið upp til gjaldþrotaskipta einnig virk.⁵² Getur stjórnarmaður orðið skaðabótaskyldur gagnvart lánardrottnum ef þeir fara á mis við fullnustu krafna sinna vegna þess að bú var ekki gefið upp til gjaldrotaskipta þegar greiðsluferfiðleikar voru þannig að skilyrði 1. mgr. 64. gr. gþl. voru uppfyllt. Kom þetta ákvæði nýtt inn í lögum með 16. gr. laga nr. 95/2010. Var markmiðið með ákvæðinu að skerpa á ábyrgð stjórnenda lögaðila um að gefa bú upp til gjaldþrotaskipta og stuðla að því að þeir sinntu þeirri skyldu sinni. Er hér um stranga bótaábyrgð að ræða á grundvelli sakarlíkindareglu þannig að sönnunarbyrðin hvílir á

⁵⁰ Handbók stjórnarmanna. (2010). Bls. 14.

⁵¹ Werlauff, E. (2006). Bls. 410.

⁵² Viðar Már Matthíasson. (2000). Bls. 25.



stjórnarmanni lögaðilans um að vanrækslan hafi ekki verið saknæm. Einnig með því að setja afleiðingarnar í lög væru tekin af öll tvímæli um bótaábyrgð stjórnenda lögaðila sem vanrækja þessa skyldu.⁵³ Ákvæðið er ekki sett með hagsmuni hluthafa eða félagsins sjálfs í huga heldur er þarna verið að vernda hagsmuni kröfuhafa.

Erfitt getur verið að sanna fyrir dómi hvenær félag er orðið ógreiðslufært og verður núna farið yfir tvo dóma sem báðum var vísað frá héraði og frávísunarúrskurður staðfestur af Hæstarétti vegna vanreifunar þar sem ekki var sýnt framá að félögin hafi í reynd verði orðin ógjaldfær. Báðir dómarnir eru frá því fyrir tíð lagabreytingarinnar á 64. gr. gþl.

Í **Hrd. 2004, bls. 2888** (mál nr. 7/2004) frá 18. júní 2004 var bú B ehf. tekið til gjaldþrotaskipta og reyndist félagið eignalaust.

Málið snérist um vörupöntun sem gerð var skömmu fyrir gjaldþrot félagsins B og fór kröfuhafi í mál við fyrrverandi framkvæmdastjóra og stjórnarmann þar sem hann taldi að stjórnarmönnum hefði átt að vera ljóst að félagið myndi ekki geta greitt fyrir vörurnar og þannig valdið sér tjóni. Pöntun hafði verið gerð í desember 1998 en fyrir dómi þótti sannað að félaginu hafi borið skylda til að gefa það upp til gjaldþrotaskipta eftir 16. mars 1999 en ekki væri sýnt fram á að það hefði átt að gerast fyrr. Var málinu vísað frá dómi vegna vanreifunar.

Í **Hrd. 2004, bls. 2660** (mál nr. 60/2004) frá 10. júní 2004 var svipað uppá teningnum:

Kröfuhafinn A hafði átt viðskipti við félagið Í frá stofnun þess. Áður en félagið hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta hafði það verið komið í töluverð greiðsluvandræði og komið til vanskila við A í tveimur tilfellum sem þó höfðu verið greidd með víxlum og hafði A því heimilað frekari vörukaup sem voru á endanum ekki greidd þar sem bú Í var tekið til gjaldþrotaskipta. Taldi A að stjórnarformaður og framkvæmdastjóri Í hefðu með því valdið sér tjóni og að þeir hafi átt viðskipti við A eftir að félagið var orðið ógjaldfært og skylda orðin virk til að gefa það upp til skipta. Í dómnum sagði: „Í málinu liggja ekki fyrir gögn um skuldbindingar Íslenskrar útivistar hf. við aðra en stefnda á einstökum tímabilum, hvenær gjalddagi þeirra var og um hvaða fjárhæðir var að tefla. Hefur heldur ekkert verið lagt fram til samanburðar um tekjuöflun félagsins á sömu tímabilum, stöðu á bankareikningum þess, heimild til yfirráttar á þeim, hvort það hafi átt eignir, sem ganga hefði mátt á til að afla fjár, eða hvort það hafi annars átt kost á lánsfé. Liggur því ekkert fyrir í málinu til þess að unnt sé að meta hvort forráðamönnum félagsins hafi verið orðið skylt vegna ákvæða 64. gr. laga nr. 21/1991 að krefjast gjaldþrotaskipta á búi þess fyrr en raun varð á, hvort sem er í desember 2001, þegar stefndi telur þessa skyldu hafa verið komna til, í lok apríl og byrjun maí 2002 þegar félagið stofnaði til þeirra skulda, sem krafa stefnda varðar, eða á einhverju öðru tímamarki.“ Var málinu vísað frá dómi.

Af þessum tveimur dómum er ljóst að sýna þarf skýrt framá með gögnum hvenær tímamark ógjaldfærni félags sé til að hægt sé að draga stjórnarmenn til ábyrgðar fyrir dómi. Áðurnefnd breyting á 2. mgr. 64. gr. gþl. gerir skaðabótaábyrgð stjórnarmanna skýra en þó

⁵³ Alþt. Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 768– 447. mál. Sótt 19. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/138/s/0768.html>



þarf ávallt að færa sönnur fyrir því að félag hafi verið orðið ógjaldfært, án þess að stjórnarmenn hafi gefið það upp til gjaldþrotaskipta, og þannig valdið skaðabótaskyldu tjóni. Óvíst er því hvort það hefði breytt neinu um niðurstöðu þessara mála ef þau hefðu verið fyrir dómi eftir lagabreytingu.

Í þeim tilvikum þegar stofnað er til skuldbindinga fyrir hönd félags sem er raunverulega hætt störfum og hafi enga innkomu má telja fullvíst að slíkt myndi leiða til ábyrgðar stjórnarmanna. Hér er vert að skoða **Hrd. 1997, bls. 2012** (mál nr. 372/1996) frá 12. júní 1997:

Í málinu var sýnt framá að félagið B hafi verið orðið ógjaldfært, og engar horfur á að greiðsluörðugleikum félagsins myndi ljúka innan skamms tíma, þegar stjórnarmennirnir E og Ó seldu nánast allar eigur félagsins til tengdra aðila og skildu bú B eftir eignalaust. Þ sem átti forgangskröfu í búið höfðaði málið til að fá skaðabætur vegna þess tjóns sem þessi ráðstöfun olli honum. Í dómnum sagði: „Með því að ráðstafa eignum hlutafélagsins, eins og hag þess var komið, til félags í eigu stefnda Ólafs og mágs hans, stefnda Stefáns, stofnuðu þau með saknæmum og ólögætum hætti hagsmunum áfrýjanda og eftir atvikum annarra skuldheimtumanna Brunns hf. í hættu. Eru þau því skaðabótaskyld vegna þess tjóns, sem áfrýjandi kann að hafa orðið fyrir af þessum sökum.”

Hér var sýnt framá ógjaldfærni félagsins á þeim tíma þegar stjórnarmennirnir seldu eignir félagsins og voru þeir dæmdir skaðabótaskyldir.

⁵⁴Auknar líkur eru á því að stjórnarmaður gæti þurft að bera ábyrgð á skuldbindingum ógjaldfærs félags ef líkur standa til þess að félagið verði ógjaldfært í kjölfar skuldbindingarinnar, ef stjórnarmaður er meðvitaður um ógjaldfærni félagsins þegar stofnar er til skuldbindingar eða ef stjórnarmaður grípur ekki til aðgerða til að koma í veg fyrir að félagið verði skuldbundið.

3.1.6 Aðrar skyldur stjórnar

Ritun firma

Stjórn ritar firmað skv. 1. mgr. 74. gr. hfl. en í því felst heimild til að koma fram fyrir hönd félags við samningagerð og aðra löggerninga svo og gagnvart dómstólum og stjórnvöldum. Hægt er að setja í samþykktir félagsins ákvæði um að fleiri en einn stjórnarmann þurfi til að rita firma skv. 3. mgr. 74. gr. hfl. Í **Hrd. 1999, bls. 5021** (mál nr. 334/1999) frá 16. desember 1999 var ágreiningur um ritun firma vegna ákvæða í samþykktum félags:

Í málinu var deilt um gildi tryggingabréfs sem var undirritað af tveimur stjórnarmönnum félagsins en félagið taldi að tryggingabréfið væri ekki skuldbindandi fyrir félagið þar eð fleiri stjórnarmenn hefði þurft til að rita firmað. Í samþykktum þess frá árinu 1940 sagði að þrjú stjórnarmenn þyrfti til að binda félagið og var vísað til vottorðs úr hlutafélagaskrá. Fram kom að auglýst hafði verið í Lögbirtingarblaðinu árið 1990 að tveir stjórnarmenn

⁵⁴ Handbók stjórnarmanna. (2010). Bls. 27.



rituðu firmað saman. Dómurinn taldi ekkert fram komið sem benti til þess að eigandi tryggingabréfsins mætti vita að umrædd auglýsing væri í ósamræmi við samþykktir félagsins. Áttu því grandlausir viðsemjendur félagsins að geta treyst því að undirskrift tveggja stjórnarmanna nægði.

Af þessum dómi má ráða að mikilvægt getur verið að kanna það við samningagerð hvernig ritun firma skal vera háttáð í félagi sem verið er að semja við til að tryggja að ekki sé hægt að draga réttmæti skuldbindingarinnar í efa síðar.

Stjórnarmaður sem hefur greitt atkvæði gegn tillögu sem meirihluti stjórnar hefur samþykkt á lögsmætan hátt er eigi að síður rétt og skylt að rita firma félagsins.⁵⁵

Ráðning framkvæmdastjóra

Stjórn hefur einnig það hlutverk að ráða a.m.k. einn framkvæmdastjóra til félagsins nema samþykktir kveði á um að þeir skuli vera fleiri sbr. 1. mgr. 65. gr. hfl.⁵⁶ Af því leiðir að stjórn sér einnig um að leysa framkvæmdastjóra frá störfum. Hér má benda á Glitnismálið svokallaða **Hrd. í máli nr. 228/2009** frá 29. október 2009 en þar kom fram að forstjóri bankans leitaði til stærsta einstaka hluthafa bankans til að ræða starfslok sín en í reynd hafði hluthafinn ekki heimild samkvæmt hfl. til að semja um slíkt við forstjóran. Eigi að síður virðist sem drög að samkomulagi sem síðar var gert milli stjórnar og forstjóra hafi tekið mið af því sem þeim fór á milli. Verður að telja óeðlilegt að einstakir hluthafar í félögum hafi slík áhrif inn í félag ekki síst þegar um er að ræða almenningshlutafélag.

Stjórnarmaður má jafnframt vera framkvæmdastjóri en þeir stjórnarmenn þurfa þó að vera í minnihluta skv. 2. mgr. 65. gr. hfl. Stjórn félagsins ákveður laun og starfskjör framkvæmdastjórans skv. 2. mgr. 79. gr. hfl. Ástæðan að ekki er æskilegt að meirihluti stjórnarmanna séu jafnframt framkvæmdastjórar er vegna eftirlitsskyldu stjórnarinnar með daglegum rekstri. Heppilegast væri að meirihluti stjórnarmanna væri óháður félaginu, stórum hluthöfum og daglegum stjórnendum þess. Stjórnin sjálf ætti að meta óhæði nýrra stjórnarmanna fyrir aðalfund og gera matið aðgengilegt fyrir hluthafa. Sem dæmi væri stjórnarmaður ekki óháður ef hann hefur þegið greiðslur frá félaginu t.d. sem ráðgjafi eða verktaki sl. þrjú ár áður en hann gefur kost á sér til stjórnarsetu eða ef hann er í miklum viðskiptum við félagið og hefur mikilla viðskiptahagsmuna að gæta.⁵⁷

Skylda stjórnar til að semja ársreikning

⁵⁵ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 263.

⁵⁶ Í einkahlutafélögum er ekki skylda að ráða framkvæmdastjóra.

⁵⁷ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 15-16.



Í hlutfélagalögum kemur fram að stjórn ber skylda til að semja ársreikning fyrir félagið sbr. 3. gr. laga um ársreikninga nr. 3/2006 (árl.) ásamt því að semja skýrslu stjórnar skv. 65. gr. árl. en á meðal þess sem á að upplýsa um í skýrslu stjórnar er í hverju aðalstarfsemi félagsins er fólgin, um atriði sem eru mikilvæg til að meta fjárhagslega stöðu félagsins og afkomu þess á reikningsárinu sem ekki er að finna í efnahags- eða rekstrarreikningi, um mögulega óvissu við mat á fjárhagslegri stöðu, um þróunina í starfsemi félagsins og þróun fjárhagslegrar stöðu þess, um markverða atburði sem hafa gerst frá lokum reikningsárs. Auk þess sem stjórn setur fram í skýrsluna tillögu um ráðstöfun hagnaðar eða jöfnunar taps á síðasta reikningsári. Tilgreina á breytingar á fjölda hluthafa og tilgreina sérstaklega þá sem eiga a.m.k. 10% hlutfjár í lok ársins og um atkvæðagildi hluta þeirra. Ef félagið er hluti af samstæðu þá eiga upplýsingar um öll félög samsteypunnar að koma fram í skýrslu stjórnar móðurfélagsins. Fleiri skyldur eru lagðar á stjórnarmenn samkvæmt ársreikningalögum sem stjórnarmenn þurfa að þekkja. Má þar nefna skyldu stjórnar til að sjá um samskipti við endurskoðendur og ber að koma á framfæri til þeirra þeim gögnum sem stjórnin telur að hafi þýðingu við endurskoðun félagsins skv. 1. mgr. 103. gr. árl. auk þess að afhenda endurskoðendum öll þau gögn sem þeir telja sig þurfa skv. 2. mgr. 103. gr. árl. Auk þess þarf stjórn að varðveita á tryggan hátt þær ábendingar og athugasemdir sem koma frá endurskoðendum og á að skrá þær í sérstaka endurskoðunarbók eða varðveita á annan skriflegan máta skv. 105. gr. árl.

Gerð starfskjarastefnu

Stjórnnum stærri hlutfélaga⁵⁸ ber skylda til að samþykkja starfskjarastefnu fyrir félagið þar sem laun og aðrar greiðslur til forstjóra, æðstu stjórnenda og stjórnarmanna eru tilgreind skv. 79. gr. a hfl. Þar eiga að koma fram öll meginatriði um starfskjör þessara aðila og um stefnu félagsins varðandi samninga við stjórnarmenn. Auk þess skal koma fram hvort og þá hvers konar umbun skal koma til viðbótar grunnlaunum s.s. með afhendingu hluta, árangurstengdra greiðslna, upplýsingar um kaup- og sölurétti, forkaupsrétti og um lífeyrissamninga og starfslokasamninga. Samkvæmt 5. tl. 2. mgr. 79. gr. a. hfl. er óheimilt að veita stjórnarmönnum hlutabréf, kaup- eða sölurétt, forkaupsrétt og annars konar greiðslur sem tengdar eru hlutabréfum í félaginu eða þróun verðs hlutabréfa félagsins. Þetta ákvæði kom nýtt inn með 7. gr. laga nr. 68/2010 og kemur fram í greinargerð með frumvarpi til laganna að ákvæðið sé sett þar sem starfskjarastefna í fyrirtækjum hafi oft á

⁵⁸ Stærri hlutfélög teljast þau félög sem fara í tvö ár í röð fram úr tvennum af þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. árl.



tíðum tekið mið af skammtímasjónarmiðum í stað langtímahagsmuna félagsins. Er ákvæðið sett til að tryggja m.a. að starfslokagreiðslur séu ekki inntar af hendi í kjölfar slaks árangurs og þurfi því að hafa árangur félags í huga við að takmarka þann hluta starfskjara sem eru breytilegir. Komu þessar breytingartillögur í kjölfar tilmæla framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins sem sameiginlega EES-nefndin samþykkti vegna fjármálahrunsins 2008.⁵⁹ Er þessi stefna einnig í samræmi við ráðleggingar sem danska Nørby nefndin⁶⁰ hefur sett fram í sínum leiðbeiningum um stjórnarhætti skráðra hlutafélaga í Danmörku. Nefndin telur ekki æskilegt að stjórnarmönnum séu veittir kaupréttir heldur ætti umbun þeirra að vera tengd árangri sem stuðlar að langtímahagsmunum félagsins. Auk þess ætti að vera augljóst og alls ekki flókið að skilja hvernig laun þeirra ákvarðast.⁶¹ Næstum öll lönd OECD hafa sett fram leiðbeiningar um stjórnarhætti í félögum slíkar reglur eru því útbreiddar á alþjóðavísu. Síðan er aftur á móti spurningin hvort þróun reglanna verði samleit eða sundurleit milli landa. Hvort þróunin verði sú að meginreglur verði sameiginlegar eða hvort mismunandi reglur verði þróist í hverju landi fyrir sig. Evrópusambandsreglur kveða á um að ríki sambandsins setji slíkar reglur m.a. hvað varðar umbun stjórnarmanna fyrir stjórnarstörf og um óhæði stjórnarmanna.⁶²

Starfskjarastefna er að hluta til bindandi fyrir stjórn og er það varðandi 3. tl. 1. mgr. 79. gr. a. hfl. um hlutabréf en að öðru leyti er starfskjarastefnan leiðbeinandi en þó þarf stjórnin að rökstyðja sérstaklega í hverju tilviki og skrá í gerðarbók ef vikið er frá starfskjarastefnunni. Starfskjarastefnuna skal samþykkja á aðalfundi félagsins.

3.1.7 Verkefni sem hluthafafundur felur stjórn sérstaklega

Stjórn getur verið falið af hluthafafundi að sjá um tiltekin mál svo sem varðandi hækkun hlutafjár með útgáfu jöfnunarhlutabréfa skv. 43. gr. hfl. og um útgáfu áskriftarréttinda skv. 46. gr. hfl. Einnig getur hluthafafundur veitt stjórn heimild til að taka skuldabréfalán sem veitir lánadrottni rétt til að breyta kröfunni í hlut síðar skv. 48. gr. hfl. og ber stjórn þá skyldu til að tilkynna slíkt til hlutafélagaskrár skv. 49. gr. hfl. Ennfremur getur hluthafafundur samþykkt að félagsstjórn taki skuldabréfalán með vöxtum sem miða við

⁵⁹ Alþt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.). 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 960 – 569. mál. Sótt 28. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0960.html>

⁶⁰ Nefndinni var komið á fót af danska viðskiptaráðuneytinu. Starf nefndarinnar er að stuðla að bættum stjórnarháttum innan skráðra félaga í Danmörku og hefur gefið út skýrslu um góða stjórnarhætti sambærilega við leiðbeiningarnar Stjórnarhættir fyrirtækja sem Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins gefa út. Vefsíða nefndarinnar er: <http://www.corporategovernance.dk/>

⁶¹ Werlauff, E. (2006). Bls. 412.

⁶² Hansen, S.F. og Krenchel, J.V. (2006). Bls. 37.



þann arð sem greiddur er hluthöfum skv. 50. gr. hfl. Taki hluthafafundur ákvörðun um skiptingu félagsins hefur stjórn það hlutverk að útbúa skiptingaráætlun og greinargerð líkt og þegar um samruna er að ræða skv. 133. gr. hfl.

3.1.8 Auknar lagaskyldur stjórnar samkvæmt samþykktum félags

Í þeim tilfellum þar sem samþykktir kveða á um tiltekin atriði þá hefur stjórn lagaskyldur skv. hfl. varðandi þau atriði sem þar koma fram, þ.e. stjórn getur fengið auknar lagaskyldur ef samþykktir félagsins kveða á um slíkt. Ef samþykktir félagsins kveða á um að hluthafar eða aðrir hafi forkaupsrétt að hlutum við eigendaskipti þá hefur stjórn skyldu til að upplýsa forkaupsréttarhafa um það ef tilkynning um tilboð berst skv. 3. mgr. 22. gr. hfl. Stjórn hefur þó ekki skyldu til að hafa milligöngu um nýtingu á forkaupsrétti sbr. **Hrd. 2000, bls. 4306** (mál nr.285/2000) 14. desember 2000:

J sem var hluthafi í GG ehf. fékk tilboð í hlutabréf sín í félaginu og í samræmi við samþykktir félagsins sendi hann stjórn tilkynningu um fyrirhugaða sölu vegna forkaupsréttar. Stjórn ákvað að nýta ekki forkaupsrétt en skv. 3. mgr. 14. gr. ehfl. ber stjórn að senda öllum forkaupsréttarhöfum skriflega tilkynningu um tilboð. Bréf þess efnis var sent hluthöfum og var þar einnig tilgreint að senda ætti svar til stjórnar GG ehf. innan ákveðins tíma. X vildi neyta forkaupsréttar og sendi stjórn GG ehf. bréf þess efnis. J hafði hins vegar fengið svar frá D ehf. og G ehf. um að þeir vildu nýta forkaupsrétt og að loknum lögbundnum fresti gengu þeir frá kaupunum við J. X vildi fá viðurkenningu á forkaupsrétti sínum og höfðaði því mál á hendur J, D ehf. og G ehf. en Hæstiréttur sýknaði þá af kröfum X þar sem hann taldist ekki hafa beint tilkynningu sinni til bærs aðila, en það var J, þar eð í lögum væri ekki ákvæði um að stjórn ætti að hafa milligöngu varðandi tilkynningar hluthafa um nýtingu á forkaupsrétti og GG ehf. gat því ekki takmarkað forræði J yfir hlutum sínum.

Ef samþykktir kveða á um að veðsetning, sala og framsal á hlutum skuli vera háð samþykki stjórnar þá skal stjórn taka afstöðu til þess, hvort samþykki skuli veitt eða ekki, innan tveggja mánaða frá því beiðni um samþykki barst skv. 1. og 2. mgr. 23. gr. hfl. Í samþykktum félagsins getur verið kveðið á um að stjórn hafi heimild til að hækka hlutafé en þá þarf að tiltaka upp að hvaða hámarksfjárhæð hækkun sé heimil og hefur heimildin hámark fimm ára gildistíma skv. 41. gr. hfl. Stjórnin hefur heimild til að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins til samræmis við hækkun hlutafjárins skv. 3. ml. 3. mgr. 40. gr. og 1. mgr. 42. gr. hfl. Varðandi lækkun hlutafjár þá er hægt að setja inn í samþykktir félagsins ákvæði um lækkun hlutafjár með því að innleysa hlutafé eftir ákveðnum reglum. Getur félagsstjórn framkvæmt slíka lækkun, og breytt samþykktum til samræmis, sé slíkum reglum til að dreifa í samþykktum félagsins skv. 54. gr. hfl. Stjórn hefur þó lagaskyldu til lækkunar hlutafjár skv. 61. gr. í þeim tilfellum þar sem félag hefur eignast eigin hluti án heimildar hlutafélags s.s. á grundvelli dómsúrskurðar vegna minnihlutaverndar eða ef



félagið hefur keypt á nauðungarsölu hluti til að fullnægja kröfu sem félagið á skv. 2. og 4. tl. 57. gr. hfl. Í þeim tilfellum sem áður eru nefnd hefur félagið hámark sex mánuði til að láta þessa hluti af hendi til annarra aðila ella ber stjórninni eins og áður sagði að lækka hlutaféð til samræmis.

3.2 Hæfi stjórnarmanna

Hæfisskilyrði sem stjórnarmenn þurfa að uppfylla má skipta í almenn og sérstök hæfisskilyrði. Almenn hæfisskilyrði sem þeir þurfa að uppfylla er að finna í 66. gr. hfl. Þar segir að stjórnarmenn þurfa að vera lögráða en í því felst að þeir þurfa að vera orðnir 18 ára og mega ekki hafa verið sviptir lögræði. Þeir þurfa að vera fjár síns ráðandi og mega því ekki vera gjaldþrota. Einstaklingur sem hefur hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur samkvæmt almennum hegningarlögum eða lögum um hlutafélög, einkahlutafélög, bókhald, ársreikninga og gjaldþrot má ekki gerast stjórnarmaður í hlutafélagi næstu þrjú ár á eftir.

Ákvæðið um að einstaklingur megi ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað var nýmæli í lögum um hlutafélög nr. 32/1978 og var að finna í 50. gr. þeirra laga, þó var það afmarkað við verknað sem um ræddi í 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga (hgl.)⁶³. Í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um hlutafélög nr. 32/1978, sem varð að lögum nr. 137/1994 var að finna leiðréttingu á tilvísun til almennra hegningarlaga og skyldi vísað til 2. mgr. 68. gr. hgl. í stað 1. mgr. 68. gr. hgl. eins og áður var gert. Auk þess var að finna tillögu um að í 50. gr. laganna yrði sett ákvæði sem koma ætti í veg fyrir að stjórnarmaður sem hefði setið í stjórn félaga og gjaldþrotaúrskurður hefði oftast en einu sinni verið verið kveðinn upp í þeim félögum, gæti sest í stjórn félags í sams konar eða svipuðum rekstri fyrr en eftir að þrjú ár hefðu liðið frá síðasta gjaldþrotaúrskurði.⁶⁴ Þetta ákvæði hefði mögulega getað dregið úr svokölluðu kennitöluflakki þar sem einstaklingar hafa ítrekað lent með félög í þrot en stofnað fljótt aftur ný félög með nýja kennitölu og haldið áfram rekstri. Ákvæðið var hins vegar fellt út í meðförum þingsins eins og reyndar tilvísunin til 2. mgr. 68. gr. hgl. og varð ákvæðið orðrétt samhljóða núgildandi ákvæði 66. gr. hfl. þar sem vísað er í almenn hegningarlög í heild sinni ásamt þeim lögum sem áður voru upp talin. Hafi stjórnarmaður hlotið dóm fyrir brot á þeim lögum sem um ræðir í ákvæðinu þá telst hann

⁶³ Alþt. Frumvarp til laga um hlutafélög nr. 32/1978. 99. löggjafarþing 1977-1978. Þskj. 526 – 49. mál. Sótt 17. janúar 2011 <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=99&mnr=49>

⁶⁴ Alþt. Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum. 118. löggjafarþing 1994-1995. Þskj. 99 – 96. mál. Sótt 17. janúar 2011 af: <http://www.althingi.is/alttext/118/s/0099.html>



ekki hæfur til að sitja í stjórn hlutafélags í þrjú ár frá uppkvaðningu dómsins óháð því hver refsiviðurlögin voru s.s. fangelsi eða fésektir. Þá þarf brotið að hafa verið framið í tengslum við atvinnurekstur en ákvæðið á ekki við t.d. ef einstaklingur hefur verið dæmdur fyrir skattalagabrot vegna persónulegra skattskila.⁶⁵ Er í þessu sambandi vert að skoða **Hrd. í máli nr. 385/2007** frá 5. júní 2008:

Í málinu var JÁ, sem var forstjóri almenningshlutafélags, ákærður og fundinn sekur um rangfærslur í niðurstöðum reikningsskila sem orsökuðu það að félagið virtist standa betur en það raunverulega gerði og hafði það áhrif á verðmyndun félagsins á hlutabréfamarkaði. Varðaði brotið við 2. mgr. 262. gr. hgl. sbr. 3. tl. 1. mgr. 37. gr. laga nr. 145/1994 um bókhald og taldist brot hans því vera stórfellt bókhaldsbrot. Fékk JÁ þriggja mánaða skilorðsbundinn dóm.

Auk þess að vera forstöðumaður almenningshlutafélags þá sat JÁ í stjórnnum fjölmargra fyrirtækja á sama tíma og samkvæmt 66. gr. hfl. mátti hann ekki starfa sem stjórnarmaður í félögum í þrjú ár frá dómsuppkvaðningu. Hins vegar virðist sem ekki hafi verið gengið á eftir því að þessari reglu væri framfylgt þar sem JÁ var enn skráður stjórnarmaður í fjölmörgum félögum hálfu ári eftir dómsuppkvaðningu. Í kjölfar þessa var þó farið að huga að því að móta regluverk til að framfylgja þessu lagaákvæði.⁶⁶ Í svari við fyrirspurn höfundar til ríkisskattstjóra kom fram að í mars 2011 eru reglurnar enn í vinnslu vegna vandkvæða sem upp hafa komið m.a. vegna persónuverndarsjónarmiða.⁶⁷ Enn hafa því engar reglur verið mótaðar og teknar í notkun til að tryggja að reglu skv. 66. gr. hfl. sé fylgt af samkvæmni.

Búsetuskilyrði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra er að finna í 2. mgr. 66. gr. hfl. en þar segir að framkvæmdastjórar og að minnsta kosti helmingur stjórnarmanna skuli vera búsettir hér á landi nema sérstök undanþága ráðherra sé gefin frá því. Ríkisborgarar ríkja sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið (e. European Economic Area), Fríverslunarsamningi Evrópu (e. European Free Trade Association)⁶⁸ eða eru ríkisborgarar Færeyja mega þó vera stjórnarmenn og framkvæmdastjórar ef þeir færa sönnur á ríkisborgararétt sinn og búsetu.

Sérstök hæfisskilyrði koma til skoðunar þegar stjórn hefur mál til meðferðar sem tengist ákveðnum stjórnarmanni. Í 72. gr. hfl. segir að stjórnarmaður megi ekki taka þátt í

⁶⁵ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 247.

⁶⁶ Morgunblaðið. (2008, nóvember). *Byrjað að móta reglur*. Sótt 28. janúar 2011 af: http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1255687&searchid=0519f-087e-d31b8

⁶⁷ Svala Hilmarsdóttir (munnleg heimild 2. mars 2011)

⁶⁸ Hér er þá átt við öll aðildarríki Evrópusambandsins auk Efta ríkjanna Íslands, Lichtensteins og Noregs.



málsmeðferð í eftirfarandi tilvikum þegar samningar eru gerðir eða þegar ákvarðanir eru teknar um málshöfðun:

- Ef um er að ræða samningagerð milli félagsins og stjórnarmannsins
- Ef um er að ræða ákvörðun stjórnar um málshöfðun félagsins gegn viðkomandi stjórnarmanni.
- Ef ákvörðun snýr að samningagerð milli félagsins og þriðja manns ef stjórnarmaður hefur þar verulegra hagsmuna að gæta, hagsmuna sem kunna að ganga gegn hagsmunum félagsins.
- Ef um er að ræða ákvörðun um málshöfðun gegn þriðja manni og stjórnarmaður hefur þar verulegra hagsmuna að gæta sem kunna að ganga gegn hagsmunum félagsins.

Stjórnarmanni ber að upplýsa aðra stjórnarmenn um hagsmunatengsl sín ef þessi staða kemur upp því stjórnarmaður telst þá vanhæfur til að fjalla um þessi tilteknu mál. Sé t.d. um samningagerð að ræða þá væri hann vanhæfur til að taka þátt í öllum ákvörðunum sem teknar eru í aðdraganda og sem leitt geta til sammings. Þegar um ákvarðanir um málshöfðun er að ræða þá er um að ræða mál sem fara til málsmeðferðar fyrir almennum héraðsdómstólum sem höfðað er af hálfu félagsins en ekki ef ætlunin er að höfða mál gegn félaginu.⁶⁹ Í **Hrd. 1989, bls. 776** (mál nr. 100/1988) frá 16. maí 1989 var einmitt uppi ágreiningur um hvort stjórnarmenn hefðu verið vanhæfir til að gera samning vegna sölu hlutafjár:

Í málinu var uppi ágreiningur um gildi ákvörðunar stjórnar F hf. um að selja T hf. rúman 40% hlut í félaginu en tveir af stjórnarmönnum F hf. voru jafnframt eigendur og stjórnarmenn T hf. Fyrir söluna var staða F hf. sú að einungis var einn hluthafi S sem átti rúm 42% í félaginu en aðra hluti átti félagið sjálft. Vegna lagaskyldu skv. 46. gr. þágildandi hfl. nr. 32/1978 bar félaginu skylda til að losa sig við eigin hluti.⁷⁰ Tók stjórnin ákvörðun um að bjóða hlutina til sölu þar eð hluthafinn S ætlaði sér ekki að nýta sér forkaupsrétt sinn. Stjórnin bauð öllum starfsmönnum F hf. ásamt starfsmönnum Á hf. dótturfélags þess og öðrum íbúum hreppsins að kaupa hlutabréf í F hf. á þreföldu nafnverði og var öllum aðilum sent bréf með þessu tilboði sem auk þess tilgreindi greiðsluskilmála og vaxtakjör. Stjórnarmenn F hf. sem stofnuðu T hf. í þeim tilgangi að kaupa hlutabréf skv. tilboði stjórnar F hf. ákváðu að kaupa 20% hlut í félaginu. Taldi S sem átti rúm 42% að um hagsmunaárekstur væri að ræða og að stjórnarmennirnir hefðu verið vanhæfir til að fjalla um söluna til T hf. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þar sem kaupverð og greiðslukjör lágu fyrir áður en T hf. ákvað að kaupa hluti og verð til þeirra því sama og almennt var boðið öllum þeim sem áskorun um tilboð var beint til að ekki bæri að ógilda söluna á grundvelli vanhæfis stjórnarmannanna. Þó þeir hefðu átt verulegra hagsmuna að gæta þá var það ekki síður hagsmunir F hf. að ná að selja sem flesta hluti og líkur á að slíkt

⁶⁹ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 249.

⁷⁰ Sbr. núgildandi 59. og 60. gr. hfl. eftir því hvernig það er tilkomið að félagið eignaðist eigin hluti.



gæti verið vandkvæðum búið þar sem áhugi í byggðarlaginu á kaupum hluta í F hf. var hverfandi.

Í þessu máli hafði það úrslitaáhrif að stjórnarmennirnir komu ekki að því að semja sérstaklega um verð til T hf. heldur var búið að ákveða verð til allra sem mögulega hefðu áhuga á að kaupa hlutabréf, þeir fengu því sömu kjör og allir aðrir og því ekki um að ræða óeðlilegan samning vegna hagsmunatengsla stjórnarmannanna.

Má í þessu sambandi einnig skoða **Hrd. 1998, bls. 4457** (mál nr. 464/1998) frá 17. desember 1998:

Í héraðsdómi var J, sem var stjórnarformaður í P ehf., sagður hafa brotið gegn 48. gr. og 1. mgr. 51. gr. ehfl.⁷¹ með því að afsala sjálfum sér vörubifreið frá félaginu, þar sem hann ritaði undir bæði sem kaupandi og seljandi. Fór Á sem einnig var hluthafi í P ehf. í mál til að fá greiddar skaðabætur. Dómurinn tók efnislega afstöðu í málinu varðandi söluna á bílnum og taldi að J hafi brotið umrædd ákvæði ehfl. þegar hann seldi sjálfum sér bílinn. Að öðru leyti var ekki tekin afstaða til málsins í héraðsdómi og var því var vísað frá dómi vegna vanreifunar á skaðabótakröfu Á og var sú niðurstaða staðfest í Hæstarétti.

Af dóminum má ráða að stjórnarmenn þurfa að gæta þess að taka ekki þátt í gerð samninga þegar þeir hafa persónulegra hagsmuna að gæta. Er ekki ólíklegt að Á hefði getað fengið skaðabætur frá J hefði skaðabótakrafan verið betur rökstudd og málinu ekki verið vísað frá vegna vanreifunar.

Við samningagerð milli félaga sem hafa stjórnunarleg tengsl eða önnur tengsl þarf einnig að gæta að því að hagsmunir annars félagsins séu ekki fyrir borð bornir. Hér er vert að líta til **Hrd. 2004, bls. 1060** (mál nr. 292/2003) frá 4. mars 2004 þar sem stjórn félagsins TL ehf. ráðstafaði eignum félagsins til tveggja annarra félaga T hf. og H hf. sem var móðurfélag TL ehf. Einn stjórnarmaður átti sæti í öllum þremur félögum auk þess sem kom fram í dómnum að svo virtist sem stjórnarformaður TL ehf. hafi haft takmarkað sjálfstæði gagnvart H hf. Var ráðstöfunin til hagsbóta fyrir T hf. og H hf. en bú TL ehf. var skilið eftir eignalaust við gjaldþrotaskipti til tjóns fyrir kröfuhafa þess. Voru T hf. og H hf. dæmd til greiðslu skaðabóta. Samkvæmt þessari niðurstöðu virðist því vera að undir ákveðnum kringumstæðum geti aðrir en stjórnarmenn, í þessu tilfelli móðurfélag og tengt félag, verið látin bera sambærilega ábyrgð og stjórnarmenn í félögum geta þurft að bera, þó hér hafi það verið gert á grundvelli skaðabótaréttar.

⁷¹ Samsvarandi við 72. gr. og 76. gr. hfl. varðandi vanhæfi stjórnarmanns til að taka þátt í samningagerð ef hann hefur þar verulegra hagsmuna að gæta og um bann við því að gera ráðstafanir sem eru bersýnilega fallnar til að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins



3.3 Sérreglur um hæfi stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum

Fjármálafyrirtæki starfa eftir lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 (fftl.). Markmið laganna koma fram í 1. gr. fttl. en lögín eru sett til að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Þetta ákvæði kom nýtt inn í lögín með 1. gr. laga nr. 75/2010 en þá voru gerðar umfangsmiklar breytingar á lögnum. Ákvæðið var ekki í upprunalega frumvarpinu heldur kom nýtt inn í kjölfar nefndarálits og breytingartillögu 1. minnihluta viðskiptanefndar en þar kom fram að aðrar greinar í frumvarpinu og í lögnum í heild ættu að vera túlkaðar út frá markmiði laganna til að tryggja að fjármálafyrirtæki væru rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt.⁷² Fjölmargar breytingar aðrar voru gerðar en í greinargerð með frumvarpi til laganna kom fram að skipuð var nefnd í kjölfar fjármálaáfallanna haustið 2008 til að endurskoða hvort innlent regluverk hafi brugðist og til að bæta mætti virkni þess til að koma í veg fyrir að viðlíka atburðir endurtækju sig.⁷³

Hæfisskilyrði stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum er að finna í 52. gr. fttl. en þar segir í 1. mgr. að stjórnarmenn þurfi að vera búsettir í aðildarríki OECD en Fjármálaeftirlitið (FME) hefur þó heimild til að veita undanþágu frá búsetuskilyrði. Eins og stjórnarmenn í almennum hlutafélögum skulu stjórnarmenn fjármálafyrirtækja vera lögráða en þurfa auk þess að hafa óflekkað mannorð. Þeir mega ekki hafa verið úrskurðaðir gjaldþrota fimm árum fyrir stjórnarsetu og mega ekki hafa hlotið dóm fyrir refsiverðan verknað í tengslum við atvinnurekstur síðastliðin tíu ár. Er þá átt við brot gegn almennum hegningarlögum, samkeppnislögum, hlutafélagalögum, einkahlutafélagalögum, bókhaldslögum, ársreikningalögum, gjaldþrotalögum og lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda auk sérlaga sem gilda um aðila sem lúta opinberu eftirliti með fjármálastarfsemi skv. 2. mgr. 52. gr. fttl. Stjórnarmenn þurfa einnig að vera fjárhagslega sjálfstæðir og að hafa háskólapróf sem nýtist í starfi en þó hefur FME heimild til að veita undanþágur frá menntunarkröfum á grundvelli reynslu og þekkingar viðkomandi. Einnig er tekið fram að þeir þurfi að hafa næga þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt. Háttsemi þeirra má ekki hafa verið á þann veg að hægt sé að efast um hæfni þeirra til að stýra traustum og heilbrigðum rekstri eða að þeir séu líklegir til að misnota aðstöðu sína eða

⁷² Alþt. Nefndarálit og breytingartillaga um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1114 – 343. mál. Sótt 21. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/1114.html>

⁷³ Alþt. Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 614– 343. mál. Sótt 21. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/alttext/138/s/0614.html>



skaða félagið skv. 3. mgr. 52. gr. ffl. FME setur reglur um fjárhagslegt sjálfstæði stjórnarmanna og framkvæmdastjóra og um hvernig staðið skuli að hæfismati.⁷⁴

Samkvæmt 4. mgr. 52. gr. ffl. má stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki ekki eiga sæti í stjórn annars eftirlitsskylds aðila eða aðila sem er tengdur honum. Undantekning frá því er ef félagið er að hluta eða öllu leyti í eigu fjármálafyrirtækisins eða félags sem hefur yfirráð í því.⁷⁵ Í slíkum tilfellum þarf FME að meta það svo að stjórnarsetan skapi ekki hættu á hagsmunaárekstrum á fjármálamarkaði.⁷⁶ Stjórnarmaður má heldur ekki vera starfsmaður, lögmaður eða endurskoðandi annars eftirlitsskylds aðila eða félaga sem eru í nánnum tengslum við fjármálafyrirtækið. Lögmaður móðurfélags getur þó tekið sæti í stjórn fjármálafyrirtækis með sömu skilyrðum um mat FME á mögulegum hagsmunaárekstrum.⁷⁷ Stjórnarmenn í fjármálafyrirtækjum mega ekki jafnframt vera starfsmenn félagsins. Fjármálafyrirtæki hafa þá skyldu að tilkynna FME um hverjir skipa stjórn og einnig um allar breytingar sem síðar verða og þarf sú tilkynning að innihalda allar upplýsingar sem þörf er á til að meta hvort hæfisskilyrðum sé fullnægt skv. 7. mgr. 52. gr. ffl.

Framangreindu ákvæði 52. gr. ffl. var breytt töluvert með 39. gr. laga nr. 75/2010. Fyrir breytingu samanstóð 52. gr. af þremur málsgreinum en er nú sjö málsgreinar og hafa hæfiskröfurnar verið auknar töluvert. Gildistaka þessara reglna í 52. gr. verður 1. júlí 2011 nema ákvæði 4. mgr. 52. gr. ffl. um stjórnarsetu tók gildi 1. apríl 2011. Fram til 1. júlí 2011 gildir reglan skv. fyrra orðalagi 52. gr. ffl. um að fimm ár skuli líða frá bæði gjaldþrotáurður og frá því stjórnarmaður fékk dóm vegna refsiverðrar háttsemi í atvinnustarfsemi til að heimilt sé að taka sæti í stjórn. Lenging tímafrestsins í tíu ár kom inn í löginn með breytingartillögu⁷⁸ sem gerð var í kjölfar nefndarálits frá meirihluta viðskiptanefndar. Þar kom fram að annars konar tímaviðmið ætti að gilda um brot gegn almennum hegningarlögum eða sérlögum og hinsvegar um gjaldþrotáurður viðkomandi.⁷⁹ Má draga þá ályktun að litið væri svo á að það ætti að hafa alvarlegri afleiðingar að hafa framið brot á lögum og því þyrftu að líða tíu ár þar til viðkomandi ætti

⁷⁴ Framangreind ákvæði 1., 2. og 3. mgr. 52. gr. ffl. taka ekki gildi fyrr en 1. júlí 2011.

⁷⁵ Skv. 5. mgr. 52. gr. ffl. og 6. mgr. 52. gr. ffl.

⁷⁶ Skv. 6. mgr. 52. gr. ffl. og skal við matið horfa til eignarhalds og tengsla félagsins við aðra aðila á fjármálamarkaði með það í huga hvort slík tengsl geti skaðað heilbrigðan og traustan rekstur fjármálafyrirtækisins.

⁷⁷ Skv. 5. mgr. 52. gr. ffl.

⁷⁸ Alþt. Breytingartillaga við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1096 – 343. mál. Sótt 25. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/138/s/1096.html>

⁷⁹ Alþt. Nefndarálit um frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1095 – 343. mál. Sótt 25. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/138/s/1095.html>



Þess kost að taka sæti í stjórn fjármálafyrirtækis. Það má velta fyrir sér hvernig framkvæmd þessarar reglu muni vera þ.e. hverjir og hvernig eigi að fylgjast með því hvaða tilvonandi stjórnarmenn hafi fengið refsidóma síðastliðin tíu ár. Það eru ákveðnir vankantar varðandi heimildir til upplýsingaöflunar um refsidóma einstaklinga. Sakavottorð til einstaklinga sjálfra eru almennt ekki með upplýsingum nema 3- 5 ár aftur í tímann. Þó kemur fram í reglum um sakaskrá ríkisins⁸⁰ að ákveðnar opinberar stofnanir geti fengið sakavottorð allt að tíu ár aftur í tímann. Í reglunum er FME ekki ein af þeim stofnunum sem talin er upp. Þar segir þó að ríkissaksóknari getur ákveðið að aðrir opinberir aðilar en þeir sem taldir eru upp í lögnum fái afhent sakavottorð eða ákveðnar upplýsingar úr sakaskrá, ef þeir hafa lögvarða hagsmuni af að fá slíkar upplýsingar. Það þarf þá að sýna fram á að FME hafi lögvarða hagsmuni af því að afla sakavottorða um stjórnarmenn fjármálafyrirtækja svona langt aftur í tímann og er það þá að því gefnu að FME hafi það hlutverk að upplýsa fjármálafyrirtæki um sakaferil einstaklinga sem ætla sér að taka að sér stjórnarsetu í félögnum.

Hér má einnig nefna að FME hefur sett fram leiðbeinandi tilmæli nr. 3/2010 um hæfi lykilstarfsmanna í fjármálafyrirtækjum. Þar eru fjármálafyrirtæki skylduð til að setja reglur um hæfi lykilstarfsmanna sem eiga að byggja á hæfisreglum sem koma fram í lögum um fjármálafyrirtæki. Er ekki hægt að skilja tilmælin á annan veg en að tíu ára reglan eigi því einnig að ná yfir alla lykilstarfsmenn í fjármálafyrirtækjum, sem væru þá ýmsir millistjórnendur, sviðsstjórar og einstaklingar í sambærilegum stöðum. Slíkt gæti á sama hátt reynst snúið í framkvæmd, að fjármálafyrirtækin sjálf þurfi að kanna bakgrunn og sakaskrá margra aðila áður en þeir væru ráðnir í slíkar lykilstöður en hvorki fjármálafyrirtæki né einstaklingarnir sjálfir hafa ekki aðgang að sakaskrá tíu ár aftur í tímann. Leiðbeinandi tilmæli FME hafa þó ekki lagagildi⁸¹ en starfsleyfi fjármálafyrirtækja eru háð samþykki FME og því nauðsynlegt að fylgja þeim reglum sem FME setur. Hér má einnig velta upp þeirri spurningu hvort atvinnufrelsi manna séu settar of miklar skorður með þessum tilmælum sem væri andstætt 75. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944. Þar er kveðið á um að atvinnufrelsi megi setja skorður með lögum ef almannahagsmunir krefjist þess.

Krafan um að stjórnarmenn þurfi að vera fjárhagslega sjálfstæðir og að vera með háskólapróf er töluverð breyting frá því sem áður var en þá var einungis ákvæði í lögnum

⁸⁰ Reglur nr. 680/2009. Sótt 25. mars 2011 af <http://www.stjornartidindi.is/Advert.aspx?ID=1aab5aae-a900-4eea-b1ea-8d435927f8fc>

⁸¹ Samkvæmt því sem fram kemur í álitum Umboðsmanns Alþingis í máli nr. 5815/2009.



um að þeir ættu að búa yfir nægilegri þekkingu og starfsreynslu til að geta gegnt stöðu sinni á tilhlýðilegan hátt sem reyndar stendur áfram í lögnum sem og ákvæðið um að hafa ekki sýnt af sér háttsemi sem gefur tilefni til að ætla að þeir muni misnota aðstöðu sína eða skaði fyrirtækið.⁸² Auk þess sem krafan um að þeir standist hæfismat hjá FME er nýmæli. FME hefur framkvæmt lögbundin hæfismöt frá gildistöku laganna og fram til mars 2011 þar sem 47 stjórnarmenn fjármálafyrirtækja voru metnir og var niðurstaðan sú að 35 reyndust hæfir en tólf þurftu að endurtaka hæfismatið og stóðust ellefu það í annarri tilraun en einn stóðst ekki hæfismat.⁸³

Af þessu má sjá að gerðar eru auknar menntunar og hæfniskröfur til þeirra einstaklinga sem taka sæti í stjórnnum fjármálafyrirtækja og má færa rök fyrir því að slíkt sé nauðsynlegt m.a. með hagsmuni samfélagsins í huga þar sem fjármálafyrirtæki eru ómissandi í hverju samfélagi og mikilvægt að stjórnendur þeirra hafi þekkingu og hæfni til að stýra slíkum fyrirtækjum.

3.4 Stjórnarfundir

Stjórnarformaður boðar til stjórnarfunda skv. 2. mgr. 70. gr. hfl. Í starfsreglum stjórnar á að tilgreina tíðni stjórnarfunda en þó geta stjórnarmenn krafist þess að stjórnarfundur sé haldinn sjái þeir ástæðu til þess skv. 2. ml. 2. mgr. 70. gr. hfl. Stjórn telst vera ákvörðunarbær þegar meiri hluti stjórnarmanna eru mættir á fund nema gerðar séu strangari kröfur um ákvörðunarbærni stjórnar í samþykktum félagsins skv. 1. mgr. 71. gr. hfl. Jafnframt dugir einfaldur meirihluti til ákvarðanatöku nema samþykktir segi annað skv. 2. mgr. 71. gr. hfl. Sé verið að taka ákvörðun sem er mikilvæg fyrir félagið þurfa allir stjórnarmenn að hafa fengið tækifæri til þess að fjalla um málið sé þess kostur skv. 2. ml. 1. mgr. 71. gr. hfl. Það sem gerist og þær ákvarðanir sem teknar eru á hluthafafundum skal skrá í sérstaka gerðarbók og þurfa þeir stjórnarmenn sem sátu fundinn og áttu þátt í ákvörðunum sem teknar voru að skrá nafn sitt undir fundargerðina í gerðarbókina skv. 4. mgr. 70. gr. hfl. Sé stjórnarmaður ósammála ákvörðun stjórnar þá á hann rétt á að fá mótmæli sín bókuð í gerðarbókina. Varðandi mikilvægi þess að halda gerðabók þá má líta til **Hrd. 2000, bls. 2008** (mál nr. 501/1999) frá 25. maí 2000:

Félagið G ehf. krafði ríkið um endurgreiðslu á gjöldum sem höfðu verið greidd vegna innflutnings á forsteiktum kartöflum en gjöldin höfðu verið dæmd ólögmat af Hæstarétti. Félagið sem höfðaði málið kvaðst hafa fengið kröfuna framselda frá félaginu Ga ehf. sem

⁸² Krafan um fjárhagslegt sjálfstæði og háskólamenntun tekur gildi 1. júlí 2011.

⁸³ Fjármálaeftirlitið. (2011, mars). *47 stjórnarmenn hafa farið í hæfismat*. Sótt 26. mars 2011 af: <http://fme.is/?PageID=14&NewsID=616>



hafði greitt gjöldin. Gögnin um framsal á kröfunni milli félaganna voru ófullkomin og dómurinn áleit að þessi ráðstöfun teldist vera óvenjuleg og mikilsháttar og hefði því átt að vera bókuð í gerðarbók stjórnar en slíkt hafði ekki verið gert. Hefði ekki verið sýnt framá að G ehf. gæti haft aðild í málinu og var ríkið sýknað af kröfum G ehf.

Í málinu var um háar fjárhæðir að ræða og var það því afdrifaríkt fyrir félagið að ekki lægju fyrir skýr gögn um framsalið og að það hafi ekki verið skráð í gerðarbók stjórnar

3.5 Hlutverk stjórnar á hluthafafundum

Stjórn félags hefur það hlutverk með höndum að boða til hluthafafunda skv. 1. mgr. 87. gr. hfl. Sinni stjórn ekki því hlutverki sínu hafa hluthafar þann möguleika að fá ráðherra til að boða til hluthafafundar, nú ráðherra efnahags- og viðskiptaráðuneytis skv. 2. mgr. 87. gr. hfl. Má hér benda á dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. **E-7312/2004** frá 6. júní 2006 en þar kom fram að fyrirsvarsmenn einkahlutafélags sinntu því ekki ítrekað að halda hluthafafundi og í a.m.k. þrjú skipti var boðað til funda með atbeina þáverandi viðskiptaráðherra að ósk hluthafa.

Hluthafar geta krafist þess að aukafundur sé haldinn skv. 85. gr. hfl. og skal stjórn þá boða til fundar. Má varðandi þetta ákvæði skoða **Hrd. 2001, bls. 2666** (mál nr. 256/2001) frá 10. júlí 2001:

Í málinu var ágreiningur um hvort stjórn L hf. væri heimilt að ákveða sjálf og ganga frá kaupum á öllu hlutafé í F ehf., að hluta með því að gefa út hlutabréf í L hf., án þess að bera kaupin undir hluthafafund. Var krafist lögbanns á að seljandi F ehf. gæti hagnýtt sér þann rétt sem fylgdi hlutafjáreign hans í L hf. Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að aukafundar hafði verið krafist á lögmatan hátt af hluthöfum sbr. skilyrði 85. gr. hfl. áður en af kaupunum varð. Litið var til þess að kaupin gátu verið til þess fallin að raska rétti hluthafa samkvæmt 76. gr. hfl. sem kveður á um að félagsstjórn beri að gæta hagsmuna allra hluthafa félagsins.

Einnig var sambærilegur ágreiningur í **Hrd. 1994, bls. 1642** (mál nr. 315/1994) frá 15. september 1994:

Í dómnum sagði: „*Félagsstjórn og framkvæmdastjóri mega ekki framfylgja ákvörðunum hluthafafundar eða annarra stjórnaraðila félagsins ef ákvarðanirnar eru ógildar vegna þess að þær brjóta í bága við lög eða félagssamþykktir*“ Var 20% hlutur í ÍÚ ehf. seldur án þess að gæta sömu jafnræðisreglu og gætt var þegar hin 80% hlutafjár voru seld skömmu áður. Höfðu hluthafar óskað eftir hluthafafundi skv. 68. gr. þágildandi hfl. nr. 32/1978⁸⁴ áður en stjórnarfundur var haldinn þar sem salan var ákveðin. Var talið að um væri að ræða mikilvæga ráðstöfun sem hluthafar hefðu átt að fá tækifæri til að taka afstöðu til á hluthafafundi og var lögbannsbeiðnin tekin til greina.

⁸⁴ Nú í 85. gr. hfl. en skv. 9. gr. laga nr. 68/2010 var minnihlutavernd skv. 85. gr. hfl. aukin og einungis þarf eigendur 5% hlutafjár til að krefjast fundar í stað 10% áður.



Af þessum dómum má ráða að stjórn þarf að gæta vel að reglum varðandi hluthafafundi og ekki síst reglum varðandi minnihlutavernd hluthafa.

Í stærri hlutafélögum⁸⁵ skal stjórn fara yfir tilkynningar um framboð til stjórnar áður en að hluthafafundi kemur sbr. 3. mgr. 63. gr. a. hfl. og meta hvort gallar séu á framboðstilkynningunni og ef svo er að gefa tækifæri til að lagfæra ágallana en þær upplýsingar sem fram þurfa að koma í framboðstilkynningu er að finna í 2. mgr. 63. gr. a. hfl. Þarf m.a. að upplýsa um hagsmunatengsl við helstu viðskiptaaðila og samkeppnisaðila félagsins og við þá hluthafa sem eiga meira en 10% hlut í félaginu auk almennra upplýsinga um einstaklinginn s.s. menntun, fyrri stjórnarstörf og um hlutafjäreign í félaginu.

Þegar stjórn boðar til hluthafafunda þarf hún að gæta að formreglum sem um slíka boðun gilda s.s. boðun með mest fjögurra vikna fyrirvara (sé ekki kveðið á um lengri tíma í samþykktum) eða minnst viku fyrirvara skv. 88. gr. hfl. Fundarboð þarf að greina frá þeim málefnum sem taka á fyrir á hluthafafundinum. Allir hluthafar hafa heimild til að sækja hluthafafund og hafa þar rétt til að taka til máls skv. 3. mgr. 80. gr. hfl. Heimild er í 80. gr. a. hfl. fyrir stjórn til að ákveða að hluthafar geti kosið rafrænt á hluthafafundum sé ekki ákvæði um annað í samþykktum. Þarf stjórn þá að setja fram kröfur um tæknibúnað til að slíkt sé framkvæmanlegt.

Stjórn þarf að ákveða dagskrá aðalfundarins sem skylt er að geta í fundarboði til hluthafa skv. 3. mgr. 88. gr. hfl. Sérstaklega þarf að gæta að því ef leggja á fyrir aðalfund tillögu um breytingu á samþykktum, þá þarf meginefni tillögunnar að koma fram í fundarboði. Samkvæmt 89. gr. hfl. má ekki taka til endanlegrar úrlausnar málefni sem ekki voru tilgreind í dagskrá fundarins nema allir hluthafar félagsins samþykki. Mögulegt er einnig að boða til aukafundar til að fjalla sérstaklega um slík mál.

Stjórn þarf að taka saman ýmsar upplýsingar fyrir hluthafafund til að geta uppfyllt upplýsingaskyldu sína. Þar á meðal á stjórn að gera samantekt sem leggja þarf fyrir aðalfund þar sem tiltekin er hlutafjäreign einstakra hluthafa og tekin afstaða til réttar þeirra á að greiða atkvæði auk þess sem greina á frá helstu breytingum á hlutafjäreign á árinu. Einnig þarf að tilgreina um samstæðutengsl félagsins skv. 4. mgr. 84. gr. hfl. Einnig þarf stjórn að tilkynna hluthafafundi ef félagið hefur keypt eigin hluti skv. 2. mgr. 56. gr. hfl. af nauðsyn til að afstýra verulegu og yfirvofandi tjóni hjá félaginu en almennt þarf stjórn heimild hluthafafundar til að kaupa eigin hluti skv. 2. mgr. 55. gr. hfl. Í þeim tilfellum sem félag kaupir eigin hluti skv. 1. mgr. 55. gr. hfl. má félagið aldrei eiga meira en 10% af

⁸⁵ Í hlutafélögum sem ber skylda til að kjósa sér endurskoðanda skv. 1.-3. mgr. 98. gr. árl.



hlutafénu. Stjórn þarf einnig að gæta þess að til að heimilt sé að kaupa eigin hluti þarf eigið fé félagsins að vera hærra en sú fjárhæð sem óheimilt er að ráðstafa til úthlutunar á arði skv. 4. mgr. 55. gr. hfl. Í heimildinni til stjórnarinnar skal tilgreina hámarksfjölda hluta og einnig hæstu og lægstu fjárhæð sem félagið má greiða fyrir hlutina skv. 3. mgr. 55. gr. hfl. Í **Hrd. í máli nr. 228/2009** frá 29. október 2009 var ágreiningur um heimild stjórnar til að kaupa eigin hluti:

Hluthafi höfðaði mál gegn stjórn félagsins G þar sem hann taldi að kaup félagsins á eigin hlutum af einkahlutafélögum fyrrum forstjóra G á hærra verði en markaðsgengi brytu gegn 76. gr. hfl. Stjórn hefði með því mismunað hluthöfum á kostnað annarra hluthafa. Hæstiréttur vísaði til þess að skv. 55. gr. hfl. væri hlutafélagi heimilt að eignast með kaupum allt að 10% hluta í sjálfu sér, hafi hluthafafundur heimilað félagsstjórn kaupin og afmarkað hæsta og lægsta verð. Í 55. gr. væri því heimild fyrir frávikum frá 76. gr. hfl. Þegar umrædd kaup hefðu verið gerð, hefði verið til staðar gild heimild sem aðalfundur hefði veitt til slíkra ráðstafana. Kom fram í þeirri heimild að kaupverð eigin hluta mætti ekki víkja meira en 10% frá markaðsverði hluta í kauphöll á hverjum tíma, til hækkunar eða lækkunar. Viðskiptin töldust því innan marka hfl. og stjórnin var sýknuð af kröfu um bótaskyldu.

Það er mikilvægt að gæta að því að hluthafafundir s.s. aðalfundir séu rétt boðaðir og ekki síst af réttum aðilum. Séu verulegir gallar á fundarboði eða heimild þess er boðar fund getur hann verið ólögmatgur og ákvarðanir þannig teknar því ekki bindandi fyrir félagið þ.e. ef þriðja aðila var kunnugt um ágallann.⁸⁶ Er hér vert að skoða **Hrd. 1981, bls. 665** (mál nr. 107/1981) frá 6. maí 1981:

Ágreiningur var um kosningu stjórnar og ákvarðanir hennar í kjölfarið. Stjórnin hafði verið kosin á aðalfundi félagsins S hf. sem einnig var ágreiningur um hvort væri lögmatgur boðaður eða ekki. Í samþykktum félagsins kom fram að stjórn félagsins gæti ein boðið til hluthafafunda. Að boðun aðalfundarins stóðu eigendur 8 hlutabréfa af 30 og aðrir hluthafar ekki boðaðir. Kosning til stjórnarmanna félagsins var því ekki lögleg vegna ólögmatgættis fundarins og umboð þeirra til að skuldbinda félagið því ekki til staðar. Enda vissu viðsemjendur stjórnarinnar, sem voru innan fjölskyldu þeirra, af ágallanum.

Stjórn getur verið skylt að boða til hluthafafundar á tilteknum tíma s.s. þegar eigið fé samkvæmt bókum félagsins er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess, þá á stjórnin að boða til hluthafafundar innan sex mánaða til að greina hluthöfum frá fjárhagslegri stöðu félagsins skv. 5. mgr. 84. gr. hfl. Félagsstjórn getur enn fremur boðað til aukafundar þegar hún telur þess þörf skv. 85. gr. hfl. Viku fyrir hluthafafund er skylt að hafa fyrirbyggjandi á skrifstofu félags ársreikning, skýrslu stjórnar og skýrslu endurskoðenda auk tillagna um starfskjarastefnu sé um aðalfund að ræða í félagi sem stærðar sinnar vegna er

⁸⁶ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 280.



skylt að kjósa sér endurskoðanda.⁸⁷ Er það til þess að hluthafar geti kynnt sér þessi gögn fyrir hluthafafund skv. 4. mgr. 88. gr. hfl.

Stjórn þarf einnig að mæta á hluthafafundi þar sem hún hefur þær skyldur að veita hluthafafundi upplýsingar um málefni félagsins enda á hluthafafundur sem æðsta stjórnareining félagsins að hafa eftirlit með störfum stjórnarinnar og þarf því að hafa möguleika á að krefja þá um upplýsingar.⁸⁸ Geti stjórn ekki svarað á fundinum hefur hún fjórtán daga til að gera upplýsingarnar tiltækar skriflega og senda þeim hluthöfum sem óska þess skv. 2. mgr. 91. gr. hfl.

Stjórn leggur fram tillögu um útgreiðslu arðs fyrir hluthafafund til samþykktar eða synjunar og má hluthafafundur ekki ákveða að úthluta meiri arði en stjórn leggur til skv. 1. mgr. 101. gr. hfl.

3.6 Hlutverk einstakra stjórnarmanna

Hver og einn stjórnarmaður er sjálfstæður og ber persónulega ábyrgð á sínum störfum innan stjórnarinnar. Stjórnarmenn þurfa að geta rækt skyldur sínar og hafa nauðsynlegan tíma og þekkingu til að sinna stjórnarstörfum. Það er nauðsynlegt að þekkja starfsemi félagsins vel og ættu stjórnarmenn að leitast við að taka ávallt sjálfstæðar og upplýstar ákvarðanir.⁸⁹ Stjórnarmenn hafa þá skyldu skv. 67. gr. hfl. að gefa stjórninni skýrslu um hlutafjäreign sína í félaginu sé hún til staðar. Sama á við ef stjórnarmaður á hluti í félögum sem eru hluti af sömu félagasamstæðu, er það hluti af trúnaðarskyldu hans við félagið. Trúnaðarskyldan er óskráð regla en í henni felst að í þeim tilfellum sem hagsmunir félagsins rekast á við hagsmuni stjórnarmanna, hluthafa eigi hagsmunir félagsins að ganga fyrir.⁹⁰ Stjórnarmenn mega ekki misnota aðstöðu sína í viðskiptum með hluti sína við félagið eða félög í sömu samstæðu skv. 2. mgr. 67. gr. hfl. Þeir skulu einnig ávallt hafa hagsmuni félagsins að leiðarljósi og hagsmuni allra hluthafa en ekki bara sumra.

Stjórnarmaður getur krafist þess að haldnir séu stjórnarfundir skv. 2. mgr. 70. gr. hfl. sjái hann ástæðu til þess og sé stjórnarmaður ekki sammála ákvörðun stjórnar á hann rétt á að fá sérálit sitt skráð í gerðarbók sem skylda er að halda til að skrá niður það sem gerist á stjórnarfundum skv. 4. mgr. 70. gr. hfl.

⁸⁷ Skv. 2. tl. 1. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga eru það hlutafélög og einkahlutafélög auk fleiri félaga sem uppfylla tvenn þessara skilyrða: tvö ár í röð fara upp fyrir eignamörk 230 milljóna, að rekstrartekjur nema meira en 460 milljónum og fjöldi ársverka á reikningsári séu 50 eða fleiri sem bera þá skyldu að kjósa sér endurskoðanda.

⁸⁸ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 285.

⁸⁹ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 25.

⁹⁰ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 256-257.



Stjórnarmenn hafa skyldu til að mæta á stjórnarfundum og til að taka þátt í umræðum og greiða atkvæði eftir eigin sannfæringu. Stjórnarmaður getur ekki framselt öðrum umboð sitt til stjórnarsetu né fengið einhvern til að greiða atkvæði fyrir sína hönd. Stjórnarmanni ber einnig að halda trúnað við félagið og hefur einnig ákveðna þagnarskyldu því það getur verið andstætt hagsmunum félags ef stjórnarmaður upplýsti um allt sem væri rætt á stjórnarfundum, slíkt gæti einnig dregið úr opinskárrum umræðu milli stjórnarmanna. Sem dæmi um trúnaðarskyldu stjórnarmanns þá mætti hann ekki sjálfur ganga inn í samning sem félaginu væri boðið og hann hefði vitneskju um fyrir tilstuðlan stjórnarsetu sinnar, þá væri hann án heimildar að nýta sér viðskiptatækifæri sem tilheyrði félaginu, en slíkt er andstætt hlutverki hans sem stjórnarmanns en meginverkefni hans er að gæta hagsmuna félagsins í hvívetna.⁹¹

Ennfremur þarf stjórnarmaður að hafa þekkingu á lögum og reglum sem um starfsemi félagsins gildir og ganga úr skugga um að lögum sé fylgt í rekstri félagsins. Mikilvægt er að stjórnarmenn hafi yfirsýn yfir bæði starfsemi félagsins og yfir það hvaða skyldur hvíla á herðum þeirra sem stjórnarmanna, skorti þá yfirsýn geta þeir annaðhvort með athöfnum eða athafnaleysi átt það á hættu að uppfylla ekki skyldur sínar og orðið að sæta ábyrgð. Til að stjórnarmaður geti sinnt eftirlitshlutverki sínu þarf hann m.a. að óska eftir og kynna sér öll gögn og upplýsingar um rekstur félagsins. Hann ætti einnig að leggja sitt af mörkum til að starfsandi innan stjórnar sé góður.⁹² Stjórnarmaður ætti einnig að gæta þess að ekkert verði til að draga úr trúverðugleika hans og komi upp sú staða að stjórn þurfi að taka ákvarðanir sem snerta einhvern stjórnarmann persónulega þá ætti hann að tilkynna mögulegt vanhæfi sitt til annarra stjórnarmanna skv. 72. gr. hfl. og ekki taka þátt í meðferð máls eða ákvarðanatöku.⁹³

Af þessu má sjá að það er í mörg horn að líta fyrir þá einstaklinga sem ákveða að gefa kost á sér til stjórnarsetu eða samþykkja boð um slíkt. Að sitja í stjórn krefst tíma og þekkingar auk þess sem stjórnarmaður þarf að vera tilbúinn að uppfylla þær lagaskyldur sem stjórnarseta krefst auk þess sem vitneskja þarf að vera til staðar um þá persónulegu ábyrgð sem þeir geta þurft að axla fari eitthvað úrskeiðis.

Stjórnarmenn bera ekki ábyrgð á ákvörðunum stjórnar eftir að þeir segja af sér stjórnarmennsku. Í þeim tilfellum þar sem stjórnarmaður er mótfallinn tillögu, sem stjórn greiðir atkvæði um, þá gæti hann greitt atkvæði á móti henni og látið bóka það í

⁹¹ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 256-258.

⁹² Handbók stjórnarmanna. (2010). Bls. 11.

⁹³ Handbók stjórnarmanna. (2010). Bls. 13-14.



gerðarbókina og sagt sig svo úr stjórninni til að tryggja að hann yrði laus undan sakarábyrgð ef til málssóknar kæmi vegna ákvörðunarinnar. Þó þurfa stjórnarmenn að gæta að ákvæðum 2. og 3. mgr. 64. gr. hfl. ef þeir eða aðrir með þeim í stjórn segja af sér stjórnarsetu. Í 2. mgr. 64. gr. er kveðið á um skyldu þeirra stjórnarmanna sem eftir sitja til að efna til kjörs á nýjum stjórnarmanni. Ef kjörið heyrir undir hluthafafund má þó fresta kjöri til næsta aðalfundar. Ef sú staða kemur upp að allir stjórnarmenn segja af sér stjórnarsetu og félagið verður án stjórnar þá skv. 3. mgr. 64. gr. hfl. skoðast þeir sem síðast gegndu stjórnarstörfum sem fyrirsvarsmenn félagsins þar til ný stjórn hefur tekið við. Hér er vert að horfa til niðurstöðu Hæstaréttar Danmerkur í máli **U.1997.283.H** en þar höfðu A stjórnarformaður og B stjórnarmaður skráð sig úr stjórnnum tveggja fjárfestingarféлага í kjölfar þess að hafa uppgötvað að bókhald og reikningsskil félaganna voru í óreiðu. Áfram sat C sem framkvæmdastjóri félaganna en hann átti sök á óreiðunni. Hann hafði eftir sem áður heimild til að ráðstafa eignum félaganna. Taldi rétturinn að stjórnarformaðurinn hefði átt að tilkynna um óregluna til hluthafa þar sem sýnt þótti að framkvæmdastjórinn myndi valda félögunum tjóni með háttsemi sinni. Félögin fóru bæði í þrot um ári eftir að A og B skráðu sig úr stjórn kom þá í ljós að C hafði m.a. ráðstafað eignum til ótengdra féлага auk þess að veita óleyfileg lán án trygginga. A sem var stjórnarformaður og menntaður lögfræðingur var talinn hafa hegðað sér óforsvaranlega og var honum og C gert að greiða þrotabúunum bætur in solidum. Stjórnarmaðurinn B hafði skráð sig úr stjórnunum skömmu áður en A gerði slíkt hið sama. Taldi rétturinn að B bæri ekki ábyrgð á tapi félaganna þar eð hann hafi talið að stjórnarformaðurinn sem væri einnig lögfræðingur myndi sjá um hagsmuni félagsins. Þarna virðist því sem hægt hafi verið að gera þá kröfu til stjórnarformannsins að hann gerði hluthöfum grein fyrir því að framkvæmdastjórinn væri líklegur til að misnota aðstöðu sína í félaginu. Má ætla að í íslenskum rétti gæti þetta fallið undir 1. mgr. 68. gr. hfl. um að stjórnarmenn skuli sjá til þess að málefni félagsins séu jafnan í réttu og góðu horfi.

Stjórnarformaður ber aukna ábyrgð samanborið við almenna stjórnarmenn. Hlutverk stjórnarformanns er að boða til stjórnarfunda og sjá til þess að aðrir stjórnarmenn séu boðaðir skv. 2. mgr. 70. gr. hfl. auk þess sem boða skal framkvæmdastjóra til stjórnarfunda. Stjórnarformaður sem vísvitandi vanrækir þá skyldu sína að boða til stjórnarfunda getur þurft að sæta refsingu fyrir brot sitt, refsing getur verið sektir eða fangelsi allt að tveimur árum skv. 2. tl. 1. mgr. 153. gr. hfl. Stjórnarformaður sér um að setja hluthafafund og stýrir því að fundarstjóri sé kosinn skv. 2. mgr. 90. gr. hfl. Hann sér ennfremur um að leiða starf



stjórnarinnar og ætti að leitast við að vera góð fyrirmynd annarra stjórnarmanna í störfum sínum og að vera tengiliður stjórnar við starfsmenn félagsins auk þess að vera tengiliður stjórnar við hluthafa. Hann ber meginábyrgð á starfsemi stjórnarinnar, að hún sé skilvirk og skipulögð. Hann stýrir fundum stjórnar og þarf að tryggja að stærri mál fái næga umræðu fyrir ákvarðanatöku og stuðla að því að stjórnarmenn taki virkan þátt í umræðu og ákvarðanatöku. Auk þess að sjá til þess að stjórnin fái reglubundið nákvæm og skýr gögn um félagið til að stjórnin geti fullnægt eftirlitsskyldu sinni skv. 68. gr. hfl. Hann ætti að tryggja að nýir stjórnarmenn fái nauðsynlegar upplýsingar og leiðsögn varðandi starfshætti stjórnar og varðandi málefni félagsins s.s. upplýsingar um stefnu þess, markmið í rekstrinum, áhættuviðmið og um starfsemina almennt.⁹⁴

Algennt er að stjórnarformaður sé talsmaður stjórnar út á við s.s. gagnvart fjölmiðlum auk þess sem dómvenja er fyrir því að stjórnarformaður mæti fyrir hönd félags í dómsmálum s.s. við birtingu stefnu og annarra tilkynninga á hendur félaginu.⁹⁵

3.7 Umboð stjórnarmanna

Hlutfélög eru lögaðilar sem þarfnast þess að einhver sé í fyrirsvari fyrir þau. Umboð stjórnarmanna er að finna bæði í lögum og í samþykktum félagsins sjálfs. Stjórnarmenn koma fram fyrir hönd félags í umboði þess frá því þeir eru kosnir eða tilnefndir í stjórn. Samkvæmt 8. mgr. 63. gr. hfl. geta samþykktir kveðið á um gildistíma umboðs stjórnarmanna en kjörtímabili hans skal þó vera lokið við lok aðalfundar í síðasta lagi fjórum árum eftir kjörið. Stjórnarmenn eru sjálfstæðir í störfum sínum eins og áður hefur komið fram. Þó þeir séu tilnefndir fyrir hönd stórra hluthafa í félagi og síðan kosnir af hluthafafundi til stjórnarsetu þá eiga þeir ávallt að taka ákvarðanir með hag allra hluthafa að leiðarljósi. Í 1. mgr. 76. gr. hfl. er lagt bann við því að stjórnarmenn geri neinar þær ráðstafanir sem eru bersýnilega til þess fallnar að afla ákveðnum hluthöfum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða á kostnað félagsins sjálfs. Stjórnarmenn starfa því í umboði allra hluthafa. Í lögum eru heimildir fyrir því að stjórnarmenn framselji að hluta umboð sitt s.s. með því að veita framkvæmdastjóra prókúru fyrir félagið. Með því er verið að veita heimild til að skuldbinda félagið og standa fyrir samningum af þess hálfu. Þetta umboð stjórnarmanna haggar því þó ekki að stjórnin ber ávallt sjálfstæða ábyrgð á gerðum sínum.

⁹⁴ Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). Bls. 24.

⁹⁵ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 252.



Stjórnarmenn geta ekki firrt sig ábyrgð með því að skýla sér á bak við það að athafnir þeirra séu í nafni hlutafélags. Samt sem áður eru þær skuldbindingar sem gerðar eru f.h. félagsins einungis bindandi fyrir félagið en ekki stjórnarmanninn sem ritar þar undir.⁹⁶ Undantekning er þó að löggerningur er ekki bindandi fyrir félag ef stjórnarmaður hefur farið út fyrir þær takmarkanir á heimildum skv. hlutafélagalögum eða hann hafi farið út fyrir takmarkanir á heimild sinni á annan hátt enda hafi viðsemjandi vitað eða mátt vita um heimildaskortinn og að ósanngjarnt væri að viðsemjandinn héldi fram rétti sínum skv. 77. gr. hfl. Má hér benda aftur á **Hrd. 2000, bls. 1927** (mál nr. 86/2000) frá 18. maí 2000, sem reifaður er í kafla 3.1.2. um hlutverk og skyldur stjórnar skv. 68. gr. hfl., en þar var aðili sem undirritaði víxla fyrir hönd félags án nægilegs umboðs talinn persónulega ábyrgur fyrir greiðslu víxlanna á grundvelli ákvæða víxillaga.

Þó stjórn framselji t.d. rétt til að rita firma þá breytir það því ekki að stjórnin sjálf hefur alltaf þann rétt einnig, það er lögboðið skv. 1. mgr. 74. gr. hfl. en í ritun firma felst réttur til að koma fram fyrir hönd félagsins við samninga og gerð annarra löggerninga ásamt því að veita félaginu forsvar gagnvart stjórnvöldum og dómsstólum, umfang þessa umboðs er því mjög mikið. Í framkvæmd fer ritun firma þannig fram að þeir sem rita firma skrá nafn félagsins og síðan sitt eigið nafn þar undir. Þó er einnig talið heimilt fyrir stjórn til að „rita firma“ munnlega og skuldbinda félagið t.d. með munnlegum samningi. Það helsta sem takmarkar firmaumboð eru lagaboð um að tiltekna ákvarðanir skulu teknar af öðrum en stjórn félags s.s. varðandi hækkun hlutafjár sem lögum samkvæmt er ákvörðun sem hluthafafundur tekur. Réttur til að rita firma er hjá öllum stjórnarmönnum en þó er hægt að setja ákvæði í samþykktir sem takmarkar það á þann veg að fleiri en einn stjórnarmann þurfi til að rita firmað og skuldbinda félagið, en að öðru leyti má ekki setja skorður við umfang firmaumboðs.⁹⁷

Þegar stjórnarmenn og forsvarsmenn félaga rita undir samninga er mikilvægt að skýrt komi fram hvern sé verið að skuldbinda og gæta þess að tilgreina hf. eða ehf. sem hluta af nafni félags til að auðkenna það sem félag með takmarkaðri ábyrgð. Undirskrift á grundvelli prókúruumboðs ætti að auðkenna með pr. pr. við undirskrift til að skýrt sé að ekki sé verið að rita undir í eigin nafni og þá með persónulegri ábyrgð. Má í þessu sambandi skoða **Hrd. 1983, bls. 549** (mál nr. 5/1981) frá 8. mars 1983:

⁹⁶ Hér er mikilvægt að umboð þess sem skuldbindur félagið sé skýrt og rétt skráð hjá hlutafélagaskrá svo ekki sé hægt að gera þann sem ritar undir ábyrgan sbr. Hrd. 2000, bls. 1927 (mál nr. 86/2000) frá 18. maí 2000 sem áður hefur verið fjallað um.

⁹⁷ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls. 263-265.



G sem var stjórnarformaður FS hf. undirritaði samninga við P um að FS hf. yrði aðalumboðsmaður P á Íslandi og hefði milligöngu um sölu farmiða í siglingar með skipi P. Vanskil urðu á greiðslum FS hf. til P vegna farmiðasölunnar og fór FS hf. skömmu síðar í greiðslustöðvun. Höfðaði P mál á hendur G til greiðslu skuldarinnar. Á samningunum kom fram enskt heiti FS hf. án auðkenningar að um hlutafélag væri að ræða, undirritun G var ekki auðkennd með pr.pr. og komst héraðsdómur að þeirri niðurstöðu að ekkert benti til annars en að G teldist því persónulega ábyrgur fyrir skuldinni. Hæstiréttur hinsvegar taldi að þar sem það kæmi fram í samningnum að viðsemjandinn væri „*Sunna Travel Bureau...*” og að G kæmi fram fyrir þess hönd sem „*...Director*” hefði P átt að vera ljóst að samningurinn væri ekki gerður í nafni G persónulega þrátt fyrir að undirritun hafi ekki sýnt prókúruumboð G. Var G sýknaður af kröfu P.

Það er því mikilvægt að stjórnarmenn gæti þess að umboð þeirra sé tilgreint í aðstæðum sem þessum til að ekki reyni á hvort um persónulega ábyrgð geti verið að ræða.

3.7.1 Umboð varamanna

Ekki er skylda til að kjósa varamenn í stjórn en þó geta verið ákvæði þess efnis í samþykktum félaga.⁹⁸ Samkvæmt 9. mgr. 63. gr. hfl. þá gilda ákvæði laganna um stjórnarmenn einnig um varamenn. Þeirra umboð er því það sama og umboð aðalmanna í stjórn þegar þeir taka sæti í þeirra stað. Varamenn sem kjörnir eru í stjórn hafa engum skyldum að gegna sem varamenn aðrar en að vera tiltækir ef um forföll aðalmanna sé að ræða. Það er ekki fyrr en varamenn eru kallaðir í stjórn vegna forfalla aðalmanna í stjórn sem ákvæði hlutafélagalaga um stjórnarmenn nær yfir varamenn. Má í þessu sambandi skoða **Hrd. í máli nr. 494/2010** frá 9. desember 2010:

Í málinu var X ákærð fyrir meiriháttar brot gegn skattalögum við rekstur einkahlutafélags ásamt manni sínum Y. Samkvæmt skráningu hjá hlutafélagaskrá var X skráð framkvæmdastjóri félagsins auk þess að vera varamaður í stjórn. Við rekstur málsins mótmælti X því að hafa komið nokkuð að rekstrinum og að hún hafi ekki verið framkvæmdastjóri félagsins en hún væri réttilega skráð varamaður. Bæði X og Y báru fyrir dómi að X hafi ekkert komið að rekstrinum. Í málinu var upplýst að skráning X sem framkvæmdastjóra félagsins hefði verið gerð af starfsmönnum hlutafélagaskrár þrátt fyrir að nafn X hafi ekki verið skráð á tilkynningu til hlutafélagaskrár vegna framkvæmdastjóra félagsins heldur stóð þar nafn manns hennar Y. Töldu starfsmenn hlutafélagaskrár sig vera að leiðrétta ranga skráningu framkvæmdastjóra þar sem í stofnfundagerð hafi staðið að X hafi verið kjörin framkvæmdastjóri en Y hefði prókúruumboð. Taldi dómurinn að hlutafélagaskrá hafi borið að rannsaka þetta misræmi á grundvelli 10. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 en þar sem það hafi ekki verið gert væri ekki lagastoð fyrir breytingunni og X því ekki réttilega skráð sem framkvæmdastjóri félagsins. Í dómnum segir orðrét: „...hefur ákærvaldið ekki sannað að ákærða hafi gegnt skyldum hjá umræddu einkahlutafélagi sem geti leitt til þess að hún beri refsíábyrgð á þeim brotum sem í ákæru ræðir.” Var X því sýknuð af öllum ákærum.

⁹⁸ Nema ef um einkahlutafélag eins manns er að ræða þá er skylda til að kjósa varamann skv. 1. mgr. 39. gr. ehfl.



Þessi dómur sýnir að ekki er hægt að draga varamenn í stjórnnum til refsíabyrgðar vegna brota sem framin eru í starfsemi félagsins hafi þeir ekki verið kallaðir til sem aðalmenn í stjórn vegna forfalla stjórnarmanns. Hér hafði úrslitaáhrif hvort X væri framkvæmdastjóri eða ekki. X hefði getað borið ábyrgð sem framkvæmdastjóri en sem varamaður þá hafði hún ekki skyldur hjá félaginu sem leitt gætu til refsíabyrgðar. Einnig má í þessu sambandi nefna aftur **Hrd. 1998, bls. 1795** (mál nr.165/1998) frá 8. maí 1998 sem sýnir að varamaður hefur ekki umboð til að koma fram fyrir hönd félags hafi aðalmaður í stjórn ekki verið forfallaður og varamaður kallaður til stjórnarsetu af þeim sökum.



4. Refsiábyrgð stjórnarmanna

Stjórnarmanni verður ekki gert að sæta refsíbyrgð ef ekki er heimild fyrir því í lögum þegar brot er framið. Það er grundvallarregla í refsirétti að refsíheimildir skulu vera lögbundnar⁹⁹ en hana er að finna í 1. mgr. 69. gr. Stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 og er hún svohljóðandi:

„Engum verður gert að sæta refsingu nema hann hafi gerst sekur um háttsemi sem var refsiverð samkvæmt lögum á þeim tíma þegar hún átti sér stað eða má fullkomlega jafna til slíkrar háttsemi. Viðurlög mega ekki verða þyngri en heimiluð voru í lögum þá er háttsemin átti sér stað. Í lögum má aldrei mæla fyrir um dauðarefsingu.“

Einnig kemur reglan skýrt fram í 1. mgr. 1. gr. hgl. sem hljóðar svo: *„Eigi skal refsa manni, nema hann hafi gerst sekur um háttsemi, sem refsing er lögð við í lögum, eða má öldungis jafna til hegðunar, sem þar er afbrot talin.“* Sama kemur fram í lögum um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994 en þar segir í 1. mgr. 7. gr. laganna: *„Engan skal telja sekan um afbrot hafi verknaður sá eða aðgerðaleysi, sem hann er borinn, eigi varðað refsingu að landslögum eða þjóðarétti þá framin voru. Eigi má heldur dæma mann til þyngri refsingar en lög leyfðu þegar afbrotið var framið.“*¹⁰⁰

Meginreglan um lögbundnar refsíheimildir (l. nullum crimen sine lege, nulla poena sine lege) er sprottin af því að í samfélagi manna þarf að stýra samskiptum þegnanna með réttarreglum og er liður í því að setja fram refsihótun í lögum til þess að minnka löngun til að fremja afbrot. Því þarf að lýsa því hvaða háttsemi er refsiverð svo almenningur, og þá um leið stjórnarmenn í hlutafélögum, viti í hvaða tilvikum athafnir þeirra eða athafnaleysi geti lagt refsíbyrgð á herðar þeim.¹⁰¹ Aðrar meginreglur refsiréttarins eru bann við afturvirkum refsilögum (l. lex prospicit, non respicit) sbr. 2. gr. og 2. gr. a í hgl. Eins teljast reglurnar um neyðarvörn og neyðarrétt skv. 12. og 13. gr. hgl. til meginreglna refsiréttar.¹⁰² Þó ólíklegt sé að þær meginreglur geti átt við í málum er varða stjórnarmenn hlutafélaga.

Til að stjórnarmenn séu látnir sæta refsingu fyrir brot gegn ákvæðum þeim lögum sem um stjórnarstörf þeirra gilda þá þurfa refsiskilyrði að vera uppfyllt. Þau skilyrði eru refsíbyrgð, refsínæmi, ólögmati, saknæmi og önnur refsiskilyrði. Refsíbyrgð getur verið þrengd s.s. ef einstaklingur er talinn ósakhæfur eða hún getur verið rýmkuð s.s. eins og gerist með refsíbyrgð lögaðila.¹⁰³ Almennt er skilyrðum refsíbyrgðar fullnægt ef

⁹⁹ Róbert R. Spanó. (2006). Bls. 345.

¹⁰⁰ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 153-155.

¹⁰¹ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 151.

¹⁰² Sigurður Línadal. (2003). Bls. 360.

¹⁰³ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 36.



stjórnarmaður gerir eitthvað andstætt lögum eða lætur eitthvað ógert sem lög skylda hann til að gera. Hvað varðar refsinemi brota þá þarf að bera saman málavexti og verknaðarlýsingu í refsilögum til að athuga hvort verknaður falli þar undir og geti þannig talist refsinemur.¹⁰⁴ Verknaður þarf einnig að vera ólögmaður til að hægt sé að refsa fyrir hann þ.e. ekki mega vera neinar réttlætningarástæður til staðar þannig að refsinemur verknaður teljist ekki ólögmaður. Slíkar réttlætningarástæður gætu í tilfalli stjórnarmanna t.d. verið tiltekin hagsmunavarsla eða óbeðinn erindisrekstur. Má í þessu sambandi líta á **Hrd. í máli nr. 325/2010** frá 24. febrúar 2011:

Í málinu var X sem var starfsmaður L hf. ákærður fyrir fjárdrátt þar sem hann millifærði fé af reikningi N Ltd. yfir á bankareikning í sinni eigu í byrjun október 2008. X bar því við að hann hefði eingöngu framkvæmt millifærsluna til að tryggja að innistæða N Ltd. myndi ekki glatast vegna bankahrunsins en á þessum tíma hafi upplausnarástand ríkt hjá L hf. vegna hrunsins. Héraðsdómur sýknaði X en Hæstiréttur ómerkti dóminn og vísaði honum aftur heim í hérað til meðferðar á ný.

Niðurstaða í þessu máli er því enn óviss þar eð héraðsdómur á eftir að taka það aftur til meðferðar, en dómurinn hefur skírskotun til umfjöllunarinnar þar sem X ber fyrir sig að hafa verið að gæta hagsmuna N Ltd. með millifærslunni og því eigi háttsemin ekki að vera ólögmaður.

Saknæmi verknaðar samkvæmt ákvæðum hgl. og ákvæðum sérrefsilaga sem stjórnarmenn geta gerst brotlegir við eru í flestum tilfellum ásetningur eða stórkostlegt gáleysi eða stórkostlegt hirðuleysi eins og kemur fram í ákvæðunum sjálfum.

Refsiábyrgð í efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila er hægt að koma við með þrennum hætti. Í fyrsta lagi með refsíábyrgð einstaklinga á grundvelli sakar (bæði fyrirvarsmanna og annarra). Í öðru lagi með refsíábyrgð einstaklinga án sakar þ.e. hlutlæg stöðuábyrgð fyrirvarsmanna eða ábyrgð vegna öfugrar sönnunarbyrði og í þriðja lagi með refsíábyrgð lögaðilans sjálfs með eða án sannaðrar sakar starfsmanns.¹⁰⁵ Almenn refsíábyrgð um refsíábyrgð lögaðila sem ekki tilgreina hverjir geta orðið refsíábyrgir geta ekki verið notuð til lögjöfnunar og fellt persónulega refsíábyrgð á fyrirvarsmann lögaðila.¹⁰⁶

Þegar komist hefur verið að þeirri niðurstöðu að stjórnarmaður hafi framið verknað sem eigi að sæta refsíábyrgð þá er beitt refsingum. Refsing og önnur refsikennd viðurlög við afbrotum er ein tegund réttarvörslu eða þeirra úrræða sem ríkisvaldið hefur við afbrotum,

¹⁰⁴ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 165.

¹⁰⁵ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 208.

¹⁰⁶ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 227.



svokölluð refsivarsla. Aðrar gerðir réttarvörslu eru bótavarsla, þar sem skaðabótum er ætlað að bæta tjón sem aðili hefur orðið fyrir, og varnarvarsla, s.s. lögbann sem sett er til að verja hagsmuni aðila.

Skilgreining refsingar hefur verið orðuð á eftirfarandi hátt: „*Refsing er ein tegund viðurlaga, sem ríkisvald beitir þann, sem sekur hefur reynst um refsivert brot. Hún felur í sér vanþóknun eða fordæmingu samfélagsins og er til þess fallin að valda dómpöla þjáningu og óþægindum.*”¹⁰⁷ Frelsissvipting með fangelsun er algengt form refsingar og er mjög þungbær og afdrifarík fyrir sakborinn mann. Önnur viðurlög s.s. réttindasvipting geta þó ekki síður verið þungbær t.d. ef læknir missir réttindi sín og væru slík viðurlög mun þungbærari en t.d. sektargreiðsla.¹⁰⁸ Refsingar við brotum á refsilögum er snerta skyldur stjórnarmanna eru allt frá því að vera sektargreiðslur og upp í sex ára fangelsi. Sektargreiðslur geta í einhverjum tilfellum verið gríðarlega háar fjárhæðir og hlaupið á milljónum og tugum milljóna ef um meiriháttar brot er að ræða.¹⁰⁹ Auk þess getur refsidómur hindrað stjórnarmann að taka sæti í stjórn félags í þrjú til tíu ár¹¹⁰ frá því dómur er upp kveðinn og er það ekki síður þungbær afleiðing refsidóms.

Sú háttsemi stjórnarmanna sem talist getur vera afbrot er hver sú athöfn eða athafnaleysi sem er brot á fyrirfram ákveðnum lögum eða reglum sem stjórnarmenn eiga að fylgja og refsing liggur við í settum lögum eða stjórnarsýslufyrirmælum. Skilgreining á afbrotum er í raun síbreytileg þar sem samfélagið á hverjum tíma setur reglur fyrir þegnana. Það sem taldist afbrot á fyrri tímum á Íslandi getur verið refsilaus hegðun í dag s.s. flökkulíf og letingjaháttur.¹¹¹ Alþingi setur lögin og ákveður með því hvað telst vera afbrot á hverjum tíma og hvaða viðurlög liggja við afbrotum. Löggjöfin fylgir oftast þróun þjóðfélagsins því t.d. með aukinni tækni opnast fleiri möguleikar til afbrota sem löggjöfin þarf að ná yfir.¹¹²

Stjórn sem tekur ákvörðun fyrir félagið um tiltekin viðskipti sem eftirá hafa sýnt sig að hafi ekki verið góð ákvörðun veldur því þó ekki að stjórnarmenn verði taldir refsíabyrgir eða skaðabótaskyldir.¹¹³ Má ætla að það sem skilji á milli væri að ef stjórn tekur ákvörðun sem leiðir til fjárhagstjóns fyrir félagið eða aðra þá sé hægt að láta stjórn bera ábyrgð hafi

¹⁰⁷ Jónatan Þórmundsson. (1992). Bls. 62.

¹⁰⁸ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 16.

¹⁰⁹ Kemur það skýrt fram þegar dómaframkvæmd er skoðuð.

¹¹⁰ Þrjú ár vegna stjórnarsetu í almennu hlutafélagi en tíu ár vegna stjórnarsetu í fjármálafyrirtæki.

¹¹¹ Helgi Gunnlaugssons. (2000). Bls. 143.

¹¹² Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 15.

¹¹³ Gomard, B. (1999). Bls. 86.



þeir ekki sýnt nægilega aðgát við ákvörðunina eða ekki aflað sér nægilegra upplýsinga til að byggja ákvörðun á, eða einhver annar formgalli sé til staðar.

Félög hafa þann valmöguleika að kaupa sérstaka tryggingu fyrir stjórnarmenn, svokallaða stjórnendaábyrgðartryggingu. Slík trygging felur í sér fjárhagsvernd fyrir stjórn og stjórnarmenn komi upp sú staða að þeir verði ákærðir fyrir stjórnarstörf sín. Þess eru dæmi um að stjórnarmenn hafi talist eiga bótarétt á grundvelli slíkrar tryggingar sbr. niðurstöðu Úrskurðarnefndar í váttryggingarmálum í máli nr. 38/2010 þar sem stjórnarmaður í fjármálafyrirtæki var talinn eiga bótarétt úr slíkri tryggingu í kjölfar þess að hann var kærður í tengslum við setu hans í stjórn fjármálafyrirtækisins. Slíkar tryggingar tíðkast einnig innan danskra hlutafélaga og þar lækka iðgjöld skattstofn félagsins auk þess sem slíkar tryggingar eru ekki metnar til hlunninda hjá stjórnarmönnum.¹¹⁴

Lögbrot stjórnarmanna í störfum sínum fyrir lögaðila getur leitt til þess að lögaðilinn sé einnig látinn sæta ábyrgð og verður nú skoðað í hvaða tilfellum slíkt gæti verið gert.

4.1 Refsiábyrgð lögaðila

Brot stjórnarmanna á þeim skyldum sem þeim er ætlað að rækja samkvæmt lögum eru óhjákvæmilega tengd lögaðilanum eða hlutafélaginu sem um ræðir. Meginreglu refsiréttar er að finna í 18. gr. hgl. sem segir að manni verði einungis gerð refsing hafi hann framið brotið af ásetningi sem lýsir huglægri afstöðu. Í II kafla A í hgl. eru lagagreinar um refsíábyrgð lögaðila. Þar er í 19. gr. a. heimild til að dæma lögaðila til greiðslu fésektar þegar lög mæla svo um. Þá kemur fram í 19. gr. b. að ákvæði laga um refsíábyrgð gildi um sérhvern ópersónulegan aðila sem getur átt réttindi og borið skyldur að íslenskum rétti, þar með talin hlutafélög. Þá segir eftirfarandi í c-lið 19. gr. hgl.: „*Refsíábyrgð lögaðila er bundin því skilyrði, nema annað sé tekið fram í lögum, að fyrirsvarsmaður lögaðilans, starfsmaður hans eða annar á hans vegum hafi með saknæmum hætti unnið refsínæman og ólögsmætan verknað í starfsemi lögaðilans. Verður lögaðila gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut.*”

Heimild til að láta lögaðila sæta refsíábyrgð vegna hegningarlagabrota er að finna í 19. gr. d. en þó þarf efniskilyrðum fyrrgreindra ákvæða að vera uppfyllt til að hægt sé að beita

¹¹⁴ Werlauff, E. (2006). Bls. 556.



þessari refsheimild.¹¹⁵ Auk þess er að finna refsheimild í lögum um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka nr. 144/1998.

Oft er að finna ákvæði í lögum sem heimila sérstaklega að lögaðili sé látinn sæta refsíabyrgð með fésektum s.s. eins og í 125. gr. laga um ársreikninga, 8. mgr. 40. gr. um virðisaukaskatt og 9. mgr. 30. gr. laga um staðgreiðslu opinberra gjalda en fjallað er um refsíákvæði þessara laga og fleiri í kafla 6.

Á Íslandi hefur ekki verið mörkuð nein heildarstefna um refsíabyrgð lögaðila þó greinilega sé tilhneiging til að efla þessa ábyrgð. Í þeim ákvæðum þar refsíabyrgð lögaðila er tilgreind er oftast miðað við að sök fyrirvarsmanns eða starfsmanns sé skilyrði refsíabyrgðar eins og má lesa úr þeim ákvæðum sem nefnd eru í dæmaskyni hér að ofan. En þó er að finna ákvæði í lögum þar sem lögaðili getur verið sektaður án þess að sök hafi verið sönnuð á fyrirvarmann eða starfsmann en þá þarf að sýna framá að brot hafi verið framið hlutrænt séð. Byggist þetta á því að óeðlilegt væri að láta lögaðila sleppa ef sá sem framdi brotið finnst ekki eða ef margir starfsmenn hafi átt þátt í brotinu.¹¹⁶

Misjafnt er eftir lagaákvæðum hvort þau séu skýr varðandi það hver skuli bera refsíabyrgð. Algengt er að ábyrgðin sé valkvæð þannig að hægt sé að leggja ábyrgð bara á fyrirvarsmann, bara á lögaðila eða báða.¹¹⁷ Má í þessu samhengi skoða **Hrd. 1988, bls. 126** (mál nr. 31/1987) frá 12. febrúar 1988:

H sem var stjórnarmaður og framkvæmdastjóri L hf. lét kerfisbundið rangfæra bókhalds félagsins í því skyni að lækka söluskattskylda veltu og koma henni þannig undan söluskatti. Lét hann breyta tölvuforritum félagsins í því skyni auk þess sem búnað voru til kreditnótur án þess að viðskipti lægju þar að baki og lá fyrir játning hans þar um. Meirihluti dómara áleit að kæra væri þannig útbúin að málið væri höfðað gegn hlutaðeigandi stjórnarmönnum fyrir hönd félagsins og því gætu þeir einnig dæmt félagið til greiðslu sektar sem þeir og gerðu. Var H dæmdur til fangelsisvistar, sektargreiðslu og var auk þess sviptur smásöluleyfi en félaginu L hf. var gert að greiða fésekt.

Í flestum tilfellum er refsíabyrgð lögaðila háð því að lögaðilinn hafi hagnast á brotinu eða það verið honum til hagsbóta. Í þessu máli var tugum milljóna skotið undan sem lækkaði skattgreiðslur L hf. og var því brotið félaginu til hagsbóta.¹¹⁸

Í nýlegri grein „The Evolving Legal Test of Corporate Criminal Liability” frá árinu 2008, eftir James Gobert prófessor við the University of Essex, setur hann fram skilyrði sem ætti

¹¹⁵ Alpt. Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 905-619. mál. Sótt 3. apríl 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/132/s/0905.html>

¹¹⁶ T.d. 65. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 og 26. gr. laga um varnir gegn mengun sjávar nr. 33/2004.

¹¹⁷ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 228-230.

¹¹⁸ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 230.



að líta til við ákvörðun um að lögaðilar séu látnir sæta refsíabyrgð. Tengslin á milli refsíabyrgðar stjórnarmanna og refsíabyrgðar lögaðila er þau að einstaklingur sem er stjórnarmaður, stjórnandi, starfsmaður eða umboðsmaður fyrirtækis fremur afbrot sem fyrirtækið hefur ávinning af.¹¹⁹

Refsilöggjöf sé að jafnaði sett með það í huga að það séu manneskjur af holdi og blóði sem fremji glæpi og oft eru hugtök s.s. varðandi huglægt ástand eða ásetning til brota sem ekki sé hægt að heimfæra á lögaðila sem getur ekki haft ásetning um eitt né neitt þar sem lögaðili sé búinn til á pappírnum. Uppruna þess að hægt sé að draga lögaðila til ábyrgðar má rekja til enskra laga þar sem í einkamálum var farið að láta lögaðila greiða þolendum bætur til þeirra sem urðu fyrir tjóni vegna athafna starfsmanna fyrirtækjanna. Eðlilegt væri að fyrirtækið greiddi bætur fyrir tjón heldur en að þeir sem yrðu fyrir tjóni þyrftu að sækja bætur til starfsmannsins sem olli því.

Í opinberum refsirétti þar sem sé aðaláherslan á að refsa þeim sem fremur afbrot heldur en að bæta tjón sem af því hlýst vandast aðeins málið þar sem refsíabyrgð sé oftast grundvöllur á sök þess sem er látinn sæta ábyrgð. Sök lögaðilans grundvallast því oft á athöfnum starfsmanna þess. Starfsmenn hafi mismunandi stöðu innan fyrirtækja og hefur því verið sett fram kenningin um „hug og hönd.“¹²⁰ Þar er lögaðila líkt við manneskju sem hafi huga og hendur. Hugurinn sé stjórnandinn sem ræður hvað höndin gerir, höndin er starfsmaðurinn sem gerir það sem stjórnandinn gefur skipun um. Hugur stjórnandans sé því hugur lögaðilans. Stjórn félags og stjórnendur sem hafa völd til að taka ákvarðanir teljast því vera hluti af huga og vilja lögaðilans. Því sé það háttsemi þess afmarkaða hóps sem refsíabyrgð lögaðila gæti byggst á.¹²¹ Margt í innra skipulagi lögaðila geti verið á þann veg að það stuðli að brotum s.s. bónusar sem geti hvatt til ólögmetra athafna starfsmanna. Má t.d. nefna athafnir Nick Leeson hlutabréfamiðlara sem starfaði hjá Barings banka og leiddu til falls hans. Talið er að það hafi mátt rekja athafnir hans til gríðarlegra bónusgreiðslna sem stóðu til boða sem leiddu til þess að hann tók óeðlilega áhættu í hlutabréfaviðskiptum.¹²² Í grein sinni setur James Gobert fram þrjú viðmið um hvenær sé hægt að fella sök á lögaðila en það sé í eftirfarandi tilfellum: 1) Þegar fyrirtæki óskar eftir, aðstoðar, hvetur til, leiðbeinir eða á einhvern hátt stuðlar að lögbroti einstaklings sem fyrirtækið ber ábyrgð á þ.e. stjórnendum, starfsmönnum eða umboðsmönnum. 2) Þegar

¹¹⁹ Gobert, J. (2008). Bls. 71.

¹²⁰ The hands- brain analogy. Hvernig eigi að ákveða hvort einstaklingur sé hluti af „huga eða hönd“ lögaðila.

¹²¹ Gobert, J. (2008). Bls. 65-67.

¹²² Gobert, J. (2008). Bls. 71.



fyrirtæki kemur ekki í veg fyrir glæp einstaklings sem það ber ábyrgð á við ákveðnar kringumstæður:

- þegar það hafði skyldur gagnvart starfsmönnum, neytendum eða notendum vara þess eða almenningi til að koma í veg fyrir tjón,
- þegar fyrirtæki hefði átt með virku eftirliti að vita af hættum sem hlytust samfara stefnu þess eða vegna athafna eða athafnaleysis,
- þegar fyrirtækið hafði tök á að koma í veg fyrir brotið
- og þegar það væri ekki ósanngjörn krafa að gera til félagsins að koma í veg fyrir brot þegar það hafði tök á því.

3) Þegar félagið leyfir fyrirtækjamenningu sem þolir eða stuðlar að eða bregst því að draga úr líkum á glæpum eða bregst því að koma á þess konar fyrirtækjamenningu sem krefst þess að lögum sé fylgt.

Í þeim aðstæðum sem er líst að ofan er falin ákveðin tegund af refsíabyrgð. Í fyrsta liðnum væri lögaðili gerður refsíabyrgur ásamt því að refsíabyrgð er lögð á starfsmann á grundvelli sakar hans. Í öðrum liðnum bæri fyrirtækið refsíabyrgð í meginatriðum af eigin völdum þ.e. vegna eigin vanrækslu eða aðgæsluskorts. Í þriðja liðnum væri fyrirtækið einnig refsíabyrgt af eigin völdum vegna þess að félagið hafi gert brot möguleg, vegna nýhafinna brota eða ófullframma brota, þ.e. félagið hafi ekki stöðvað möguleg brot, án tillits til þess hvort tjón hafi hlotist af eða ekki. Það þarf því að horfa til þeirra kringumstæðna sem fyrirtækjaafbrot eru framin í til að ákvarða um refsíabyrgð lögaðilans sem á í hlut. Afleidd refsíabyrgð getur því refsað fyrirtækjum sem stunda viðskipti sín almennt á þann hátt sem í raun er óaðfinnanlegur.

Refsíabyrgð ætti að vera byggð á sök bæði hjá einstaklingum og lögaðilum. Í þeim tilfellum sem gætu réttlætt að lögaðilar séu látnir sæta refsíabyrgð er þegar sök þeirra lítur að því að kerfið innan lögaðilans, s.s. skipulag og innra eftirlit, bregst því að lagfæra aðstæður sem geta leitt til glæpsamlegrar hegðunar. Einnig þegar lögaðilinn bregst því að koma í veg fyrir afbrot í þeim tilfellum þegar fyrirtækið hefur vitneskju um áhættuna á lögbrotum, eða a.m.k. ætti að hafa vitneskju um það hefðu þeir haft gát á sér. Og enn fremur þegar fyrirtækið hefur getuna til að koma í veg fyrir afbrotið en tekur óskynsamlega á málum og bregst þeirri skyldu.¹²³

¹²³ Gobert, J. (2008). Bls. 77-78.



Þríeykið tilefni, tækifæri og möguleiki¹²⁴ sem oft er litið til við rannsókn afbrota er hægt að heimfæra á fyrirtæki. Innan viðskipalífsins eru ýmsir hvatar sem gefa tilefni til glæpa s.s. vegna samkeppni, rígs, valda, markaðshlutdeildar eða möguleika á hagnaði. Þegar stjórnendur verða stjórnarmenn aukast tækifæri þeirra til víkja frá viðurkenndri löglegri háttsemi. Skipulagsheildin gerir það að verkum að mögulegt er að fremja afbrot í skjóli þátta í fyrirtækinu eða lögaðilanum s.s. lagalegra, fjárhagslegra, þjóðfélagslegra, stjórnmalalegra og stofnanalegra þátta. Það sem aðgreinir því efnahagsbrot í starfsemi lögaðila frá hefðbundnum afbrotum er skipulagsheildin sem er grundvallarskilyrði fyrir því að afbrot sé mögulegt. Lögaðilinn getur verið sá brotlegi, fórnarlambið eða bæði á sama tíma.¹²⁵

¹²⁴ Á ensku: Motive, Opportunity and Means.

¹²⁵ Punch, M. (2008). Bls. 103.



5. Efnahagsbrot

Efnahagsbrot hafa verið skilgreind sem refsiverð háttsemi sem fer fram kerfisbundið og reglulega í atvinnustarfsemi lögaðila eða einstaklinga sem að öðru leyti er lögleg í þeim tilgangi að hagnast.¹²⁶ Því er viðeigandi í tengslum við umfjöllun um refsíabýrgð stjórnarmanna að skoða nánar hvað í því felst. Refsiverð háttsemi getur falist í athöfnum eða athafnaleysi sem er refsiverð í lögum. Hagnaðarskynið sem er áskilið getur falist í því að hinn brotlegi eða lögaðilinn sem hann starfar fyrir öðlist ólögmætan fjárhagslegan hagnað eða í broti sé falinn sparnaður s.s. ef ranglega er gefið upp til skatts og með því sparist skattgreiðslur. Að brot séu framin kerfisbundið og reglulega felur í sér að hér er ekki átt við einstakt bókhaldsbrot heldur að um langvarandi brotastarfsemi sé að ræða. Ráðherranefnd Evrópuráðsins telur þó að eitt einstakt brot geti talist efnahagsbrot ef það felur í sér þrjá þætti: 1) ef einstakt brot hefur valdið verulegu tjóni eða hættu á slíku, 2) ef það byggist á sérstakri viðskiptaþekkingu hinna brotlegu, 3) ef brotið er framið af kaupsýslumönnum við framkvæmd starfa sinna.¹²⁷ Að háttsemi sé innan löglegrar atvinnustarfsemi felur í sér að sterk tengsl þurfi að vera milli brotsins og atvinnurekstursins s.s. skipuleg og endurtekin skattalaga- og bókhaldsbrot í löglegum atvinnurekstri.¹²⁸ Einnig má lýsa þeim sem brotum sem fela í sér misnotkun á valdastöðu til ólögmæts ávinnings.¹²⁹

Einkenni efnahagsbrota er að þau eru aðallega brot á sérlögum sem sett hafa verið fyrir atvinnulífið.¹³⁰ Hugtakið efnahagsbrot hefur ótvíræð tengsl við svokölluð hvítflibbabrot (white-collar crimes) þó hvítflibbabrot hafi miðast við ábyrgð einkaeigenda og stjórnenda fyrirtækja, sem njóta álots í þjóðfélaginu vegna ríkidæmis, valda eða ætternis, á brotum sínum í starfi. Hugtakið var sett fram af bandaríska afbrotafræðingnum Edwin H. Sutherland um miðja síðustu öld.¹³¹ Sutherland hefur verið kallaður faðir bandarískrar afbrotafræði.¹³² Sutherland rekur vandann við hvítflibbabrot þar sem gerendur passa illa inn í þá kenningu um hverjir það eru sem fremji afbrot, sem séu í meirihluta karlmenn sem búa við fátækt í slæmum hverfum.¹³³ Kenning hans um hvítflibbaglæpamenn lítur að því að þeir sem standa í efri stigum þjóðfélagsins stundi töluverða glæpastarfsemi sem er þó

¹²⁶ Jónatan Þórmundsson. (1986). Bls 104.

¹²⁷ Council of Europe. (1981). Bls. 4.

¹²⁸ Jónatan Þórmundsson. (2008). Bls. 455-456.

¹²⁹ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 125.

¹³⁰ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 209.

¹³¹ Jónatan Þórmundsson. (2008). Bls. 457.

¹³² Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 125.

¹³³ Sutherland, E. H. (1949). Bls. 7.



frábrugðin glæpastarfsemi lægri stétta. Hvítflibbaglæpamenn stundi ekki glæpi vegna fátæktar sem sé almenn kenning í afbrotafræðum. Kostnaður samfélagsins vegna hvítflibbabrota sé líklega margfalt meiri en kostnaður vegna annarra glæpa sem almennt sé litið á sem mesta vandamálið. Hvítflibbaglæpir rýri traust almennings og fjárfesta á viðskiptalífínu.¹³⁴ Sutherland setti einnig fram kenninguna um „Differential Association” sem gengur út á það að með samskiptum við aðra þá læra einstaklingar viðhorf, aðferðir og hvatann til að sýna af sér glæpsamlega hegðun s.s. ef eitt fyrirtæki á samkeppnismarkaði fer að beita óheiðarlegum aðferðum til að auka hagnað þá er líklegt að önnur fyrirtæki taki það upp einnig.¹³⁵ Hvítflibbaglæpamenn fá oft á tíðum vægari meðhöndlun ef upp kemst um glæpi þeirra og eru nokkrar ástæður fyrir því. Ein þeirra ástæðna er Sutherland nefnir er sú að þeir sem starfa hjá hinu opinbera eru oft tengdir þeim sem starfa í viðskiptalífínu, mikilvæg persóna í viðskiptalífínu á marga mikilvæga vini hjá hinu opinbera auk þess sem margir sem fara til starfa hjá hinu opinbera hafa komið úr viðskiptalífínu. Getur þetta haft þau áhrif að þessi persónulegu sambönd og þessi valdatengsl verndi stóra aðila í viðskiptalífínu frá því að vera gagnrýndir af yfirvöldum.¹³⁶ Sutherland rannsakaði hvítflibbabrot í Bandaríkjunum og því er athyglisvert að sjá að íslenskir fræðimenn í afbrotafræðum setja einnig fram að það sé ríkjandi að réttarvörslukerfið miði einkum að því að uppræta strætisbrot heldur en hvítflibbabrot og að yfirleitt sé almenningsálitið á þann veg að litið sé á strætisbrot sem meira vandamál í samfélaginu heldur en hvítflibbabrot.¹³⁷ Viðskiptabrot eru oft brot sem framin eru af einstaklingum eða hópi einstaklinga sem hafa ábyrgðarstöðu innan fyrirtækja og taka þar ákvarðanir í trássi við lög en þó yfirleitt með það markmið í huga að hámarka arð. Sem dæmi má nefna verðsamráð sem er lögbrot sem talið er að kosti samfélagið meira en nokkur önnur afbrot. ¹³⁸ Sem dæmi má nefna mál sem komst upp í Bandaríkjunum þar sem millistjórnendur stærstu framleiðenda rafmagnstækja í landinu hittust reglulega á laun og ákváðu sameiginlega verð á ýmsum fylgihlutum framleiðslunnar. Þegar upp komst um samráðið var áætlað að tap neytenda væri 1,7 milljarðar dollara en mennirnir voru dæmdir í 30 daga fangelsi, sumir skilorðsbundið.¹³⁹ Það var því lítið samhengi milli refsingarinnar og þess tjóns sem samráðið olli samfélaginu. Gerð var rannsókn á þessu máli og þar kom fram að skýring á

¹³⁴ Sutherland, E. H. (1949). Bls. 9-13.

¹³⁵ Sutherland, E. H. (1949). Bls. 241-243.

¹³⁶ Sutherland, E. H. (1949). Bls. 248-249.

¹³⁷ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 128.

¹³⁸ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 129-130.

¹³⁹ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 126.



brotahæðun þessara millistjórnenda var að finna í þeim þrýstingi sem var á þá um hámerkun hagnaðar en ekki í raun vegna brotavilja einstaklinganna sjálfra, þegar þeir hafi komið inn í störf sín hafi verðsamráð verið viðurkenndur viðskiptaháttur og var þannig bara hluti af starfinu.¹⁴⁰

Rannsókn var gerð á Íslandi á árunum 2004-2005 á viðskiptaumhverfinu hér í kjölfar olfúmsins svokallaða sem kom upp vegna verðsamráðs stóru olúfúlaganna. Rannsóknin leiddi í ljós að vaxandi þörf væri á að efla samkeppniseftirlit og að viðskiptaumhverfið hér hafi gengið í gegnum miklar breytingar á skömmum tíma sem gæti hafa skapað aðstæður sem auka hættu á brotahegðun fyrirtækja. Gróðahyggja og úþensla væru ný viðmið sem einkenndust af hörku, hraða og átökum um yfirráð og völd. Siðferðisviðmið í viðskiptalífinu voru af skornum skammti og því aukin hættu á að fyrirtæki færu ólögmetar leiðir að markmiðum sínum.¹⁴¹

Efnahagsbrot ná yfir brot einstaklinga sem oft á tíðum fara með fé annarra sem vinna sérhæfð og flókin störf í fyrirtækjum og hafa því aðstöðu sinnar vegna tækifæri til brota. Oftar en ekki eru það þó fjárhagslegir erfiðleikar fyrirtækja sem hafa áhrif á hvort brot séu framin. Við slíkar aðstæður reyna atvinnurekendur að bera það fyrir sig að verið var að reyna að bjarga félaginu frá gjaldþroti. Langvarandi aðgerðarleysi og skortur á eftirliti yfirvalda ýta undir slík réttlætningarviðhorf. Brot á borð við skattsvik koma niður á öllum almenningi s.s. með hærri álögum og getur valdið ójafnvægi í atvinnulífinu þegar sumir telja allar tekjur sínar fram til skatts en aðrir ekki.¹⁴² Efnahagsbrot eru í eðli sínu oft flókin og torskilin og þarf því oft færa sérfræðinga til að átta sig á háttseminni, en opinberir rannsóknaraðilar hafa fáa slíka á sínum snærum og launakjörin fá þá til að staldra stutt við. Því má færa rök fyrir því að þeir sem fremja efnahagsbrot og búa við góða þjóffélagslega stöðu fái að einhverju leyti aðra og vægari meðferð innan refsivörslukerfisins en þeir sem fremja hefðbundin afbrot. Svo virðist sem meira þurfi til að grunur falli á þá en aðra brotamenn auk þess sem þeir hafa góð sambönd og eru á sama félagslega grunni og þeir sem hafa mál þeirra til umfjöllunar. Vegna fámennis hér á Íslandi þá eru mikil kunningsskapartengsl í atvinnulífinu sem skapar aðstæður sem stuðla að efnahagsbrotum frekar en hitt.¹⁴³

¹⁴⁰ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 137-139.

¹⁴¹ Helgi Gunnlaugsson. (2008). Bls. 139.

¹⁴² Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 211-214.

¹⁴³ Jónatan Þórmundsson. (1988). Bls. 214-215.



Efnahagsbrot hafa sameiginleg einkenni með fleiri flokkum brota. Efnahagsbrot skarast við flest hefðbundin fjármunabrot þar sem brotin varða fjárhagsleg verðmæti og ásetningurinn er að auðgast. Ákvæði um efnahagsbrot eru að mestu leyti í sérrefsilögum s.s. samkeppnislögum á meðan ákvæði um auðgunarbrot eru að finna í almennum hegningarlögum.¹⁴⁴ Vegna skörunar við hefðbundin fjármunabrot þá geta efnahagsbrot þó einnig verið brot gegn hegningarlögum s.s. fjársvik eða umboðssvik.¹⁴⁵ Í reglugerð nr. 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota er að finna ítarlegustu reglurnar um efnahagsbrot í íslenskum rétti.¹⁴⁶ Þar kemur fram skylda ríkislögreglustjóra til að rannsaka alvarleg brot sem falla m.a. undir fjárdrátt, fjársvik, umboðssvik og skilasvik skv. 247. -250. gr. hgl. og er tekið fram í d) lið 2. gr. reglugerðarinnar að við ákvörðun um hvort mál verði tekið til meðferðar eigi sérstaklega að líta til þess hvort um sé að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri eða aðra skipulagða brotastarfsemi. Er einnig talið um að það beri að rannsaka alvarleg brot á skatta- og tollalögum og óvenjuleg eða skipulögð fjármunabrot. Athyglisvert er að ekkert er minnst á lög um bókhald, ársreikninga eða hlutafélagalög, en í þessum lögum eru ákvæði sem reynir á þegar um er að ræða brotastarfsemi í atvinnurekstri. Þar kemur einnig fram að lögreglustjórar eigi ávallt að láta ríkislögreglustjóra vita þegar hafin er rannsókn á stórfelldum og alvarlegum fjármunabrotum.

Fram kemur í skýrslu nefndar um viðurlög við efnahagsbrotum frá 2006 að nefndin taldi að lögfesting strangra refsiviðurlaga við efnahagsbrotum væri til þess fallin að draga úr almennum varnaðaráhrifum refsinga og að óskynsamlegt væri að lögfesta fangelsi sem viðurlög við of mörgum brotum þegar þeim viðurlögum væri einungis beitt í fáum tilvikum alvarlegra brota. Varðandi brot á samkeppnislögum og brotum í fjármálastarfsemi lagði nefndin til að einungis veigamestu brotin væru refsiverð og að hægt væri að lögfesta stjórnarsýsluviðurlög við minniháttar brotum, þó þannig að hægt væri að fá stjórnarsýsluviðurlög endurskoðuð af dómstólum. Mikilvægt væri að vönduð málsmeðferð væri viðhöfð í slíkum tilfellum.¹⁴⁷

Ríkissaksóknari hefur sett fram fyrirmæli um hámarkstíma meðferðar efnahagsbrotamála hjá lögreglu og ákærendum. Þar segir að markmiðið eigi að vera að

¹⁴⁴ Jónatan Þórmundsson. (2008). Bls. 410-411.

¹⁴⁵ Jónatan Þórmundsson. (2008). Bls. 453.

¹⁴⁶ Jónatan Þórmundsson. (2008). Bls. 454-455.

¹⁴⁷ Forsætisráðuneytið. (2007, janúar). *Skýrsla nefndar um viðurlög við afbrotum*. Sótt 1. mars 2011 af : <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2475>



hefja eigi rannsókn allra mála sem fyrst og ekki síðar en sex mánuðum eftir að kæra barst og að rannsókn skuli lokið innan tveggja ára nema sérstakar ástæður komi í veg fyrir það s.s. að mál sé umfangsmikið eða að afla þurfi gagna erlendis frá. En efnahagsmál eru oftast en ekki umfangsmikil og flókin og rannsóknin getur náð til annarra landa og því almennt vitað að rannsókn þeirra geti tekið lengri tíma en rannsókn annarra mála.¹⁴⁸ Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra fer að jafnaði með rannsókn þessara mála en einnig var sett tímabundið á fót embætti sérstaks saksóknara til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í starfsemi fjármálafyrirtækja, annarra lögaðila eða einstaklinga í tengslum við bankahrúnið í byrjun október 2008.

5.1 Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra

Efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóraembættisins tók til starfa 1. júlí 1997 og er arftaki deildar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins frá 1985 sem sá um að rannsaka skatta- og efnahagsbrot. Efnahagsbrotadeildin er rannsóknardeild sem rannsakar skatta- og efnahagsbrot og má lesa starfsskipulag deildarinnar úr reglugerð 804/2007 um rannsókn og saksókn efnahagsbrota sem áður hefur verið minnst á. Efnahagsbrotadeild annast rannsókn allra efnahagsbrota auk þess að fara með rannsókn alvarlegra brota s.s. auðgunarbrota skv. ákvæðum hegningarlaga en einnig rannsókn á brotum á sérrefsilögum s.s. skattalög, tollalög, lögum sem varða gjaldeyrismál, verðlagsmál, verðbréfa og lánsviðskipti, umhverfisvernd, vinnuvernd og stjórn fiskveiða. Ennfremur rannsakar deildin ábendingar sem henni berast um grunsamlegar peningafærslur á grundvelli laga nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Auk þess að rannsaka efnahagsbrot þá fer deildin einnig með saksókn fyrir héraðsdómstólum í þeim málaflokkum sem undir deildina falla og er starfsemi hennar því á landsvísu. Er ástæðan sú að rannsókn þessara mála getur tekið langan tíma og krefst sérþekkingar sem erfitt er að byggja upp í mörgum rannsóknardeildum útum allt land, er þetta skipulag með sambærilegum hætti og á Norðurlöndunum.¹⁴⁹

5.2 Sérstakur saksóknari

Embætti sérstaks saksóknara var stofnað með lögum nr. 135/2008 en embættið var sett á fót sérstaklega til að rannsaka grun um refsiverða háttsemi í tengslum við bankahrúnið

¹⁴⁸ Ríkissaksóknari. (e.d.). *Fyrirmæli RS-5-2009*. Sótt 1. mars 2011 af: <http://www.rikissaksoknari.is/fyrirmaeli/>

¹⁴⁹ Lögregluvefurinn. (e.d.). Efnahagsbrotadeild. Sótt 15. mars 2011 af: http://www.logreglan.is/default.asp?cat_id=654



eins og áður kom fram. Sérstakur saksóknari rannsakar og ákærir vegna efnahagsbrota, auðgunar- og skattalagabrota, einnig þau brot sem hafa verið rannsökuð af Skattrannsóknarstjóra ríkisins, Samkeppniseftirlitinu eða FME og verið kærð til lögreglu. Þessar stofnanir eiga að veita sérstökum saksóknara upplýsingar um mál sem hafa verið þar til meðferðar til að undirbúningur fyrir opinbera rannsókn sé eins vandaður og mögulegt er. Þessar stofnanir hafa ýmis refsikennd úrræði í þeim málum sem ekki eru kærð til lögreglu. Skattrannsóknarstjóri rannsakar skattsvikamál og rekur mál fyrir yfirskattanefnd. Skattrannsóknarstjóri getur gefið skattaðila kost á að gangast undir sektarákvörðun eða vísað máli til opinberrar rannsóknar og venjulegrar sakamárameðferðar skv. 1. mgr. 35. gr. reglna um framkvæmd skattefirlits og skattrannsókna.¹⁵⁰ Samkeppniseftirlitið hefur heimild til að beita félög stjórnvaldssektum komist það að þeirri niðurstöðu að þau hafi brotið ákvæði samkeppnislaga skv. 37. gr. skl. FME hefur heimild til að leggja stjórnvaldssektir bæði á einstaklinga og lögaðila skv. 110. gr. fttl.

5.3 Sameining embætta

Framtíðarfyrirkomulag rannsókna og ákærumeðferðar í skatta og efnahagsbrotamálum verður væntanlega á þann veg að efnahagsbrotadeild ríkislögreglustjóra og embætti sérstaks saksóknara verði sameinað en samstaða er um slíkt framtíðarskipulag hjá viðkomandi embættum. Er markmiðið að gera kerfið skilvirkara og einfaldara en núverandi skipulag býður uppá en í því felst ákveðinn tvíverknaður við rannsókn alvarlegra skattalagabrota.¹⁵¹ Frumvarp til breytinga á lögum um sérstakan saksóknara var lagt fyrir á Alþingi 14. apríl 2011 þar sem áætlað er að sameina þessi embætti 1. júní 2011 og að starfstími embættis sérstaks saksóknara verði lengdur til 1. janúar 2013. Auk þess er unnið að framtíðarskipulagi á rannsókn og saksókn í alvarlegum, flóknum og umfangsmiklum efnahagsbrotamálum. Eru hugmyndir uppi um að setja á fót nýja stofnun sem myndi taka við verkefnum frá m.a. Efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra, Sérstökum saksóknara, Skattrannsóknarstjóra, Fjármálaeftirliti, Samkeppniseftirliti og Ríkissaksóknara.¹⁵²

¹⁵⁰ Reglugerð nr. 373/2001 um skatteftirlit og skattrannsókn. Sótt 10. apríl 2011 af: http://www.skattrann.is/html/reglugerd_373_2001.htm

¹⁵¹ Lögregluvefurinn. (e.d.). Efnahagsbrotadeild. Sótt 15. mars 2011 af: http://www.logreglan.is/displayer.asp?cat_id=81&module_id=220&element_id=16922

¹⁵² Alþt. Frumvarp til laga um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum. 139. löggjafarþing 2010-2011. Þskj. 1306 – 754. mál. sótt 16. apríl 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/139/s/1306.html>



6. Refsiábyrgð vegna efnahagsbrota í starfsemi lögaðila

Ákvæði um refsíábyrgð er að finna í ýmsum lögum sem varða starfsemi hlutafélaga. Í ritgerðinni er umfjöllun afmörkuð við skyldur stjórnarmanna skv. hlutafélagalögum og refsíábyrgð vegna brota á þeim. Þó er óhjákvæmilegt að fjalla einnig að nokkru leyti um þær skyldur sem stjórnarmenn hafa er varða önnur lög. Ekki verða raktar skyldurnar samkvæmt þessum lögum heldur verður umfjöllun afmörkuð við refsíákvæði laganna. Verða hér skoðuð nánar refsíákvæði hlutafélagalaga nr. 2/1995 (hfl.), laga um tekjuskatt nr. 90/2003 (tsl.), laga um virðisaukaskatt nr. 50/1988 (vskl.), laga um ársreikninga nr. 3/2006 (árl.), laga um bókhald nr. 145/1994 (bhl.), laga um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987 (ogl.) og samkeppnislaga nr. 44/2005 (skl.).

Tengsl þessara laga við skyldur stjórnarmanna samkvæmt hlutafélagalögum eru einna skýrust varðandi skyldur þeirra til að hafa eftirlit með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins og má segja að með því að brjóta ákvæði 2. mgr. 68. gr. hfl. séu líkur til að lagaákvæði fleiri laga séu þá einnig brotnar. Í þessum lögum eru ákvæði um viðurlög sem geta bæði verið fésekt eða fangelsisvist, en einnig eru í sumum ákvæðum tilvísanir til almennra hegningarlaga séu brot talin vera stórfelld og verða því einnig skoðuð ákvæði almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

6.1 Refsíákvæði XVII. kafla laga nr. 2/1995 um hlutafélög

Ákvæði varðandi refsingar vegna brota á hlutafélagalögum er að finna í XVII kafla laganna, í 152.– 157. gr. hfl. Ekki eru öll brot á hlutafélagalögum refsiverð en hlutafélagaskrá hefur heimild til að grípa til dagsekta eða vikusekta ef stjórnarmenn hafa vanrækt skyldur sínar skv. 152. gr. hfl. Nær ákvæðið reyndar einnig til stofnenda, framkvæmdastjóra, endurskoðenda og fleiri aðila. Það eru því ákveðin þvingunarúrræði til staðar í stað refsinga við þeim brotum.¹⁵³ Í 153. gr. hfl. sem er í fjórum töluliðum eru talin upp þau brot sem eru refsiverð með sektum eða fangelsisvist til allt að tveggja ára. Í 1. tl. kemur fram að refsivert sé að skýra rangt eða villandi frá högum hlutafélags á opinberum vettvangi s.s. í ársreikningi, yfirlýsingum til hluthafafundar eða í tilkynningum til hlutafélagaskrár. Ákvæðið er svo til orðrétt eins og 149. gr. hfl. nr. 32/1978. Fram kemur í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga að ásetnings sé krafist til að brot sé sagnæmt, eins og orðalagið vísvitandi gefur til kynna. Það væri því ekki brotlegt ef villandi upplýsingar væru gefnar af gáleysi. Auðgunartilgangur er ekki áskilinn til að um brot sé að ræða, en væri hins vegar

¹⁵³ Stefán Már Stefánsson. (2003). Bls.467.



brot framið með auðgunartilgangi myndi það varða við ákvæði almennra hegningarlaga. Í 2. tl. 153. gr. hfl. kemur fram að sama refsing, sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, er við því að brjóta vísvitandi gegn ákvæðum hlutafjárlaga varðandi eftirfarandi atriði:

- *við öflun fjárverðmæta frá stofnendum eða hluthöfum vegna greiðslu hlutafjár, sbr. 1., 2., og 5. mgr. 8. gr. hfl. sem lúta að því hvernig meta skuli fjárverðmæti sem hluthafar leggja til við stofnun í stað greiðslu peninga s.s. útbúa sérfræðiskýrslu og fá samþykki hluthafafundar.*
- *greiðslu hlutafjár*
- *útgáfu hlutabréfa eða bráðabirgðaskírteina*
- *hlutaskrá*
- *eigin hluti, sbr. 1. og 2. mgr. 55. gr. og 58. – 61. gr. hfl. sem kveða á um að félagið megi eiga eigin hluti að hámarki 10% af hlutafé félagsins og þá skv. heimild hluthafafundar að þeir séu að fullu greiddir, um tímamörk til að láta hluti af hendi þegar hlutaeign fer yfir hámarkshlutfallið og um skyldu til að lækka hlutaféð sem nemur nafnverði þeirra hluta sem þeir hafa ekki náð að láta af hendi.*
- *skyldu formanns til að boða til stjórnarfunda, sbr. 2. mgr. 70. gr. hfl. er varðar skyldu stjórnarformanns til að boða stjórnarmenn til stjórnarfunda og skyldu til að halda stjórnarfund þegar þess er krafist.*
- *varðandi samantekt um samstæðutengsl ofl., sbr. 4. mgr. 84. gr. hfl. um að stjórn skuli gera samantekt og leggja fyrir aðalfund um hlutafjäreign einstakra hluthafa og atkvæðisrétt þeirra og upplýsingar um samstæðutengsl. Þessu ákvæði var bætt inn með 7. gr. laga nr. 13/2010 og kemur fram í frumvarpi til laganna að markmiðið væri að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum og að auka rétt hluthafanna til þess að fá upplýsingar frá stjórn um eignarhald, atkvæðisrétt og samstæðutengsl annarra hluthafa.*
- *boðun til hluthafafundar þegar eigið fé er orðið minna en helmingur af skráðu hlutafé þess, sbr. 5. mgr. 84. gr. hfl. um skyldu til að halda hluthafafund innan sex mánaða komi upp sú staða að félagið hafi lágt eiginfjárhlutfall.*
- *greiðslur í varasjóð*
- *úthlutun arðs*
- *endurgreiðslu á hlutafjárframlögum*



- *lán eða tryggingu handa hluthöfum ofl.*, sbr. 104. gr. hfl. um að óheimilt sé að veita hluthöfum stjórnarmönnum eða framkvæmdastjórum félagsins eða móðurfélagsins lán eða setja tryggingu fyrir þá.
- *tilkynningu um stofnun útibús og starfsemi þess*, sbr. 141. gr. hfl. um það þegar erlent hlutafélag stofnar útibú, hvaða landslögum félagið starfar eftir, hvar það sé skráð og hvar aðalstarfstöð þess sé o.s.frv.
- *brot á reglum um hlutafé í erlendum gjaldmiðli*, sbr. 4. mgr. 1. gr. en þetta varðar félög sem skráð hafa verið á skipulegan verðbréfamarkað og mega hafa hlutaféð í erlendum gjaldeyri eða félög sem hafa fengið heimild ársreikningaskrár til að færa bókhald í erlendum gjaldmiðli, þarf að hafa það fyrirkomulag í lágmark fimm ár.

Í 3. tl. 153. gr. hfl. kemur fram að refsivert sé að misnota aðgangsorð til að taka þátt í rafrænum stjórnarfundum eða hluthafafundum s.s. til þess að greiða atkvæði. Í 4. tl. 153. gr. hfl. kemur fram að refsivert sé að nota eða afhenda án heimildar aðgangsorð til að taka þátt í rafrænum samskipum sem ákvæði laganna ná yfir s.s. á rafrænum hluthafafundum.

Ennfremur er það refsivert fyrir hvern þann, stjórnarmenn sem og aðra, sem skapar rangar hugmyndir um hag og stöðu hlutafélags þannig að slíkar upplýsingar hafi áhrif á sölu og verð á hlutum í félaginu. Varðar slíkt brot sektum eða fangelsi allt að tveimur árum skv. 1. mgr. 154. gr. Í 2. mgr. sömu greinar segir að sektir eða fangelsi allt að einu ári eru við því að stjórnandi hlutafélags eða aðili sem kemur fram fyrir hönd félagsins segi vísvitandi rangt frá efnahagi eða eignum félagsins á skriflegan hátt s.s. í skýrslum til viðskiptamanna eða opinberra aðila að því gefnu að 1. mgr. greinarinnar eigi ekki við og að 153. gr. sem áður hefur verið rakin eigi ekki við.

Ákvæði 155. gr. varðar atkvæðagreiðslur á hluthafafundi, í mörgum tilfellum á þetta ákvæði ekki við um stjórnarmenn, ekki nema þeir séu sjálfir hluthafar í félaginu og hafi atkvæðisrétt af þeim sökum. Í ákvæðinu er list ýmsum tilburðum til að hafa áhrif á atkvæðagreiðslu s.s. að afla sér atkvæðaréttar á ólögmetan hátt s.s. með nauðung misbeitingu aðstöðu eða með sviksamlegu atferli s.s. að borga fyrir að atkvæðisréttur sé ekki nýttur eða hann sé nýttur félaginu í óhag auk fleiri atriða en brot á þessu ákvæði varðar sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Er ákvæðið orðrétt samhljóða 151. gr. eldri hfl. nr. 32/1978 en í greinargerð með frumvarpi til laganna kom fram varðandi þetta ákvæði að það sé sett vegna þess hve mikilvægt er að atkvæðagreiðslu sé ekki raskað með



því að beita ólöglegum áhrifum. Er refsinaemið hér bundið við það að athöfn eða athafnaleysi hafi verið félaginu í óhag.

Sá sem vanrækir að senda tilkynningar til hlutafélagaskrár í þeim tilfellum sem skylt er að gera slíkt samkvæmt ákvæðum hlutafélagalaganna á yfir höfði sér sektir að allt að árs fangelsi skv. 156. gr. hfl.

Í 157. gr. er ekki eiginlegt refsíákvæði en það kveður á um að hafi stjórnanda félags eða öðrum sem komið hefur fram fyrir hönd félagsins verið dæmd sekt vegna brots í starfi sínu fyrir félagið þá ber félagið ábyrgð á að greiða sektina ef innheimtutilraunir hjá stjórnandanum sjálfum hafi reynst árangurslausar, ef ákvæði í refsidóminum eru um ábyrgð félagsins. Sé slíkt ekki fyrir hendi þarf að dæma um greiðsluskyldu félagsins í sérstöku sakamáli.

6.2 Refsíákvæði laga nr. 90/2003 um tekjuskatt

Hlutafélög eru skattskyldir aðilar skv. 1. tl. 2. gr. tsl. og samkvæmt eftirlitsskyldu sinni ber stjórnarmönnum að tryggja að bókhald og meðferð fjármuna félagsins séu með fullnægjandi hætti og þar með að félagið standi skil á tekjuskatti sem og öðrum opinberum gjöldum. Stjórnarmenn geta því þurft að bera refsíábyrgð vegna brota á lögnum sem framin eru í starfsemi lögaðilans á grundvelli skyldu sinnar sem stjórnarmanna.

Það er refsivert skv. 1. og 2. mgr. 109. gr. tsl. að gefa rangar eða villandi upplýsingar varðandi tekjuskatt sinn og að vanrækja það að telja fram til skatts og skiptir þá ekki máli hvort slíkt sé gert af ásetningi eða vegna stórkostlegs hirðuleysis. Ef brot eru stórfelld varða þau einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl.

Fram kemur í 5. mgr. 109. gr. tsl. að refsivert sé að gefa rangar eða villandi upplýsingar vegna skattframtala annarra og ennfremur að refsivert sé að aðstoða við ranga eða villandi skýrslugjöf til skattfirvalda, er refsingin við því fésekt sem er allt að tífold sú skattfjárhæð sem var dregin undan og að lágmarki tvöfold skattfjárhæð. Er þetta ákvæði nátengt skyldu stjórnarmanna skv. 68. gr. hfl. til að hafa eftirlit með fjárreiðum félagsins. Er því ljóst að ábyrgð stjórnarmanna sem taka að sér stjórnarsetu er mikil auk þess sem fésektir vegna skattundanskota geta verið háar fjárhæðir ef umfang rekstrar og umfang undanskota er mikið. Má í þessu sambandi skoða **Hrd. í máli nr. 78/2010** frá 3. mars 2011:

Í málinu var I sem var framkvæmdastjóri X ehf. ákærður og sakfelldur fyrir að skila ekki virðisaukaskattskýrslum eða skilagreinum á réttum tíma eða að skila þeim alls ekki. Einnig fyrir að skila efnislega röngum virðisaukaskattskýrslum og skattframtali. Skilaði I efnislega röngu skattframtali árið 2007 vegna sjálfstæðrar atvinnustarfsemi sinnar með því að vantelja tekjur. Auk þess var hann sakfelldur fyrir að hafa ekki fært tilskilið bókhald í



atvinnustarfsemi sinni skv. 1. mgr. 37. gr. bókhaldslaga. Voru brot I talin stórfelld og vörðuðu því einnig við 1. og 2. mgr. 262. gr. hgl. Var I gert að greiða fésekt fyrir brotin samtals að fjárhæð 42 milljónir króna m.a. með vísan í 1. mgr. 109. gr. tsl.¹⁵⁴ um fjárhæð fésekta. En auk þess var hann dæmdur til 10 mánaða skilorðsbundins fangelsis.

Einn dómari Hæstaréttar skilaði séráliti en hann var sammála forsendum og niðurstöðum meirihlutans varðandi sakfellingu en ósammála ákvörðun sektarfjárhæðar. Í málinu bar I því við að hann ætti ekki einn að bera ábyrgð á brotinu og tók meirihlutinn undir að líkur hafi verið til þess. Taldi dómari að við ákvörðun sektarfjárhæðar ætti hann að njóta vafans á því vegna jafnræðissjónarmiða og að I ætti að fá samskonar refsíákvörðun og aðrir sem sakfelldir hafa verið fyrir sömu brot í félagi við aðra og ætti því fjárhæð sektar að vera lægri án þess þó að ákveðin fjárhæð væri tiltekin í sérálitinu. Í refsirétti er aðalreglan sú að allir beri refsíábyrgð sem hafa á einhvern hátt átt þátt í refsiverðum verknaði.¹⁵⁵

6.3 Refsíákvæði laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt

Refsíákvæði vegna brota á ákvæðum laga um virðisaukaskatt er að finna í 40. gr. laganna í átta málsgreinum sem þó ekki allar varða möguleg brot sem stjórnarmenn og lögaðilar gætu verið ákærðir fyrir s.s. 5. mgr. 40. gr. tekur til dánarbúa. Í 41. gr. er að finna refsíheimildir yfirsattanefndar og skattrannsóknarstjóra. Saknæmisskilyrði brota á 40. gr. vskl. eru ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi. Refsingar geta verið sektir eða fangelsi allt að tveimur árum, nema ef brot eru stórfelld þá gætu þau varðað við 262. gr. hgl. og þá er hægt að dæma brotamannt í allt að sex ára fangelsi. Í 7. mgr. 40. gr. vskl. kemur fram að hægt er að refsa fyrir tilraun til brots og einnig fyrir hlutdeild í broti skv. ákvæðum III. kafla hgl. og er refsing við slíku fésekt og gilda sömu hámarkssektarviðmið eins og koma fram í greininni.

Refsivert er ef skattskyldur maður skýrir rangt eða villandi frá einhverju sem máli skiptir um virðisaukaskatt sinn eða afhendir ekki á tilskildum tíma virðisaukaskattskýrslu eða virðisaukaskatt sem hann hefur innheimt eða honum bar að innheimta. Viðurlög við slíku broti er fésekt allt að tífaldri þeirri skattfjárhæð sem brotið varðar en að lágmarki tvöföld sú fjárhæð skv. 1. mgr. 40. gr. vskl. Ef um stórfellt brot er að ræða þá varðar það einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl. þá má dæma í allt að sex ára fangelsi til viðbótar fésektum skv. vskl. Í **Hrd. í máli nr. 226/2010** frá 31. mars 2011 reyndi á þessi ákvæði en þar voru

¹⁵⁴ Ákvæði 1. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt, 2. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda og 1. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt kveða öll á um fésektarlágmark er nemur tvöfaldri þeirri skattfjárhæð sem undan var dregin.

¹⁵⁵ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 36.



stjórnarformaður og framkvæmdastjóri taldir bera sameiginlega refsíábyrgð vegna vanskila á virðisaukaskatti og afdreginni staðgreiðslu af launum starfmannanna. Var um stórfellt brot á 1. mgr. 40. gr. vskl. að ræða sem varðaði einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl. Var vangoldinn virðisaukaskattur tæpar 26 milljónir og vangoldin staðgreiðsla að fjárhæð tæpar 80 milljónir. Báðir voru dæmdir til 18 mánaða fangelsis, skilorðsbundið í tvö ár og hvorum um sig gert að greiða rúmar 104 milljónir í sekt en til vara kæmi fangelsi í 12 mánuði. Af þessum dómi og fleirum má sjá að algengt er að lágmarksfésektarákvæðinu sé fylgt í dómaframkvæmd þegar sektir vegna þessara brota eru ákveðnar.

Ef maður vanrækir að halda tilskilið bókhald samkvæmt vskl. s.s. að slá ekki sölu í sjóðvél gilda sektarákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald (bhl.)¹⁵⁶ nema ef brot er svo stórfellt að það varði við 2. mgr. 262. gr. hgl. skv. 2. mgr. 40. gr. vskl. Samkvæmt 40. gr. bhl. má sekta lögaðila eða jafnvel svipta starfsréttindum fyrir brot á bhl. hvort sem brotið er framið af fyrirvarsmanni eða starfsmanni lögaðilans.

Séu tilkynningaskylda skv. 5. gr. vskl. eða upplýsingaskylda skv. 38. gr. vskl. vanrækt eða ekki láttnar í té skýrslur eða gögn sem kveðið er á um að láta eigi í té samkvæmt vskl. þá eru refsiviðurlögin sektir eða fangelsi allt að tveimur árum skv. 3. mgr. 40. gr. vskl.

Ef gefnar eru villandi eða rangar upplýsingar varðandi virðisaukaskattsskýrslur sem þó hafa ekki áhrif á skattskyldu eða skattgreiðslur þá er heimilt að beita sektarákvörðun fyrir slíkt brot skv. 4. mgr. 40. gr. vskl.

Samkvæmt 6. mgr. 40. gr. vskl. er hver sá sem af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi veitir skattayfirvöldum rangar eða villandi upplýsingar eða gögn varðandi virðisaukaskattsskýrslur annarra aðila eða aðstoðar við slíkt skal sæta sektum skv. 1. mgr. 40. gr. vskl.¹⁵⁷ Stórfellt brot varðar einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl.

Fram kemur í 8. mgr. 40. gr. vskl. að lögaðili getur verið sektaður fyrir brot á lögnum sem eru refsiverð óháð því hvort brotið sé vegna saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns. Sé fyrirvarsmanni eða starfsmanni refsað fyrir brotið má samt sem áður einnig sekta lögaðilann hafi brotið verið til hagsbóta eða hagnaðar fyrir hann.

Þó málsmeðferðarreglur falli utan umfjöllunarefnis ritgerðarinnar þá er vert að nefna að ef lögaðilum hefur verið gert að sæta refsikenndum viðurlögum s.s. endurálagningu ríkisskattstjóra með álagi á skattstofna þá er álag á vantalda skattstofna talið vera refsing í skilningi 1. mgr. 4. gr. 7. sammingsviðauka við mannréttindasáttmála Evrópu. Þar af leiðir

¹⁵⁶ Í 36. gr. bhl. er sektarákvæði og í 37. gr. kemur fram við hvað sé miðað til að brot teljist vera stórfellt.

¹⁵⁷ Lágmark tvöföld en að hámarki tíuföld sú skattfjárhæð sem dregin var undan eða ekki innheimt.



að það er andstætt 2. mgr. 186. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 en þar segir: „Krafa sem dæmd hefur verið að efni til verður ekki borin aftur undir sama eða hliðsettan dómstól framar en í lögum þessum segir. Nýju máli um slíka kröfu skal vísað frá dómi.“ Í máli **S-953/2008** fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur var máli vísað frá á þessum grunni¹⁵⁸ þar eð lögaðilum í málinu hafði verið ákvörðuð refsing í formi álags á vantalda skattstofna vegna háttsemi fyrirvarsmanna félaganna sem voru ákærðir í málinu. Vegna formgalla á kæru til Hæstaréttar þá tók hann ekki efnislega afstöðu til frávísunar Héraðsdóms.

6.4 Refsiákvæði laga nr. 3/ 2006 um ársreikninga

Öllum hlutafélögum ber að gera ársreikning skv. 1. gr. árl. Gerður er þó greinarmunur á hlutafélögum eftir stærð þeirra en sú breyting er tilkomin með 1. gr. laga nr. 45/2005. Kemur fram í frumvarpi til laganna að það hafi verið gert til að auðvelda tilvísanir til félaganna í lögunum.¹⁵⁹

Stærri hlutafélög teljast þau félög sem fara í tvö ár í röð fram úr tvennum af þeim stærðarmörkum sem tilgreind eru í 2. tl. 1. mgr. 1. gr. árl. En þau skilyrði eru:

- ef félagið fer upp fyrir eignamörk 230 milljóna
- ef rekstrartekjur nema meira en 460 milljónum
- ef fjöldi ársverka á reikningsári eru 50 eða fleiri.

Þau hlutafélög sem ná ekki þessum stærðartakmörkunum hafa samt sem áður skyldu til að skila ársreikningi skv. 3. tl. 1. gr. árl.

Saknæmisskilyrði brota gegn árl. eru ásetningur eða stórfellt gáleysi eins og kemur fram í 120. gr. árl. Sé brotið þannig gegn ákvæðum laganna eins og tilgreint er í 122. – 125. gr. árl. þá eru slík brot refsiverð með fésektum. Brot gegn 121. gr. og önnur meiriháttar brot gegn 122. og 123. gr. árl. varða fangelsi allt að sex árum með vísan í 2. mgr. 262. gr. hgl. Þó er hægt að dæma fésekt í stað fangelsis ef málsbætur eru miklar. Einnig er heimilt að refsa fyrir tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. III. kafla hgl. skv. 124. gr. árl.

Stjórnarmenn geta með athöfnum eða athafnaleysi gerst sekir um refsivert brot gegn árl. ef ársreikningur eða samstæðureikningur er ekki gerður í samræmi við lög með þeim afleiðingum að reikningsskilin gefi ekki glögga mynd af rekstrarafkomu félagsins, eignabreytingum þess eða efnahag félagsins í lok ársins skv. 1. tl. 1. mgr. 122. gr. árl. Á sama

¹⁵⁸ Með vísan í þágildandi 2. mgr. 138. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála en ákvæðið var samhljóða.

¹⁵⁹ Alþt. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum. 131. löggjafarþing 2004-2005. Þskj. 734– 480. mál. Sótt þann 14. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/131/s/0734.html>



hátt geta þeir verið sekir um refsivert brot ef þeir í skýrslu stjórnar annað hvort gefa rangar upplýsingar eða halda leyndum mikilvægum upplýsingum sem geta haft þýðingu við mat á fjárhagslegri stöðu og afkomu félagsins eða samstæðunnar á árinu skv. 2. tl. 1. mgr. 122. gr. árl. Maður sem aðstoðar stjórnarmenn við brot eða stuðlar að þeim telst einnig sekur um brot gegn ákvæðinu. Sé um minniháttar brot að ræða varðar það fésektum en allt að sex ára fangelsi ef um meiriháttar brot er að ræða.

Stjórnarmenn hlutafélaga af þeirri stærðargráðu sem um getur í 1. tl., 2. tl. eða 2. ml. 4. tl. 1. gr. árl. (stærri hlutafélög) sem vanrækja að semja eða skila ársreikningi eða samstæðureikningi til opinberrar birtingar teljast sekir um meiriháttar brot gegn lögum skv. 1. mgr. 121. gr. árl. Það er einnig meiriháttar brot ef stjórnarmenn rangfæra ársreikning hvort sem er að hluta eða í heild, ef þeir eru ekki byggðir á niðurstöðu bókhalds, eða setja fram villandi eða rangar skýringar með ársreikningi skv. 2. mgr. 121. gr. árl.¹⁶⁰ Maður sem aðstoðar stjórnarmenn við brot eða stuðlar að þeim telst einnig sekur um brot gegn ákvæðinu skv. 3. mgr. 121. gr. árl. Skipting brota eftir stærð félaga var komið á með lögum nr. 160/2006. Fram kemur í frumvarpi til laganna að skipting hlutafélaga í stærri og minni félög væri sett til þess fallin að brot stjórnarmanna stærri hlutafélaga á 121. gr. árl., að semja ekki eða skila ekki ársreikningi, yrðu talin meiriháttar brot en brot stjórnarmanna minni félaga á þessum skyldum teldust ekki meiriháttar brot en þó að sjálfsgöðu refsiverð.¹⁶¹

Á sama hátt og í lögum um virðisaukaskatt er heimilt skv. 125. gr. árl. að sekta lögaðila fyrir brot á lögum óháð því hvort brotið stafi af saknæmum verknaði fyrirsvarmsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Sé fyrirsvarmsmanni eða starfsmanni refsað fyrir brotið má samt sem áður einnig sekta lögaðilann hafi brotið verið til hagsbóta eða hagnaðar fyrir hann.

Ársreikningaskrá hefur heimild skv. 3. mgr. 126. gr. árl. til að sekta þau félög sem falla undir 3. tl. eða 1. ml. 4. tl. 1. gr. árl. (minni félög) sem vanrækja að standa skil á ársreikningi eða samstæðureikningi. Auk þess sem ársreikningaskrá má sekta þau félög sem falla undir gildissvið laganna ef þau leggja ekki fram fullnægjandi upplýsingar eða skýringar með ársreikningi eða samstæðureikningi. Eru þessar sektarheimildir óháðar því hvort brotið sé

¹⁶⁰ Nema ef brotið gæti varðað við 158. gr. hgl. sem segir að ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali, opinberum sem öðrum, eða í bókum sem honum er skylt að gefa út eða rita (einnig ef um er að ræða rangfærslu og notkun upplýsinga og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi) þá varðar það fangelsi allt að þremur árum eða sektum ef málsbætur eru til staðar. Sama gildir ef slíkt er gert í starfi sem þarf löggildingu til að sinna ef það er gert til að blekkja með í lögskiptum.

¹⁶¹ Alþt. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. 133. löggjafarþing 2006-2007. Þskj. 317- 302. mál. Sótt 14. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/alttext/133/s/0317.html>



vegna saknæms verknaðar fyrirsvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hámarkssekt getur verið allt að 500 þúsund krónur. Sektarheimild ársreikningaskrár skv. þessari grein kom ný inn með 3. gr. laga nr. 160/2006 en skv. greinargerð með frumvarpi til laganna var ákvæðið sett til að auka skil félaga á ársreikningum en fyrir gildistöku laganna voru úrræði ársreikningaskrár vegna vanskila afar takmörkuð. Ef ekki var sinnt ítrekuðum áskorunum um skil á ársreikningi var eina úrræði ársreikningaskrár að vísa málinu til skattrannsóknarstjóra. Í flestum tilfellum er bókhaldsóriða ástæða fyrir vanskilum á ársreikningum þar sem hann hefur þá ekki verið saminn.¹⁶² Reglugerð nr. 664/2008 um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga tilgreinir nánar hversu há sekt sé fyrir brotin eftir stærð félaga og eðli brotanna.

Sumarið 2009 var fyrst farið að beita félög sektum vegna vanskila á ársreikningum og var þá sektað vegna ársins 2006. Jafnframt var byrjað að birta lista yfir þau félög sem eru í vanskilum með ársreikninga flokkað eftir árum.¹⁶³ Var ætlunin með birtingunni að þrýsta á félögin að skila ársreikningum.¹⁶⁴

Fram kemur í leiðara Tíundar fréttablaðs ríkisskattstjóra frá desember 2010 að miklar brotalamir séu á því hér á landi að hlutafélög skili ársreikningum og skattframtölum ólíkt því sem gerist t.d. í Danmörku. Yfir 30% lögaðila skila ekki skattframtali á tilskildum tíma og skil á ársreikningum til ársreikningaskrár eru enn verri þar sem um 40% lögaðila höfðu ekki skilað ársreikningi hálfu ári frá lokum reikningsársins 2009. Slíkt er afar slæmt fyrir þá sem eiga viðskipti við hlutafélög þar sem mikilvægt er að hafa áreiðanlegar upplýsingar um efnahag þeirra. Í flestum Evrópulöndum væru félög sem ekki standa skil á þessum upplýsingum tekin af skrá og ótakmörkuð ábyrgð lögð á eigendurna og því kæmi ekki til viðlíka langtíma vanskila eins og tíðkast hefur hér á landi. Væri eðlilegra að félög með takmarkaðri ábyrgð á borð við hlutafélög sem ekki uppfylltu þá lagaskyldu að skila inn ársreikningum og framtölum fengju ekki að halda rekstri áfram og að þær skyldur væru lagðar á eigendur þeirra að bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á rekstrinum með persónulegum eignum sínum.¹⁶⁵

¹⁶² Alpt. Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. 133. löggjafarþing 2006-2007. Þskj. 317- 302. mál. Sótt 14. mars 2011 af: <http://www.althingi.is/altext/133/s/0317.html>

¹⁶³ Listann má sjá á vef ríkisskattstjóra á slóðinni: <http://rsk.is/fyrirtaekjaskra/arsreikn/vanskil/2009>

¹⁶⁴ Rúv.(2009, september). Innlendar fréttir, viðskipti. *Sektir vegna vanskila ársreikninga*. Sótt 14. mars 2011 af: <http://www.ruv.is/frett/sektir-vegna-vanskila-arsreikninga>

¹⁶⁵ Ríkisskattstjóri. (2010, desember). *Tíund, Möskvar gærdagsins*. Sótt 10. mars 2011 af: http://rsk.is/rsk/tiund/t%C3%ADundlei%C3%B0ari_2010_12.is.html



Af þessari samantekt má ráða að stjórnarmenn hlutafélaga bera mikla ábyrgð á að ársreikningar séu í fyrsta lagi gerðir, í öðru lagi að þeir séu rétt gerðir og í samræmi við lög og í þriðja lagi að allar upplýsingar sem þeim tengjast séu réttar og byggðar á réttum gögnum. Byrjað er að beita heimildum um viðurlög á virkari hátt en áður og ríkisskattstjóri hefur viðrað þær hugmyndir, bæði árið 2009 og í leiðara sínum í Tíund frá desember 2010, að hér á landi verði tekið upp samskonar framkvæmd og í mörgum Evrópulöndum eins og áður var lýst og fella niður hina takmörkuðu ábyrgð eigenda og stjórnarmanna þeirra félaga sem ekki standa skil á ársreikningum. Það má því búast við því að aukning verði á því að stjórnarmenn þurfi að axla ábyrgð sína skv. ársreikningalögum.

6.5 Refsiákvæði laga nr. 145/1994 um bókhald

Í stjórnkerfi hlutafélaga hefur framkvæmdastjóri það hlutverk að sjá um að bókhald félagsins sé fært í samræmi við lög og venjur skv. 2. ml. 3. mgr. 68. gr. hfl. Stjórn á hinsvegar að hafa eftirlit með framkvæmdastjóranum og með bókhaldi og meðferð fjármuna félagsins skv. 3. mgr. 68. gr. hfl. Stjórnarmenn þurfa því að hafa eftirlit með því að fylgt sé lögum um bókhald í starfsemi lögaðila.

Refsiákvæði bókhaldslaga er að finna í IV kafla laganna. Í 36. gr. bhl. er hið eiginlega refsíákvæði en í ákvæðunum sem fylgir á eftir fylgja eru útlistaðar þær lagaskyldur sem er refsivert að vanrækja. Saknæmisskilyrði brota gegn bókhaldslögum er ásetningur eða stórfellt gáleysi og eru refsiviðurlögin skv. 36. gr. bæði fésekir eða fangelsi allt að sex árum fyrir meiriháttar brot á lögnum með vísan í 2. mgr. 262. gr. hgl. Þó er heimilt að beita fésektum fyrir meiriháttar brot ef málsbætur eru miklar. Ef aðili aðstoðar eða stuðlar að brotum þá er slíkt einnig refsivert á sama hátt sbr. 2. mgr. 37. gr. bhl. og 2. mgr. 38. gr. bhl. Í 39. gr. bhl. kemur fram að hægt er að refsa skv. ákvæðum III. kafla hgl. fyrir tilraun til brota og einnig fyrir hlutdeild í brotum sem koma fram í 37. gr. og 38. gr. bhl. Er refsing við slíku fésekt.

Á sama hátt og í lögum um virðisaukaskatt og ársreikningalögum er heimilt skv. 40. gr. bhl. að sekta lögaðila fyrir brot á lögnum óháð því hvort brotið stafi af saknæmum verknaði fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Sé fyrirvarsmanni eða starfsmanni refsað fyrir brotið má samt sem áður einnig sekta lögaðilann hafi brotið verið til hagsbóta eða hagnaðar fyrir hann.

Háttsemi bókhaldsskylds manns eða fyrirvarsmanns lögaðila sem er alltaf álitin vera meiriháttar brot gegn lögnum skv. 37. gr. bhl. er eftirfarandi:



- Ef bókhald er ekki fært þannig að það uppfylli kröfur laga í meginatriðum.
- Ef fylgiskjöl og önnur bókhaldsgögn eru ekki varðveitt eða varðveitt á þann hátt að ekki sé hægt að rekja bókhaldsfærslur til tiltekinna viðskipta.
- Ef bókhald eða bókhaldsgögn eru rangfærð, ef gögn eru búin til, ef tekjur eru kerfisbundið vantaldar eða bókhald er á þann veg að það gefi ranga mynd af viðskiptum og notkun fjármuna.¹⁶⁶
- Ef hann eyðileggur bókhaldsgögn eða bókhald sitt eða lögaðila, í heild eða að hluta, kemur þeim undan eða torveldar á einhvern hátt aðgang að þeim.
- Ef hann semur ekki ársreikning í samræmi við niðurstöður bókhalds eða ef ársreikningur inniheldur ekki nauðsynlega reikninga eða skýringar eða ef hann er rangfærður að hluta eða öllu leyti.¹⁶⁷

Refsiverð brot fyrirvarsmanns lögaðila skv. 38. gr. bhl. sem þó teljast ekki til meiriháttar brota, og sæta því einungis fésektum, geta verið framin bæði með athöfnum eða athafnaleysi og eru eftirfarandi:

- Ef vanrækt er að færa hluta bókhalds eða bókhaldi og meðferð bókhaldsgagna og gerð ársreikninga er ekki samkvæmt lögum.
- Ef bókhald er ekki skýrt og aðgengilegt og unnið út frá fullnægjandi gögnum, í samræmi við góða bókhaldsvenju eða ef tekjuskráning er ekki gerð á skýran og öruggan hátt þannig að allar færslur séu rekjanlegar.
- Ef vanrækt er að tryggja að bókhald, ársreikningur eða bókhaldsgögn séu varðveitt, eða ef skipulag og uppbygging bókhalds er ekki öruggt.
- Ef viðskipti eru ekki skráð séu samkvæmt góðri bókhaldsvenju, í númera og tímaröð og ef reikningar uppfylla ekki formkröfur.
- Ef ársreikningur eða hlutar hans gefa ekki skýra mynd af rekstrarafkomu og efnahag félagsins í samræmi við lög.
- Ef vörutalning er ekki gerð og birgðaskrá inniheldur ekki tilskildar upplýsingar eða ef mat á vörubirgðum er verulega rangt.

Stjórnarmenn þurfa því að tryggja að bókhald sé fært með viðunandi hætti og í samræmi við ákvæði bókhaldslaga.

¹⁶⁶ Brot varðar við 3. tl. 1. mgr. 37. gr. ef það er ekki þess eðlis að varða við 158. gr. hgl. sem segir að ef maður tilgreinir eitthvað ranglega í skjali, opinberum sem öðrum, eða í bókum sem honum er skylt að gefa út eða rita (einnig ef um er að ræða rangfærslu og notkun upplýsinga og gagna sem geymd eru á tölvutæku formi)þá varðar það fangelsi allt að þremur árum eða sektum ef málsbætur eru til staðar. Sama gildir ef slíkt er gert í starfi sem þarf löggildingu til að sinna ef það er gert til að blekkja með í lögskiptum.

¹⁶⁷ Brot varðar þá við 5. tl. 1. mgr. 37. gr. nema það varði við 158. gr. hgl. sem áður hefur verið lýst.



6.6 Refsiákvæði í lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987

Ákvæði þessa laga eru nátengd skyldum stjórnarmanna skv. 68. gr. hfl. en lögin taka til staðgreiðslu af tekjuskatti skattskyldra manna, útsvars og tryggingagjalds skv. 2. gr. ogl. Lögaðilar sem hafa starfsmenn á sínum snærum þurfa því að fylgja ákvæðum laganna og stjórnarmönnum ber skylda til að hafa eftirlit með því að lögunum sé fylgt. Saknæmisskilyrði brota á þessum lögum eru ýmist ásetningur eða stórkostlegt hirðuleysi. Heimilt er að refsast fyrir tilraun eða hlutdeild í brotum og gilda þá sömu sektarhámark skv. 8. mgr. 30. gr. ogl.

Refsivert er að skýra rangt eða villandi frá einhverju sem máli skiptir varðandi staðgreiðsluskil að viðlagðri fésekt sem er að lágmarki tvöföld skattfjárhæð og að hámarki tíuföld skv. 1. mgr. 30. gr. ogl. Sé um stórfellt brot að ræða varðar það við 1. mgr. 262. gr. hgl. en þá kemur til viðbótar heimild til fangelsisrefsingar allt að sex árum.

Ef ekki hefur verið haldið eftir fé af launagreiðslum, skilagreinum ekki skilað eða afdregnu fé ekki skilað er slíkt refsivert brot skv. 2. mgr. 30. gr. með sömu sektarviðmið eins og koma fram í 1. mgr. 30. gr. nema því aðeins að brotið varði við 247. gr. hgl. um fjárdrátt sem varðar þyngri refsingu. Heimilt er að fara niður fyrir sektarlágmarkið ef staðið hefur verið skil á verulegum hluta skattfjárhæðarinnar eða ef málsbætur eru miklar. En sé um stórfellt brot að ræða getur það varðað við 1. mgr. 262. gr. hgl.

Vanræksla á því að halda launabókhalld er refsivert skv. bókhaldslögum en meiriháttar brot varða við 2. mgr. 262. gr. hgl. skv. 3. mgr. 30. gr. opl. Stjórnarmenn bera skyldu til að tryggja að slíkt sé gert á grundvelli eftirlitsskyldu sinnar auk þess sem þeim ber að tryggja að rekstur sé ávallt í góðu horfi. Ef tilkynningarskylda eða upplýsingarskylda er vanrækt eða ef skattkort eru misnotuð þá er slíkt refsivert með sektum eða fangelsi allt að tveimur árum skv. 4. mgr. 30. gr. opl.

Hver sá sem lætur skattyfirvöldum í té rangar eða villandi upplýsingar og gögn varðandi skilaskyldu annarra aðila eða aðstoðar við slíkt skal sæta fésekt sem er að lágmarki tvöföld skattfjárhæð og að hámarki tíuföld, sé brot stórfellt varðar það einnig við 1. mgr. 262. gr. hgl.

Heimilt er að sekta lögaðila fyrir brot á ogl. óháð því hvort brotið sé vegna saknæms verknaðar fyrirvarsmanns eða starfsmanns lögaðilans. Hafi þeir fengið refsingu vegna brota sem voru drýgð til hagsbóta fyrir lögaðilann eða hann notið hagnaðar af brotinu þá má einnig sekta lögaðilann og svipta starfsréttindum.



6.7 Refsiákvæði í samkeppnislögum nr. 44/2005

Brot á samkeppnislögum eru álitin alvarleg brot sem hafa mikil efnahagsleg áhrif á almenning og samfélagið.¹⁶⁸ Viðurlög sem lögð eru á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja eru stjórnvaldssektir sem Samkeppniseftirlitið sér um að leggja á vegna brota skv. 37. gr. skl. sem eru t.d. misnotkun á markaðsráðandi stöðu eða verðsamráð. Geta sektarfjárhæðir verið allt að 10% af heildarveltu síðasta reikningsárs þeirra fyrirtækja sem aðild eiga að broti. Ef fyrirtæki hefur frumkvæði að því að láta af hendi upplýsingar eða gögn sem reynast mikilvæg sönnunargögn vegna brota á 10. og 12. gr. skl.¹⁶⁹ Þá getur sekt þess orðið lægri. Ef ekki er fylgt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins getur það beitt dagsektum skv. 38. gr. skl.

Refsiheimild vegna samkeppnislaga brota stjórnarmanna er að finna í 41. gr. a. skl. en þar segir að stjórnarmaður fyrirtækis eða samtaka fyrirtækja sem framkvæmir, hvetur til eða lætur framkvæma samráð sem brýtur gegn 10. og 12. gr. skl. skal sæta sektum eða fangelsi allt að sex árum. Einnig er heimild í 6. mgr. 41. gr. a. skl. til að refsa fyrir tilraun eða hlutdeild í brotum. En þau brot sem um ræðir eru samráð um verð, afslætti, álagningu eða önnur viðskiptakjör, um takmörkun eða stýringu á framboði, framleiðslu, skiptingu birgðalinda eða markaða eftir svæðum eða viðskiptavinum, samráðs um gerð tilboða, samráðs um að sniðganga tiltekin fyrirtæki eða neytendur og einnig til ólögsmæts samráðs með það að markmiði að hindra fyrirtæki í að hefja samkeppni í tiltekinni atvinnustarfsemi.

Auk heimildar til að sekta eða dæma til fangelsisvistar er heimild í 5. mgr. 41. gr. a. skl. til að svipta mann réttindum skv. 68. gr. hgl.¹⁷⁰ ef brotið gefur ástæðu til að ætla að veruleg hættu sé á að sakborningur muni fremja brot í stöðu sinni eða starfsemi. Heimild til upptöku eigna skv. 69. gr. hgl. er að finna í sömu gr.

Í lögnum er einnig gert refsivert að eyðileggja, falsa, koma undan eða gera ónothæf gögn sem hafa þýðingu fyrir rannsókn Samkeppniseftirlitsins og er refsingin við slíku broti sektir eða fangelsi allt að þremur árum skv. 41. gr. b. skl. Að veita rangar, villandi eða ófullnægjandi er refsivert að viðlögðum refsingum eða fangelsi allt að tveimur árum.

¹⁶⁸ Forsætisráðuneytið. (2007, janúar). *Skýrsla nefndar um viðurlög við afbrotum*. Sótt 1. mars 2011 af : <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2475>

¹⁶⁹ 10. og 12. gr. skl. kveða á um bann við samkeppnishömlum fyrirtækja og samtaka fyrirtækja um td. verðsamráð, skiptingu markaða, afslætti og viðskiptakjör ofl.

¹⁷⁰ Er hér átt við réttindi s.s. til að stunda starfsemi, sem opinbert leyfi, löggildingu, skipun eða próf þarf til að gegna. Ef brot er stórfellt er heimilt að svipta mann þessum réttindum ef hann telst ekki framar verður til að rækja starfann eða njóta réttindanna.



Stjórnarmaður gæti komist hjá kærui ef hann hefur frumkvæði að því að láta Samkeppniseftirlitinu í té upplýsingar eða gögn vegna brota gegn 10. eða 12. gr. skl. sem geta leitt til rannsóknar eða til þess að brot sannast skv. 2. mgr. 42. gr. skl.

6.8 Ákvæði í almennum hegningarlögum nr. 19/1940

Brot stjórnarmanna gegn ákvæðum hlutafélagalaga getur samtímis verið brot á öðrum lögum eins og áður hefur verið rakið og má sjá að þegar tilvísun er að finna til almennra hegningarlaga þá er það oftast í ákvæðum þar sem fjallað er um meiriháttar brot s.s. 1. og 2. mgr. 109. gr. tsl., 1. og 6. mgr. 40. gr. vskl. og 122. og 123. gr. árl. eins og fjallað hefur verið um hér að framan. Oftast er vísað til 262. gr. hgl. en saknæmisskilyrði vegna brota sem falla undir greinina eru ásetningur eða stórfellt gáleysi.

Í 1. og 2. mgr. 262. gr. segir að hver sem gerist sekur um meiriháttar brot gegn eftirfarandi ákvæðum skuli sæta fangelsi allt að 6 árum til viðbótar við þær fésektir sem ákvæðin tilgreina:

- 1., 2. eða 5. mgr. 109. gr. laga nr. 90/2003 um tekjuskatt
- 1., 2., 3. eða 7. mgr. 30. gr. laga nr. 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda (sbr. og 11. gr. laga um tryggingargjald nr. 113/1990)
- 1., 2. eða 6. mgr. 40. gr. laga nr. 50/1988 um virðisaukaskatt
- 37. og 38. gr. laga um bókhald (sbr. 36. gr. sömu laga)

Einnig er tilvísun til 83.-85. gr. laga um ársreikninga (sbr. 82. gr. árl.) í 2. mgr. 262. gr. en þessi tilvísun er vísun í gömlu árl. 144/1994. Þetta á að vísa til 121-123. gr. sbr. 120. gr. árl. það eru sambærileg ákvæði við ákvæðin í brottföllnu lögnum en virðist vera misbrestur á að breytingin hafi skilað sér í hgl.

Skilgreining á því hvað teljist vera meiriháttar brot skv. 1. og 2. mgr. 262. gr. er að finna í 3. mgr. Verknaður telst meiriháttar brot ef um verulegar fjárhæðir er að ræða, ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða ef aðstæður eru þess konar að það auki við saknæmi brotsins. Ef maður hefur áður verið dæmdur fyrir samskonar brot og eru tilgreind í ákvæðinu þá telst brotið meiriháttar.

Eins og kom fram í umfjöllun hér framar um efnahagsbrot þá eru nán tengsl milli þeirra og annarra auðgunarbrot og hagnaðarbrot og því oft sem brot stjórnarmanna geta fallið undir ákvæði hegningarlaga s.s. um fjárdrátt, fjársvik, skilasvik og umboðssvik. En efnahagsbrotin eru þó einkum gegn ýmsum sérrefsilögum s.s. eins og bókhaldsbrot, brot gegn samkeppnislögum, skattalögum og hlutafélagalögum sem fjallað hefur verið um hér



að framan.¹⁷¹ Umfjöllun hér varðandi hegningarlagabrot er takmörkuð við ákvæði sérlaga sem sérstaklega varða hlutafélög og því ekki farið í að skoða önnur ákvæði hegningarlaga sem ekki hafa sérstök tengsl við þau lög.

¹⁷¹ Jónatan Þórmundsson. (1999). Bls. 63.



7. Niðurstöður

Meginmarkmið ritgerðarinnar fólst í að gera ítarlegt yfirlit yfir skyldur stjórnarmanna samkvæmt hlutafélagalögum nr. 2/1995 og að skoða dómaframkvæmd í samhengi til að varpa skýrara ljósi á þá ábyrgð sem felst í því að taka að sér stjórnarsetu. Af þeim dómum sem teknir voru til umfjöllunar voru fjölmargir dómar þar sem stjórnarmenn sem ákærðir voru báru við vankunnáttu á skyldum sínum. Ritgerðin getur vonandi verið hjálpartæki fyrir núverandi og verðandi stjórnarmenn til að ráða bót á þeirri vankunnáttu. Auk hlutafélagalaga eru einnig fjölmörg önnur lög í íslenskri löggjöf sem stjórnarmenn þurfa að þekkja. Þau lög sem tekin voru fyrir í umfjöllun um refsíákvæði eru hluti þeirra laga en misjafnt getur verið eftir eðli félagsins hver önnur lög stjórnarmaður þurfi að kynna sér.

Lagabreytingar sem gerðar hafa verið síðustu misseri á ýmsum lögum sem stjórnarmenn þurfa að fylgja hafa einkennst af því að stuðla að heilbrigðari viðskiptaháttum og gera ríkari kröfur til stjórnarmanna. Má þar t.a.m. nefna breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki sem skyldar fjármálafyrirtæki til að fylgja leiðbeiningum um stjórnarhætti fyrirtækja sbr. 12. gr. laga nr. 75/2010. Með 1. gr. sömu laga kom einnig inn túlkunarregla inn í lögum um fjármálafyrirtæki þannig að aðrar greinar í lögnum skuli vera túlkaðar út frá markmiði laganna um að lögum eigi að tryggja að fjármálafyrirtæki séu rekin á heilbrigðan og eðlilegan hátt með hagsmuni viðskiptavina, hluthafa, stofnfjáreigenda og alls þjóðarbúsins að leiðarljósi. Hæfniskilyrði stjórnarmanna í fjármálafyrirtækjum voru hert og stjórnarmönnum gert skylt að hafa háskólamenntun og fjárhagslegt sjálfstæði auk þess sem skorður voru settar við stjórnarsetu í öðrum fjármálafyrirtækjum samhliða. Þann 1. júlí 2011 tekur í gildi það viðmið að stjórnarmaður má ekki hafa hlotið dóm í tengslum við atvinnurekstur síðustu 10 ár fyrir stjórnarsetu. Þar að auki þurfa allir stjórnarmenn fjármálafyrirtækja að gangast undir hæfismat hjá FME og þurfa að standast það til að geta haldið stjórnarsetu áfram nú þegar hefur einn stjórnarmaður hætt störfum eftir að hafa fallið tvisvar á hæfismatinu.

Breyting var gerð á hlutafélagalögum með 1. gr. a. laga nr. 13/2010 sem leggur þá skyldu á stjórn að halda hlutaskrá sem innihaldi ávallt réttar upplýsingar. Með 4. gr. laga nr. 13/2010 var bætt nýjum málslíð við 70. gr. hfl. sem bannar stjórnarformanni að sinna öðrum störfum fyrir félagið samhliða stjórnarformennsku. Var breytingin gerð til að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra auk þess sem slíkt samræmist ekki eftirlitshlutverki stjórnar ef stjórnarformaður á að hafa eftirlit með sjálfum sér og sínum störfum innan félagsins. Með



7. gr. sömu laga var lögð skylda á stjórn til að gera samantekt um samstæðutengsl og hlutafjäreign og atkvæðisrétt einstakra hluthafa en markmiðið var að auka gagnsæi á eignarhaldi og atkvæðisrétti hluthafa í íslenskum hlutafélögum. Einnig var sett inn nýtt ákvæði með 7. gr. laga nr. 68/2010 um skyldu stærri hlutafélaga til að setja starfskjarastefnu en breytingin var gerð til að tryggja að langtímahagsmunir félagsins væru í fyrirrúmi þegar starfskjör stjórnarmanna, forstjóra og æðstu stjórnenda eru ákveðin og lagt bann við því að greiddar séu starfslokagreiðslur í kjölfar slakrar afkomu og til að takmarka þann hluta starfskjara þessara aðila sem eru breytilegir. Þar er m.a. lagt bann við því að stjórnarmenn fái hlutabréf, kaup- eða sölurétt, forkaupsrétt eða annars konar greiðslur tengdar hlutabréfum í félaginu og eða greiðslur tengdar þróun á verði hlutabréfa.

Nýtt ákvæði sem skerpir á ábyrgð stjórnenda lögaðila var sett inn í gjaldþrotalög með 16. gr. laga nr. 95/2010 sem skyldar þá til að gefa bú til gjaldþrotaskipta að viðlagðri skaðabótaábyrgð ella. Var breytingin gerð til að taka af öll tvímæli um bótaábyrgð stjórnenda.

Þegar litið er yfir þessar lagabreytingar þá er auðvelt að sjá hver hvatinn að baki þeim er. Það má segja að íslenskt viðskiptalíf hafi vaknað upp við vandan draum þegar efnahagshrunið skall á á haustmánuðum 2008. Þegar farið var að skoða málin kom í ljós að brotalamir voru margar bæði hvað varðar lagaumhverfi og ekki síður í viðskiptasiðferði íslenskra athafnamanna. Áðurnefndar lagabreytingar eru liður í því að bæta lagaumhverfið. Komið hafa fram hugmyndir hjá ríkisskattstjóra að eigendur og stjórnarmenn félaga sem vanrækja að standa skil á ársreikningum verði látnir bera fulla og ótakmarkaða ábyrgð á félögunum með persónulegum eigum sínum, að félögin yrðu tekin af skrá og takmarkaða ábyrgðin felld niður. Slíkt væri mikill hvati fyrir stjórnir félaga að sjá til þess að ársreikningalögum væri fylgt en ársreikningar eru mikilvægir þar sem þeir veita áreiðanlegar upplýsingar um efnahag félaga sem viðskiptamenn félaga þurfa á að halda.

Að vera í forsvari fyrir félag sem stjórnarmaður hefur oft á tíðum þótt vera eftirsóknarvert og virðulegt ekki síst ef um stærri og þekktari félög er að ræða. Minna hefur verið gert úr þeirri miklu ábyrgð sem í því felst. Af dómum má ráða að oft á tíðum geri einstaklingar sér ekki grein fyrir því að það ekki er einungis um formsatriði að ræða að hlutafélög þurfi stjórnarmenn og framkvæmdastjóra, sbr. **Hrd. í máli nr. 206/1999** þar sem börn framkvæmdastjórans voru skráð stjórnarmenn en höfðu ekkert með félagið að gera að öðru leyti sbr. einnig **Hrd. í máli nr. 345/1991** og **Hrd. í máli nr. 43/1946** sem reifaðir hafa verið í ritgerðinni. Í einhverjum tilfellum standa einstaklingar fyrir



félagarekstri sem virðast ekki hafa þekkingu eða kunnáttu til þess og vanrækja í sumum tilfellum að halda tilskilið bókhald, sbr. **Hrd. í máli nr. 242/1999**.

Stjórnarmenn hafa raunverulega mikilvægu hlutverki að gegna í rekstri félagsins og þurfa að sinna því hlutverki. Hlutafélagalögin setja reglurnar um hvernig stjórnskipan í hlutafélögum eigi að vera. Ástæða þess er m.a. sú að tryggja þarf hag bæði hluthafa og lánadrottna félagsins eins og kemur fram í lögskýringargögnum með hlutafélagalögum. Eftirlitshlutverk stjórnar er eitt af mikilvægustu hlutverkum hennar, að fylgjast með því að málefni félagsins séu í réttu horfi, að farið sé vel með fjármuni félagsins og að lögum sem um starfsemina gilda sé fylgt. Margir stjórnarmenn hafa verið dæmdir refsíabyrgir vegna brota sem þeir hefðu átt að geta komið í veg fyrir hefðu þeir sinnt eftirlitsskyldu sinni sbr. **Hrd. í máli nr. 242/1999** þar sem barþjónn var látinn bera refsíabyrgð vegna brota félagsins sem hann til málamynda var skráður stjórnarmaður í. Þá má einnig benda á **Hrd. í máli nr. 419/2006**, **Hrd. í máli nr. 136/1997**, **Hrd. í máli nr. 345/1991** og **Hrd. í máli nr. 43/1946** sem allir hafa verið reifaðir í ritgerðinni.

Stjórnkerfið í lögum á að tryggja að engir aðrir hagsmunir en hagsmunir félagsins í heild séu í fyrirrúmi þegar ákvarðanir eru teknar um málefni félagsins. Eftirlitshlutverk stjórnarinnar hefur einnig þýðingu við að koma í veg fyrir að daglegir stjórnendur geti skaðað fyrirtækið með athöfnum sínum s.s. ef um fjárdrátt starfsmanns er að ræða. Brot í starfsemi hlutafélaga geta því verið brot gegn félaginu sjálfu eða brot sem framin eru í þágu félagsins, s.s. til að spara félaginu skattgreiðslur sbr. **Hrd. í máli nr. 31/1987**.

Stjórn hefur mikið að segja um það hvaða fyrirtækjamenning fær að þrífast innan félagsins. Ef stjórn sendir skýr skilaboð til daglegra stjórnenda um að lögum skuli fylgt út í æsar, að leiðir að markmiðum félagsins skuli einkennast af heiðarleika og löghlýðni þá ætti það stuðla að heilbrigðum rekstri. Ef hinsvegar stjórn sendir þau skilaboð að hámarka skuli hagnað með öllum tiltækum leiðum, ef í fyrirtækjamenningunni eru þættir sem stuðla að því að daglegir stjórnendur gætu sýnt af sér háttsemi sem er andstæð lögum þá er stjórnin og félagið á villigötum og háttsemin getur leitt til refsíabyrgðar stjórnarmanna. Eins og sjá má af umfjöllun um samkeppnisbrot þá kom í ljós að þeir millistjórnendur sem tóku þátt í verðsamráði Bandarísku raftækjaframleiðandanna töldu það vera hluta af starfinu að stunda þá ólögmetu viðskiptahætti sem þar tíðkuðust, þar var samráð hluti af fyrirtækjamenningunni.

Ástæða þess að reglur um hlutafélagarekstur eru margar og ítarlegar er ekki síst sú að um er að ræða félög með takmarkaðri ábyrgð. Það má alveg líta svo á að það séu ákveðin



forréttindi fólgin í því að geta stofnað félag án þess að bera persónulega ábyrgð á rekstrinum og án þess að allar eignir eigandans séu undir. Af þeim sökum eru til staðar reglur sem eiga að tryggja að hagsmunir hluthafa og lánardrottna séu ekki fyrir borð bornir í starfsemi félagsins.

Í þeim hremmingum sem íslenskt viðskiptalíf hefur gengið í gegnum frá haustinu 2008 þá hafa fjölmörg félög staðið frammi fyrir miklum vanda s.s. vegna stökkbreytinga á erlendum lánum og getur það, og hefur það, valdið gjaldþrotum fjölda félaga. Það er ekki síst þegar hart er í ári og rekstur er erfiður sem mikilvægt er fyrir stjórnarmenn að átta sig á skyldum sínum og ábyrgð. Í mörgum þeirra mála sem farið hafa fyrir dóm má lesa út úr málavöxtum að stjórnarmenn og framkvæmdastjórar hafi gripið til ólöglegra ráða til „að bjarga“ félaginu frá því að fara í þrot þegar það lendir í fjárhagsvandræðum sbr. **Hrd. 136/1997** þar sem vanskil á virðisaukaskatti stöfuðu af fjárhagsvandræðum félagsins sbr. einnig Hrd. **419/2006** þar sem stjórnarmenn voru sakfelldir fyrir brot á vskl. vegna vanskila sem þeir þó vissu ekki um þar sem þeir fylgdust ekki með daglegum rekstri. Af þeim dómum sem skoðaðir eru í ritgerðinni má draga þann lærdóm að stjórnarmaður þarf að hafa eftirlit með rekstrinum með sérstakri áherslu á fjárreiður og skil á opinberum gjöldum og vörslufé eins og framangreindir dómar vitna um. Afleiðingarnar af því að vanrækja þær skyldur eru oft á tíðum gríðarlega háar sektir og/eða fangelsi sbr. ákvæði vskl. og tsl. Auk þess sem dómur kemur í veg fyrir að viðkomandi stjórnarmaður geti tekið sæti í stjórn næstu þrjú árin eða næstu tíu árin ef um stjórnarmann í fjármálafyrirtæki er að ræða.

Þegar staða félags er þannig að það er ekki nægt fjármagn til að greiða skuldbindingar félagsins til lánardrottna eða t.d. laun og launatengd gjöld þá er lausnin ekki sú að vanrækja að greiða vörsluskatta til ríkisins. Stjórnarmenn þurfa þess í stað að leita löglegra leiða til að leysa fjárhagsvanda félagsins. Ef fjárhagsvandi verður ekki leystur þá ber stjórn skylda til að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta. Það geta verið margar ástæður fyrir því að félög lendi í vanda en mestu máli skiptir að stjórnarmenn taki á vandanum með lögmætum hætti í stað þess að grípa til vafasamra úrræða sem dómar sýna að geti leitt til að stjórnarmenn þurfi að bera persónulega refsíábyrgð sem reynst getur þeim þungbær. Það má því segja að það sé nauðsynlegt að átta sig á því hvenær grundvöllur er ekki lengur til staðar fyrir áframhaldandi rekstri í stað þess að lenda í vanskilum við ríkissjóð með tilheyrandi refsíábyrgð og fésektum.



Af því sem hefur verið rakið hér að framan er ljóst að stjórnarmaður þarf því að leggja sig fram um að þekkja skyldur sínar samkvæmt lögum og þekkja afleiðingar þess að vanrækja þær. Hann þarf að hafa reglubundið, skipulagt eftirlit með rekstrinum, hann þarf að þekkja félagið vel og starfsemi þess og hafa þekkingu á öllum meginatriðum rekstrarins. Hann þarf að ganga úr skugga um að fjárreiður félagsins séu í góðu horfi og fylgjast með skilum á opinberum gjöldum. Hann þarf að mæta á stjórnarfundum, taka þar þátt í meðferð mála og umræðum. Séu stjórnarfundir ekki haldnir þarf hann að krefjast þess að það sé gert. Stjórnarmaður þarf að þekkja ábyrgð sína vegna skuldbindinga ógjaldfærs félags og vera sérstaklega á varðbergi ef félagið er í fjárhagsvandræðum með það í huga hvort skylt sé að gefa það upp til gjaldþrotaskipta. Stjórnarmaður í litlu félagi eða fjölskyldufélagi ber ekki minni ábyrgð en stjórnarmaður stærri hlutafélaga. Það stoðar lítt fyrir dómstólum að ætla að reyna að firra sig ábyrgð með því að bera fyrir sig að hafa tekið lítinn þátt í störfum félagsins því honum ber að taka þátt. Það er ekki hægt að bera fyrir sig vanþekkingu á rekstrinum eða félaginu því lögin leggja þá skyldu á stjórnarmann að hafa þessa þekkingu. Það er ekki hægt að bera fyrir sig aðgerðarleysi því lögin krefjast þess að stjórnarmaður grípi til aðgerða og sé virkur í sínu starfi. Þannig er ekki hægt að bera því fyrir sig að stjórnarfundir hafi ekki verið haldnir því stjórnarmönnum ber þá að krefjast funda. Skyldur stjórnarmanna hafa einnig verið túlkaðar mjög strangt þar sem sérstakar aðstæður á borð við veikindi geta ekki leyst stjórnarmann undan ábyrgð. Það felst alltaf jafnmikil ábyrgð í því að vera stjórnarmaður hvernig svo sem stjórnarsetan er tilkomin, til málamynda, sem leppur eða sem formsatriði. Það er ekki hægt að bera fyrir sig að hafa ekki vitað um brot þegar eftirlitsskyldan, hefði hún verið uppfyllt, hefði veitt vitneskju um brot. Það má draga þá ályktun að skyldur stjórnarmanna samkvæmt hlutafélagalöggjöfinni séu ófrávíkjanlegar. Stjórnarseta í hlutafélagi er ábyrgðarstarf sem einstaklingur ætti ekki að taka að sér nema þekkja til hlítar hvað í því felst og vera reiðubúinn til að axla þá ábyrgð sem af stjórnarsetunni leiðir.



8. Lokaorð

Líkt og kemur fram í niðurstöðum þá hafa stjórnarmenn ríkar lagaskyldur sem þeir þurfa að sinna af heiðarleika og trúmennsku með vegferð félagsins að leiðarljósi. Allir sem taka að sér stjórnarsetu ættu að kynna sér vel hvað raunverulega í því felst. Eftir því sem félag er stærra og umsvifameira þeim mun meiri tíma þarf stjórnarmaður að gefa sér til að sinna stjórnarstörfum. Í minni félögum og einkahlutafélögum þar sem eru fáir hluthafar eru umsvifin minni en þó engu síður mikilvægt að fylgjast vel með rekstrinum og að bókhald og fjármál séu haldin á tilhlýðilegan hátt. Þess vegna er það ekki síður mikilvægt fyrir stjórnir lítilla fyrirtækja að fylgja þeim reglum sem koma fram í hlutafélagalögum og setja sér starfsreglur, halda fundi reglulega, skrá ákvarðanir í gerðabók og koma upp skipulegu eftirliti til að geta gripið til aðgerða ef aðgerða er þörf. Dómaframkvæmd sýnir að það getur verið afdrifaríkt að sofna á verðinum. Í flestum sakamálum tengdum hlutafélögum þar sem dæmt er til fangelsisrefsingar þá er hún skilorðsbundin. Fésektir eru þó oft gríðarlega háar, sérstaklega í málum er varða undanskot á virðisaukaskatti eða opinberum gjöldum, í einum dómi sem fjallað var um þurftu tveir stjórnarmenn hvor um sig að greiða 104 milljónir króna í sekt. Séu fésektir ekki greiddar innan tilskilins tíma er gripið til vararefsingar sem er fangelsisvist sem var allt að 12 mánuðum í þeim dómum sem skoðaðir voru í ritgerðinni. Stjórnarmenn ættu því ávallt að leggja sig fram um að rækja skyldur sínar gagnvart félaginu sem lög kveða á um. Slíkt væri í ekki einungis hagsmunir félagsins heldur einnig í þágu hagsmuna hluthafa, lánardrottna, stjórnarmanna sjálfra og þjóðfélagsins í heild.



9. Heimildaskrá:

Alþingistíðindi.

Hæstaréttardómar 1920-.

Áslaug Björgvinsdóttir. (2004). Stjórnhættir fyrirtækja og fyrstu viðmiðin á Íslandi. *Tímarit Lögréttu 2004; 1(1)*: s. 87-96.

Bettinelli, C og Chugh, L. (2009). Board Of Directors In Europe: A Comparative Law Analysis. *International Review of Business Research Papers*, 2009; 5 (2). s. 62-75. Sótt 1. apríl 2011 af: http://www.bechbruun.com/NR/rdonlyres/7AAF29DF-7092-4593-910C-D4FE63A10A2F/115942/Newcompaniesact_februar20092.pdf

Council of Europe. (1981). *Committee of Ministers on Economic Crime*, Recommendation No. R (81) 12. Sótt 7. mars 2011 af: <https://wcd.coe.int/wcd/ViewDoc.jsp?id=682869>

Efnahags- og viðskiptaráðuneyti. (2010, mars). *Stofnun félaga*. Sótt 15. janúar 2011 af: <http://www.efnahagsraduneyti.is/malaflokkar/felagarettur/uppl/nr/3113>

Fjármálaeftirlitið. (2011, mars). *47 stjórnarmenn hafa farið í hæfismat*. Sótt 26. mars 2011 af: <http://fme.is/?PageID=14&NewsID=616>

Forsætisráðuneytið. (2007, janúar). *Skýrsla nefndar um viðurlög við afbrotum*. Sótt 1. mars 2011 af: <http://www.forsaetisraduneyti.is/frettir/nr/2475>

Gobert, J. (2008). The Evolving Legal Test of Corporate Criminal Liability. Í Minks, J. og Minkes, L. (ritstjórar), *Corporate and White-collar Crime* (bls. 61-80). Los Angeles; London: Sage Publications Ltd.

Gomard, B. (1999). *Selskabsretten*. Kaupmannahöfn: Jurist- og Økonomforbundets Forlag.

Handbók stjórnarmanna. (2010). (Ritstj. Berglind Ósk Guðmundsdóttir). Reykjavík: KPMG hf.

Hansen, S.F. og Krenchel, J.V. (2006). *Introduktion til dansk selskabsret 1 (2. útg.)*. Kaupmannahöfn: Forlaget Thomson A/S.

Helgi Gunnlaugsson. (2000). *Afbrot og Íslendingar. Greinasafn í afbrotafræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Helgi Gunnlaugsson. (2008). *Afbrot á Íslandi. Greinasafn í afbrotafræði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jónatan Þórmundsson. (1992). *Viðurlög við afbrotum*. Reykjavík: Bókaútgáfa Orators.

Jónatan Þórmundsson. (1986). Okur og misneyting. *Úlfljótur, 1986; 39 (2)*: s. 101-108.

Jónatan Þórmundsson. (1988). Refsiábyrgð á efnahagsbrotum í atvinnustarfsemi lögaðila. *Tímarit lögfræðinga 1988: 38 (4)*: s. 207-233.



Jónatan Þórmundsson. (1999). *Afbrot og refsíabyrgð I*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jónatan Þórmundsson. (2008). Einkenni auðgunarbrot: tengsl þeirra innbyrðis og við önnur brot. *Tímarit Lögfræðinga, 2008; 58 (4)*: s. 403-463.

Lögregluvefurinn.(e.d.). Efnahagsbrotadeild. Sótt 15. mars 2011 af:
http://www.logreglan.is/default.asp?cat_id=654

Margrét Sæmundsdóttir. (2009). Konur og stjórnarhættir fyrirtækja á Íslandi. *Bifröst Journal of Social Science, 2009; Vol 3*: s. 5-26. Sótt 18. mars 2011 af:
<http://bjss.bifrost.is/index.php/bjss/article/view/30/54>

Morgunblaðið. (2008, nóvember). *Byrjað að móta reglur*. Sótt 28. janúar 2011 af:
http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=1255687&searchid=0519f-087e-d31b8

Punch, M. (2008). The Organization did It. Í Minks, J. og Minkes, L. (ritstjórar), *Corporate and White-collar Crime* (bls. 102-121). Los Angeles; London: Sage Publications Ltd.

Reib, M. og Bramm, M. (2010). New Danish Company Act. [rafræn útgáfa]. Sótt 3. apríl 2011 af:
<http://www.bechbruun.com/en/Publications/Articles/MA+Corporate/New+Danish+Companies+Act.htm>

Ríkisendurskoðun. (1999, október). *Innri endurskoðun*. Sótt 16. mars 2011 af:
<http://www.ríkisendurskodun.is/utgefing/efni/leidbeiningarrit/>

Ríkissaksóknari. (e.d.). *Fyrirmæli RS-5-2009*. Sótt 1. mars 2011 af:
<http://www.ríkissaksoknari.is/fyrirmaeli/>

Ríkisskattstjóri. (2010, desember). *Tíund, Möskvar gærdagsins*. Sótt 10. mars 2011 af:
http://rsk.is/rsk/tiund/t%C3%ADundlei%C3%B0ari_2010_12.is.html

Róbert R. Spanó. (2006). *Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði*. Reykjavík: Bókaútgáfan Codex.

Rúv. (2009, september) Innlendar fréttir, viðskipti. *Sektir vegna vanskila ársreikninga*. Sótt 14. mars 2011 af: <http://www.ruv.is/frett/sectir-vegna-vanskila-arsreikninga>

Sigurður Líndal. (2003). *Um lög og lögfræði*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Stefán Már Stefánsson. (2003). *Hlutafélög, einkahlutafélög og fjármálamarkaðir*. (2. útg.). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

Stjórnarhættir fyrirtækja. (2009). (Verkefnisstjóri Haraldur I. Birgisson). Reykjavík: Viðskiptaráð Íslands, Nasdaq OMX Iceland hf. og Samtök atvinnulífsins. Sótt 4. janúar 2011 af: <http://www.vi.is/utgafa-vi/stjornarhaettir/>

Sutherland, E. H. (1949). *White Collar Crime*. United States of Amerika: Holt, Rinehart and Winston, Inc.



Viðar Már Matthíasson. (2000). *Endurheimt verðmæta við gjaldþrot*. Reykjavík: Orator.

Werlauff, E. (2006). *Selskabsret (6. útg.)*. Kaupmannahöfn: Forlaget Thomson A/S.

Lagafrumvörp, breytingartillögur og nefndarálit.

Frumvarp til laga um hlutafélög nr. 32/1978. 99. löggjafarþing 1977-1978. Þskj. 51– 49. mál.

<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=99&mnr=49>

Frumvarp til laga um hlutafélög nr. 32/1978. 99. löggjafarþing 1977-1978. Þskj. 526 – 49. mál.

<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=99&mnr=49>

Frumvarp til laga um um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum. 118. löggjafarþing 1994. Þskj. 99 – 96. mál.

<http://www.althingi.is/altext/118/s/0099.html>

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum. 131. löggjafarþing 2004-2005. Þskj. 734– 480. mál.

<http://www.althingi.is/altext/131/s/0734.html>

Frumvarp til laga um breyting á almennum hegningarlögum, lögum um meðferð opinberra mála og lögum um fjarskipti (samningur Evrópuráðsins um tölvubrot). 132. löggjafarþing 2005-2006. Þskj. 905-619. mál.

<http://www.althingi.is/altext/132/s/0905.html>

Frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga. 133. löggjafarþing 2006-2007. Þskj. 317– 302. mál.

<http://www.althingi.is/altext/133/s/0317.html>

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutföll og starfandi stjórnarformenn). 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 71– 71. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0071.html>

Frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 614– 343. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0614.html>

Frumvarp til laga um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., nr. 21/1991, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 768– 447. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0768.html>

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.). 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 960 – 569. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/0960.html>



Nefndarálit um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. Frá meiri hluta viðskiptanefndar. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1095– 343. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/1095.html>

Breytingartillaga við frv. til l. um breyt. á l. um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1096 – 343. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/1096.html>

Nefndarálit og breytingartillaga um frumvarp til laga um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum. 138. löggjafarþing 2009-2010. Þskj. 1114 – 343. mál.

<http://www.althingi.is/altext/138/s/1114.html>

Frumvarp til laga um breyting á lögum um embætti sérstaks saksóknara, nr. 135/2008, með síðari breytingum. 139. löggjafarþing 2010-2011. Þskj. 1306 – 754. mál.

<http://www.althingi.is/altext/139/s/1306.html>

9.1 Lagaskrá

Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903

Víxillög nr. 93/1933

Lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938

Almenn hegningarlög nr. 19/1940

Stjórnarskrá lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987

Lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988

Lög um tryggingagjald nr. 113/1990

Lög um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991

Lög um nauðungarsölu nr. 90/1991

Stjórnsýslulög nr. 37/1993

Lög um mannréttindasáttmála Evrópu nr. 62/1994

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994

Lög um bókhald nr. 145/1994

Lög um hlutafélög nr. 2/1995

Lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa nr. 131/1997

Lög um refsíabyrgð lögaðila vegna mútugreiðslna og hryðjuverka nr. 144/1998

Lög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002

Lög um tekjuskatt nr. 90/2003

Lög um varnir gegn mengun hafs og stranda nr. 33/2004

Samkeppnislög nr. 44/2005

Lög um ársreikninga nr. 3/2006

Lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka nr. 64/2006

Lög um breyting á lögum nr. 3/2006, um ársreikninga nr. 160/2006

Lög um meðferð sakamála nr. 88/2008

Lög um embætti sérstaks saksóknara nr. 135/2008

Lög um breytingu á lögum um hlutafélög og lögum um einkahlutafélög (eignarhald, kynjahlutaföll og starfandi stjórnarformenn) nr. 13/2010



Lög um breyting á lögum um fjármálafyrirtæki, með síðari breytingum nr. 75/2010
Lög um breytingu á lögum um hlutafélög, lögum um einkahlutafélög og lögum um
ársreikninga (minnihlutavernd o.fl.) nr. 68/2010
Lög um breyting á lögum um aðför, nr. 90/1989, og lögum um gjaldþrotaskipti o.fl., með
síðari breytingum nr. 95/2010

Dönsk lög

Lov om aktie-og anpartsselskaber (selskabsloven) nr. 470/2009
Lov om aktieselskaber (selskabsloven) nr. 370/1973

Brottfallin lög

Lög um gjaldeyrisviðskipti nr. 1/1943
Verðlagslög 3/1943
Lög um söluskatt nr. 10/1960
Lög um hlutafélög nr. 32/1978
Lög um meðferð opinberra mála nr. 19/1991
Lög um breytingu á lögum nr. 32 12. maí 1978, um hlutafélög, með síðari breytingum nr.
137/1994
Lög um ársreikninga nr. 144/1994
Lög um breyting á lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, með síðari breytingum.
(endurútgefin sem lög nr. 3/2006 um ársreikninga.) nr. 45/2005

9.2 Reglugerðir

Reglugerð um rannsókn og saksókn efnahagsbrota nr. 804/2007
Reglugerð um ársreikningaskrá, skil og birtingu ársreikninga nr. 644/2008
Reglugerð um sakaskrá ríkisins nr. 680/2009

Leiðbeinandi tilmæli FME

Leiðbeinandi tilmæli um hæfi lykilstarfmannanna nr. 3/2010

9.3 Dómaskrá

Hæstaréttardómar

H 1947:81, mál nr. 43/1946
H 1948:106, mál nr. 94/1947
H 1981:665, mál nr. 107/1981
H 1983:549, mál nr. 5/1981
H 1988:126, mál nr. 31/1987
H 1989:776, mál nr. 100/1988
H 1992:560, mál nr. 345/1991
H 1994:1642, mál nr. 315/1994
H 1995:1777, mál nr. 384/1993
H 1997:2012, mál nr. 372/1996
H 1997:2446, mál nr. 136/1997
H 1998:1795, mál nr.165/1998
H 1998:4457, mál nr. 464/1998
H. 1999:1592, mál nr. 405/1998
H 1999:3633, mál nr. 242/1999



H 1999:4453, mál nr. 206/1999
H 1999:5021, mál nr. 334/1999
H 2000:1927, mál nr. 86/2000
H 2000:2008, mál nr. 501/1999
H 2000:4306, mál nr. 285/2000
H 2001:2666, mál nr. 256/2001
H 2003:1758, mál nr. 550/2002
H 2003:2548, mál nr. 178/2003
H 2004:1060, mál nr. 292/2003
H 2004:2660, mál nr. 60/2004
H 2004:2888, mál nr. 7/2004
Hrd. mál nr. 419/2006
Hrd. mál nr. 545/2006
Hrd. mál nr. 385/2007
Hrd. mál nr. 202/2008
Hrd. mál nr. 393/2008
Hrd. mál nr. 678/2008
Hrd. mál nr. 228/2009
Hrd. mál nr. 78/2010
Hrd. mál nr. 226/2010
Hrd. mál nr. 325/2010
Hrd. mál nr. 494/2010

Héraðsdómar

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-7312/2004
Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. S-953/2008

Álit umboðsmanns Alþingis

Álit frá 23. júní 2010 nr. 5815/2009

Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum

Úrskurður frá 12. apríl 2010 nr. 38/2010

Hæstiréttur Danmerkur

Dómur Hæstaréttar Danmerkur í máli nr. U.1997.283.H
Dómur Hæstaréttar Danmerkur í máli nr. U.1962.452.H



Viðaukar



Viðauki I

Hér er að finna yfirlit yfir þá dóma sem teknir voru til skoðunar í ritgerðinni. Dómunum er skipt upp í sakamál, einkamál og kærumál.

Sakamálin eru skoðuð út frá því hverjir voru ákærðir og hverjir sakfelldir. Auk þess er tiltekið um hvers konar brot var að ræða, hvort dæmt hafi verið til fangelsisrefsingar eða ekki og hvort og þá hversu há fésekt var dæmd og hvaða vararefsing var ákveðin væru sektir ekki greiddar innan tilskilins tíma.

Umfjöllun um einkamálin og kærumálin miðar að því að lýsa örstutt út á hvað málið gekk og hver niðurstaðan varð.

Markmiðið með þessari framsetningu er að gera lesendum kleift að sjá á aðgengilegan hátt hvers eðlis málin hafa verið og ekki síst í sakamálunum að sjá hvers konar brot eru algengust og hverjar refsingarnar hafa verið. Þó verður að athuga það að fjárhæðir eldri dóma eru ekki framreiknaðar og því ekki hægt að skoða þær án þess að hafa það í huga. Varðandi sektarfjárhæðirnar þá verður ekki annað séð en að dómarnir almennt miða við að sektir vegna brota séu tvöföld sú fjárhæð sem málin varða eða lágmarkssektarfjárhæð skv. þeim lagaákvæðum sem um ræðir.



Sakamál	Hverjir ákærðir	Sakfelldir	Brot varðar:	Fangelsi	Sekt	Vararefsing
Mál nr. 43/1946 (G.Helgason & Melsted hf.)	Stjórnarformaður Tveir stjórnarmenn	1)Stjórnarformaður 2)Stjórnarmaður 3)Stjórnarmaður	Verðlags, gjaldeyrislöggjöf	Nei	1) 45.000.- 2) 15.000.- 3) 5.000.-	1) 5 mán. varðhald 2) 75 daga varðhald 3) 30 daga varðhald
Mál nr. 94/1947 (Columbus hf.)	Framkvæmdastjóri/ stjórnarformaður Tveir stjórnarmenn	Framkvæmdastjóri/ stjórnarformaður	Innflutn.-og gjaldeyrislöggjöf	Nei	20.000.-	3 mán. varðhald
Mál nr. 31/1987 (Landvélar hf.)	Framkvæmdastjóri/ stjórnarformaður, Gjaldkeri Forstöðumaður Skrifstofumaður Skrifstofustjóri	1)Framkvæmdastjóri/ stjórnarformaður 2)Gjaldkeri 3)Skrifstofumaður 4)Skrifstofustjóri	Skattsvik - söluskattur, almenn hegningarlög	1) 7 mán. óskilorðsb. 2) 4 mán. skilorðsb. 3) 2 mán. skilorðsb. 4) 2 mán. skilorðsb.	1) 1.100.000.- 1 og 2) in solidum fyrir hönd félagsins kr. 8.300.000.-	1) 7 mán. fangelsi
Mál nr. 345/1991 (Töggur hf)	Stjórnarformaður Tveir stjórnarmenn Deildarstjóri Lögmaður	1) Stjórnarformaður 2) Stjórnarmaður 3) Lögmaður 4) Stjórnarmaður	Gjaldþrot, Greiðslustöðvun Fjárdrátt, Fjársvik, Skilasvik, Söluskatt	1) 18 mán. óskilorðsb. 2) 5 mán. skilorðsb. 3) 3 mán. skilorðsb. Auk þess sviptur málflutningsleyfis í 6 mán. 4) Refsiákv. frestað í 3 ár.	1) 2.500.000.- 2) 300.000.-	1) 5 mán. fangelsi 2) 30 daga fangelsi
Mál nr. 136/1997 (Jarlinn hf.)	Stjórnarformaður Framkvæmdastjóri	1) Stjórnarformaður 2) Framkvæmdastjóri	Vanskil virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda.	1) 4 mán. skilorðsb. 2) 1 mán. skilorðsb.	1) 7.000.000.- 2) 500.000.-	1) 12 mán. fangelsi 2) 2 mán. fangelsi
Mál nr. 242/1999 (Vökvi hf.)	Stjórnarformaður/ Framkvæmdastjóri Stjórnarmaður	1)Stjórnarformaður/ Framkvæmdastjóri 2) Stjórnarmaður	Vanskil virðisaukaskatts, Bókhaldsóreiða, almenn hegningarlög	1) Nei 2) 3 mán. skilorðsb.	1) 300.000.- 2) 1.000.000.-	1) 45 dagar 2) 90 dagar
Hrd. mál nr. 419/2006 (A ehf.)	Tveir stjórnarmenn Framkvæmdastjóri	1) Stjórnarmaður 2) Stjórnarmaður 3) Framkvæmdastjóri	Vanskil virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda	1) 3 mán. skilorðsb. 2) 3 mán. skilorðsb. 3) 1 mán. skilorðsb.	1) 3.800.000.- 2) 3.800.000.- 3) 2.700.000.-	1) 84 dagar 2) 84 dagar 3) 68 dagar
Hrd. mál nr. 545/2006 (A ehf.)	Stjórnarformaður	1) Stjórnarmaður	Vanskil skilagreina og greiðslu opinberra gjalda	1) Nei	1) 1.500.000.-	1) 48 dagar
Hrd. mál nr. 385/2007 (Baugur hf.)	Forstjóri Aðstoðarforstjóri Viðskiptafélagi	1) Forstjóri 2) Aðstoðarforstjóri 3) Viðskiptafélagi	Bókhaldsbrot, almenn hegningarlög	1) 3 mán. skilorðsb. 2) 12 mán. skilorðsb. 3) 3 mán. skilorðsb.	Engar sektir	Engin vararefsing
Hrd. mál nr. 393/2008 (Rósvík ehf.)	Eigandi, framkvæmdastjóri, stjórnarformaður	1) Eigandi, framkvæmdastjóri, stjórnarformaður	Skilasvik, almenn hegningarlög	1) 8 mán. - skilorðsb.	Engar sektir	Engin vararefsing



Hrd. mál nr. 78/2010 (X ehf.)	Framkvæmdastjóri	1) Framkvæmdastjóri	Vanskil virðisaukaskatts, staðgreiðslu opinberra gjalda, röng tekjuskattskil, almenn hegningarlög	1) 10 mán. skilorðsb.	1) 42.000.000.-	1) 1 ár
Hrd. mál nr. 226/2010 (A ehf.)	Stjórnarformaður Stjórnarmaður/ framkvæmdastjóri	1) Stjórnarformaður 2) Stjórnarmaður/ framkvæmdastjóri	Vanskil virðisaukaskatts og staðgreiðslu opinberra gjalda, almenn hegningarlög	1) 18 mán. skilorðsb. 2) 18 mán. skilorðsb.	1) 104.000.000.- 2) 104.000.000.-	1) 12 mán. fangelsi 2) 12 mán. fangelsi
Hrd. mál nr. 325/2010	Starfsmaður	Héraðsd.ómerktur, niðurstaða enn óviss	Fjárdrátt			
Hrd. mál nr. 494/2010 (A ehf.)	Framkvæmdastjóri/ varamaður í stjórn	Sýkna				

Einkamál	Mál varðar:	Niðurstaða:
Mál nr. 5/1981 (Ferðaskrifstofan Sunna)	Framkvæmdastjóri undirritaði umboðssamning fyrir félag, ágreiningur um hvort félagið væri skuldbundið eða hann persónulega.	Félag sýknað í héraði - ekki áfrýjað. Framkvæmdastjóri sýknaður í Hæstarétti
Mál nr. 100/1988 (Frosti hf.)	Varðaði kröfu um ógildingu ákvörðunar stjórnar um sölu hlutafjár til ákveðins félags í eigu hluta stjórnarmanna og framkvæmdastjóra	Ekki fallist á kröfuna, álitnið að salan bryti ekki í bága við hagsmuni félagsins þó stjórnarmenn og framkvæmdastjóri hafi átt hagsmuna að gæta.
Mál nr. 384/1993 (Þorláksvör hf.)	Hvort stjórnarformaður og framkvæmdastjóri hafi farið út fyrir umboð sitt með því að veita banka ábyrgð fyrir greiðslum skulda annars félags.	Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri fór ekki út fyrir umboð sitt og félagið talið bundið af ábyrgðinni gagnvart bankanum.
Mál nr. 372/1996 (Brunnur hf.)	Starfsmaður átti forgangskröfu í þrotabú Brunns hf. Félagið var eignalaust vegna sölu eigna þess til félags tengdu eigendum skömmu fyrir gjaldþrotið. Fór starfsmaðurinn fram á skaðabætur frá stjórnarmönnum félagsins.	Stjórnarmennirnir og félag þeirra sem keypti eignirnar voru sameiginlega dæmd til greiðslu skaðabóta að fjárhæð um 400 þúsund krónur.
Mál nr. 405/1998 (Herrafatnaður ehf.)	Hluthafinn E í H ehf. krafðist slita á félaginu í kjölfar þess að vera meinaður aðgangur að aðalfundi félagsins þar sem eignum félagsins var ráðstafað.	Talið var að ákvæði um hluthafafund í ehfl. hafi verið brotin og krafa E um slit á félaginu var tekin til greina.
Mál nr. 206/1999 (Hafald hf.)	Aflahlutdeild var skilin frá bát án samþykkis veðhafa sem olli því að við nauðungarsölu fékkst einungis hluti upp í veðkröfu. Stjórnarformaður/framkvæmdastjóri og stjórnarmaður félagsins voru krafin um greiðslu bóta vegna þessa tjóns veðhafans.	Voru stjórnarformaður/framkvæmdastjóri og stjórnarmaður talin hafa brugðist skyldum sínum sem stjórnarmenn og voru dæmd til að greiða in solidum skaðabótakröfu veðhafa að fjárhæð 3.7 milljónir króna.
Mál nr. 334/1999 (Skjöldur ehf.)	Tryggingabréf með veði í húseign var gefið út til tryggingar skuldum við L banka. S ehf. Taldi S hef. að ekki hefði verið nægjanlegt að tveir stjórnarmenn samþykktu veðsetninguna, allir þrír stjórnarmenn hefðu þurft að undirrita skv. samþykktum S ehf. Í tilkynningu til hlutafélagaskrár kom fram að tveir stjórnarmenn rituðu firmað.	Taldi dómurinn að skv. auglýsingu í Lögbirtingablaði í samræmi við tilkynningu til hlutafélagaskrár hefðu grandlausir viðsemjendur mátt treysta því að tveir stjórnarmenn gætu skuldbundið félagið og var veðréttur L banka staðfestur.



Mál nr. 501/1999 (Gnípa ehf.)	G ehf. krafði íslenska ríkið um endurgreiðslu á jöfnunargjaldi vegna innflutnings á kartöflum sem Hæstiréttur hafði áður dæmt ólöglegt. Hafði G ehf. fengið kröfuna framselda frá Ga ehf. Fjárhæð kröfunnar var rúmar 60 milljónir króna.	Dómurinn taldi að framsalið væri óvenjuleg og mikilsháttar ráðstöfun sem stjórn hefði þurft að samþykkja og skrá í gerðabók. Ófullkomin gögn um framsalið leiddu til sýknu ríkisins af kröfum G ehf. vegna aðildarskorts félagsins.
Mál nr. 86/2000 (Víxlar-Dalshraun 15 ehf.)	S var varamaður í stjórn og starfsmaður D ehf. Hann undirritaði þrjá víxla fyrir hönd D ehf. sem fóru í þrot. krafði F ehf. S persónulega til greiðslu víxlanna á grundvelli ákvæða víxillaga um að sá sem án umboðs riti nafn sitt á víxil sé sjálfur skuldbundinn af víxlinum.	Dómurinn taldi ljóst að S hafi skort umboð þar eð stjórn D ehf. hafi ekki veitt honum prókúruumboð og var annar aðili skráður með prókúruumboð í hlutafélagaskrá. Yfirlýsing framkvæmdastjóra og prókúruhafa um umboð hans væru ekki fullnægjandi þar eð einungis stjórn gæti veitt prókúruumboð. Var S því dæmdur til greiðslu víxlanna að fjárhæð um fjórar milljónir króna.
Mál nr. 285/2000 (Gripið og greitt ehf.)	Hluthafinn J í GG ehf. Fékk tilboð í bréf sín og skv. samþykktum bauð hann stjórn að nýta forkaupsrétt sem hún ákvað að nýta ekki en upplýsti aðra forkaupsréttarhafa um tilboðið. X ehf. sendi GG ehf. Bréf um að félagið hygðist nýta forkaupsrétt. J seldi hinsvegar D ehf. og G ehf. bréf sín þar eð hann hafði ekki vitneskju um aðra áhugasama forkaupsréttarhafa. krafðist X ehf. að viðurkenndur yrði forkaupsréttur sinn.	Dómurinn sýknaði J, D ehf. Og G ehf. Af kröfum X ehf. Þar eð X hefði ekki beint tilkynningu sinni til bærs aðila. Stjórn félags ætti ekki að hafa milligöngu um tilkynningar á nýtingu forkaupsréttar og gæti því ekki takmarkað framsal J á bréfum sínum.
Mál nr. 550/2002 (Höfin sjö hf.)	Deilt var um gildi framsals framkvæmdastjóra og stjórnarformanns á tilboði H hf. í fasteign við nauðungarsölu. H hf. hafði gert tilboð í fasteign á nauðungarsölu en frestur til að greiða hluta söluverðsins nægði ekki til að fjármagna kaupin og framseldi framkvæmdastjórinn boðið til G til að komast hjá fjárútlátum vegna vanefnda.	Taldi dómurinn að framsalið hafi verið heimilt þrátt fyrir að tvo stjórnarmenn þyrfti til að skuldbinda félagið. Þó að um mikils háttar ráðstöfun væri að ræða var talið að framkvæmdastjórinn hefði haft umboð til þess að forða félaginu frá fjárhagstjóni vegna vanefnda.
Hrd. mál nr. 292/2003 (TL rúllur ehf.)	Protabú TL ehf. höfðaði skaðabótamál á hendur T hf. og H hf. vegna ákvörðunar stjórnar TL ehf. að ráðstafa eignum félagsins til hagsbóta fyrir T hf. og H hf. sem var móðurfélag TL ehf. Varð bú TL ehf. eignalaust við það.	Var talið að stjórnunarleg tengsl hefðu verið milli félaganna þannig að teknar hafi verið samræmdar ákvarðanir fyrir öll félögin og að ákvörðun um að nýta eignir TL ehf. til hagsbóta fyrir hin félögin hafi leitt til tjóns fyrir kröfuhafa TL ehf. voru T hf. og H hf. dæmd til greiðslu skaðabóta.
Mál nr. 60/2004 (Íslensk útivist hf.)	Við gjaldþrot Í hf. Skuldaði félagið A háar fjárhæðir vegna vöruúttekta. Fór A fram á skaðabætur frá stjórnarmönnum á þeim forsendum að viðskiptin hafi átt sér stað eftir að félagið var orðið ógjaldfært og skylda til staðar að gefa félagið upp til gjaldþrotaskipta.	Talið var að ekki væru til staðar gögn sem sýndu fram á að félagið hafi verið orðið ógjaldfært þegar viðskiptin áttu sér stað. Var málið því vanreifað að því leiti og var vísað frá dómi.
Mál nr. 7/2004 (Búvélur ehf.)	B ehf. Varð gjaldþrota og reyndist þrotabúið eignalaust. A sem átti kröfu á hendur B ehf. Fór fram á skaðabætur frá framkvæmdastjóra og stjórnarmanni B ehf. Á þeim grunni að vörur hafi verið pantaðar eftir að félagið var orðið ógjaldfært og því til staðar skylda stjórnarmanna að gefa búið upp til gjaldþrotaskipta. Bæri hann skaðabótaábyrgð á tjóni A.	Sýnt var fram á að skylda til að gefa búið upp til skipta hafi verið komin þremur mánuðum eftir að viðskiptin áttu sér stað en engin gögn sýndu fram á að það hefði átt að vera fyrr. Var málið vanreifað að því leiti og var vísað frá dómi.



Hrd. mál nr. 202/2008 (Rektor ehf.)	Framkvæmdastjóri gerði afleiðusamninga við M banka og setti bankainnistæðu að handveði. Stjórnarmaður taldi að framkvæmdastjóri hafi einn ekki haft heimild til að skuldbinda félagið á þennan hátt. Auk þess taldi hann afleiðuviðskipti ekki falla undir tilgang félagsins. krafðist R ehf. því endurgreiðslu frá M hf. á þeirri fjárhæð sem skuldfærð hafði verið af viðskiptareikningi félagsins.	Ekki kom skýrt fram í samþykktum að bæði stjórnarmaður og framkvæmdastjóri þyrftu að rita undir til að skuldbinda félagið því hafi prókúruumboð framkvæmdastjóra ekki verið takmarkað. Talið að afleiðuviðskipti féllu undir tilgang félagsins sem var m.a. kaup og sala verðbréfa. Var M banki því sýknaður af kröfum R ehf.
Hrd. mál nr. 678/2008 (Soffanías Cecilsson hf.)	Hluthafi í S ehf. krafðist þess að ógilt væri ákvörðun stjórnar um að veita framkvæmdastjóra umboð til að skuldbinda félagið með kaupum og sölum á viðskiptabréfum og heimild til lántöku því tengdu.	Taldi dómurinn að stjórnin gæti ekki veitt framkvæmdastjóra heimild til að rita firma og taka óvenjulegar eða mikils háttar ákvarðanir eða meta hvaða ákvarðanir flokkuðust sem slíkar. Stjórn væri óheimilt að framselja vald sitt og var umboðið dæmt ógilt.
Hrd. mál nr. 228/2009 (Glitnir hf.)	Hluthafi í G hf. Höfðaði mál til greiðslu skaðabóta vegna ákvörðunar stjórnar um að kaupa hlutabréf af einkahlutafélögum í eigu fyrrum forstjóra G hf. Á verði sem var hærra en meðalgengi í kauphöll á þeim tíma. Taldi hann að stjórn hefði þannig gegn ákvæðum hfl. um jafnræði hluthafa.	Komst dómurinn að þeirri niðurstöðu að þegar kaupin voru gerð hafi verið í gildi samþykkt hluthafafundar sem heimilaði stjórn að kaupa eigin hluti á ákveðnu hámarksverði sem mátti ekki vera hærra en 10% yfir markaðsverði í kauphöll. Voru ráðstafanir stjórnarinnar því taldar vera innan þeirra takmarka og voru stjórnarmennirnir því sýknaðir af kröfum hluthafans.

Kærumál	Mál varðar:	Niðurstaða:
Mál nr. 107/1981 (Stálvinnslan hf.)	Kærð var frávísun máls frá héraðsdómi. Málið varðaði riftunarkröfu stjórnar vegna vanefnda samnings um sölu á hlutabréfum í félaginu.	Stjórn var kjörin á aðalfundi sem var ólögmetur og hafði því ekki umboð til að vera í forsvari og málinu því vísað frá dómi og frávísun staðfest af Hæstarétti.
Mál nr. 315/1994 (Sýn hf.)	Lögbannskröfu um heimild til nýtingar atkvæðaréttar og ráðstöfun hlutafjareignar.	Lögbannskrafa samþykkt. Talið að krafa um hluthafafund til að fjalla um hlutafjársöluna væri réttmæt.
Mál nr.165/1998 (Nótt ehf.)	Kæra vegna gjaldþrotáúrskurðar byggðum á árangurslausu fjárnámi. Varamaður í stjórn var boðaður til gerðarinnar og lýsti hann því yfir að félagið ætti engar eignir.	Ekki þótti sýnt að aðalmaður í stjórn hafi verið forfallaður og hafði varamaður því ekki heimild til að koma fram sem fyrirsvarsmaður, því var tilkynningu um fjárnámið ekki beint að réttum aðila. Var beiðni um gjaldþrotaskipti því hafnað.
Mál nr. 464/1998 (Perla ehf.)	Kærður var frávísunarúrskurður héraðsdóms. Málið varðaði samning tveggja aðila Á og J sem ætluðu í sameiginlegan rekstur. J greiddi þó aldrei hlutaféð. Einnig var ágreiningur um framsal J á vörubifreið frá P ehf. til sín. En Á taldi J hafa valdið sér tjóni með ólögmetu framsali.	Talið var að J hafi brotið ákvæði ehfl. með samningagerð við sjálfan sig. Skaðabótakrafa Á var þó vanreifuð og tjón hans ekki skýrt. Því var málinu vísað frá héraðsdómi og það staðfest af Hæstarétti.



<p>Mál nr. 256/2001 (Lyfjaverslun Íslands hf.)</p>	<p>Ágreiningur var um ákvörðun stjórnar um að kaupa hlutafé í F ehf. og greiða fyrir með hlutabréfum í L hf. En hluthafar höfðu óskað eftir hluthafafundi til að fjalla um málefnið. Óskuðu hluthafar L hf. eftir lögbanni við því að hluthafinn sem þannig kom inn í félagið notfærði sér þann rétt sem fylgdi hlutafjáreign hans í L hf. auk banns við ráðstöfun þess hlutar. Sýslumaður synjaði um lögbann og synjun hans því borin undir héraðsdóm.</p>	<p>Héraðsdómur hafnaði því að fella úr gildi synjun sýslumanns. Hæstiréttur hinsvegar taldi að eftir að krafa um hluthafafund hafi verið borin fram á lögmætan hátt hafi stjórninni verið óheimilt að ákveða sjálf og ganga frá kaupum á öllu hlutafé í F ehf. Var því fallist á að fella synjunarúrskurðinn úr gildi og lögbann skyldi sett á ráðstöfun og nýtingu réttar vegna hlutabréfanna.</p>
<p>Mál nr. 178/2003 (Flugskólinn Flugsýn ehf.)</p>	<p>Kærð var ákvörðun um fjárnám hjá F ehf. Framkvæmdastjóri F ehf. hafði undirritað skuldabréf í nafni félagsins án þess að vísa til prókúrunnar. Vegna vanskila þess var gert fjárnám hjá F ehf. Sem bar fyrir sig að tvo stjórnarmenn hefði þurft til að skuldbinda félagið og vildi fá fjárnáminu hnekk.</p>	<p>Var talið að ekki hafi verið um óvenjulega eða mikils háttar ráðstöfun að ræða þannig að stjórn þyrfti að undirrita og að framkvæmdastjórinn hafi því haft heimild til að skuldbinda félagið þrátt fyrir að hafa láðst að vísa til prókúrunnar við undirritun. Var fjárnámið staðfest.</p>